16 Landbúnaðar- og handverks-sýning í Eyjafirði

24 Rannsaka manngerða hella

38 Hindber eru ofurfæða



Bændablaðið

14. tölublað 2016 • Fimmtudagur 21. júlí • Blað nr. 471 • 22. árg. • Upplag 32.000

Nú er hásumar og gróður jarðar dafnar vel, hvort heldur sem er nytjajurtir eða tegundir sem fáum verða að gagni. Hún Þórdís Erla Ólafsdóttir, 11 ára stúlka úr Árbænum, var á göngu í landi Keldna í Reykjavík á dögunum og faldi sig innan um risavaxnar súrur sem virðast í miklum vexti. Myndin er ein af hundruðum mynda sem hafa borist í leiknum „Sumarilmi“ þar sem fólk er hvatt til að festa sumarstemningu á mynd og merkja hana með #sumarilmur á Instagram. Myndirnar birtast á sumarilmur.is og veittir eru veglegir vinningar fyrir bestu myndirnar.
Mynd / Ásthildur Erlingsdóttir

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

Aðkallandi að bændur fái hækkun fyrir sínar afurðir

„Það eru þreifingar í gangi, en sláturleyfishafar hafa enn sem komið er lítið gefið upp. Við gerum kröfu um hækkun á afurðaverði og bendum á að sáralítið eða engin hækkun fékkst í fyrrahaust,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

LS sendi frá sér viðmiðunarverðskrá haustið 2014, hún var til þriggja ára og gildir til haustsins 2017. Í viðmiðunarverðskránni er gert ráð fyrir að bændur fái 25% hækkun á tímabilinu. „Þetta er það eina sem við getum gert, að senda út verðskrá til viðmiðunar, það er svo alveg undir hælinn lagt hvort farið er eftir henni. Fram til þessa hefur það ekki verið gert,“ segir hann.

Þórarinn Ingi Pétursson segir að allir í framleiðslukeðjunni verði að fá greitt fyrir sína vinnu. Mynd / TB

Sölukippur síðustu vikur

Þórarinn Ingi segir það ekki hafa farið framhjá sauðfjárbændum að sláturleyfishafar beri sig illa, afkoman á liðnu ári hafi víðast verið slæm. „Við merkjum það núna að hlutirnir færast upp á við, júní var mjög góður sölumánuður og raunar með þeim bestu. Þá hafa afurðastöðvarnar verið að taka sig á varðandi bæði markaðssetningu og vöruþróun og það hefur örugglega sitt að segja,“ segir hann.

Einn aðili af þremur fitnar

„Það gengur hins vegar ekki til lengdar að einn aðili af þremur í framleiðslukeðjunni fitni og hinir sitji eftir, það er öllum kunnugt að bændur og sláturleyfishafar hafa fengið lítið fyrir sinn snúð, en auðvitað er það svo að allir sem þátt taka verða að fá greitt fyrir sína vinnu, ekki bara einn aðili,“ segir Þórarinn Ingi og á þar við verslunina.

Hann segir orðið mjög aðkallandi að bændur fái afurðaverðshækkun og í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir vöru þeirra segði markaðslögmálið að hægt væri að greiða þeim hærra verð. Frumframleiðendurnir vilji fá sinn skerf af kökunni. Þeir framleiði hágæðavöru sem eftirspurn sé eftir. „Einhvers staðar virðist samt málið stranda og sláturleyfishafarnir bera sig mjög illa um þessar mundir.“

Of margir sláturleyfishafar

Þórarinn Ingi segir að ná þurfi fram enn meiri hagræðingu á sláturmarkaði en þegar er orðin. Hans mat er það að fækka megi sláturleyfishöfum, það séu of margir að sýsla með of lítið magn og selja í of fáar og stórar verslanir. „Það er örugglega hægt að gera þetta með hagkvæmari hætti sem yrði hagstæðara fyrir bændur og neytendur.“

Sláturleyfishafar eru á öndverðum meiði við Þórarin Inga og gefa flestir í skyn verðlækkanir í haust.

/MÞÞ

Sjá nánar bls. 2.

Breytingar á tollalögum og staðfesting samnings ESB og Íslands um viðskipti með landbúnaðarvörur:

Sóttvarnalæknir vill takmarka innflutning á búvörum

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur sent Alþingi athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur. Ekkert er fjallað um heilbrigðismál í tollalögunum.

Í athugasemdum sínum segir Þórólfur að rétt sé að vekja athygli á að samkvæmt sóttvarnalögum beri sóttvarnalæknir ábyrgð á opinberum sóttvörnum hér á landi undir yfirstjórn ráðherra og er heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Þórólfur Guðnason.

Á Íslandi hefur tíðni matarborinna sýkinga hjá mönnum og sýklalyfjaónæmi verið umtalsvert minna en í flestum nágrannalöndum. Með auknum innflutningi á ferskum landbúnaðarvörum, einkum alifuglakjöti, er hætt við að tíðni matarborinna sýkinga muni aukast hér á landi sem og útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería.

Ekkert fjallað um heilbrigðismál

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umfjöllunar er einungis fjallað um tolla og tollkvóta á landbúnaðarvörur til og frá Íslandi en ekkert beinlínis um heilbrigðismál sem snerta innflutning á ferskum landbúnaðarvörum.

Engu að síður er rétt að vekja athygli á því að aukinn innflutningur á ferskum landbúnaðarvörum hingað til lands getur haft í för með sér ákveðin heilbrigðisvandamál sem íslensk yfirvöld þurfa að vera meðvituð um og tilbúin að bregðast við.

Sýklalyfjaónæmar bakteríur mikil heilbrigðisógn

Samkvæmt áliti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins þá er útbreiðsla ýmissa sýkla og sýklalyfjaónæmra baktería ein helsta heilbrigðisógn sem steðjar að mönnum í heiminum í dag.

Margir þættir stuðla að útbreiðslu sýkla, sýklalyfjanæmra og -ónæmra, en einn þeirra er dreifing með ferskum matvælum, einkum fersku alifuglakjöti eins og bent er á í nýlegri skýrslu á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA).

Sóttvarnalæknir telur því mikilvægt að samningur Íslands við Evrópusambandið um viðskipti með ferskar matvörur taki mið af ofangreindum áhættum og að í honum verði sett ákvæði sem gefi Íslandi möguleika á að takmarka innflutning á vörum sem sýnt þykir að auka muni ógn við almennt heilbrigði hér á landi.

/VH

Fréttir

Haraldur Einarsson. Mynd / XB.is

Þingmaður gerist bóndi

Haraldur Einarsson alþingismaður, sem skipaði þriðja sæti á lista Framsóknarflokksins fyrir síðustu alþingiskosningar, hefur ákveðið að bjóða sig ekki fram í komandi kosningum. Haraldur og eiginkona hans, Birna Harðardóttir, hafa ákveðið að gerast bændur á Urriðafossi og ganga þar inn í búskap með foreldrum Haraldar.

„Foreldrar mínir eru með kúabú með rúmlega 50 kýr og einn mjaltaþjón. Okkur líst báðum vel á að hefja búskap," segir Haraldur, en Birna er úr Kópavogi, „og ég hef undanfarin tvö ár verið að kynna fyrir henni dásemdir sveitarinnar. Með góðum árangri greinilega. Okkur þykir báðum góður kostur að ala börnin upp í sveitinni."

Allir fara saddir og sælir af götumarkaðnum. Mynd /TB

KRÁS opnar á ný

KRÁS götumatarmarkaður í Fógetagarðinum í Reykjavík verður opnaður á laugardaginn kl. 13.00. Þar geta gestir og gangandi keypt mat af fjölmörgum veitingahúsum sem sýna það besta sem boðið er upp á í götumat. Í ár verður KRÁS opin alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 13.00–18.00. Síðasti markaðurinn verður 20. ágúst á Menningarnótt. Tilvalið fyrir þá sem eru á ferð í höfuðstaðnum að fá sér bita.

Viðskipti með greiðslumark

Ritað hefur verið undir breytingar á reglugerð um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Breytingin gengur út á að aðilaskipti að greiðslumarki sem fara fram á markaði í nóvember 2016 skuli taka gildi frá og með 1. janúar 2017. Á vef Landssambands kúabænda kemur fram að breytingarnar tryggi að unnið verði eftir fyrirkomulagi núverandi samnings um aðilaskipti að greiðslumarki út gildistíma hans. Það gerir bændum kleift að selja það greiðslumark sem þeir hafa þegar framleitt upp í á yfirstandandi verðlagsári.

Sumarlokun í Bændahöll

Skrifstofum Bændasamtaka Íslands var lokað vegna sumarleyfa starfsmanna í þessari viku. Þær verða opnaðar aftur mánudaginn 8. ágúst.

Starfsfólk Bændablaðsins verður að störfum yfir sumarlokunina. Auglýsendum er bent á að hringja í síma 563-0303 en ritstjóri er í síma 563-0332. Næsta Bændablað kemur út 11. ágúst.

Innfluttu grænmeti fylgir ákveðin hætta á tilteknum bakteríusýkingum segir prófessor í sýklafræði:

Íslenskum neytendum í hag að borða innlent grænmeti

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir sýklafræðideildar Landspítalans, segir að innflutningur á grænmeti sé áhættuþáttur þegar kemur að bakteríusýkingum. Hann segir íslenskum neytendum mjög í hag að borða íslenskt grænmeti.

Gríðarlegt magn af grænmeti er flutt til landsins á hverju ári og það kemur víðs vegar að úr heiminum. Vegna ónógra upprunamerkinga veit neytandi ekki alltaf hvort grænmeti sem flutt er hingað til lands sé ræktað í landinu sem það er flutt frá. Uppruninn getur hæglega verið í allt öðru landi.

Tvær hópsýkingar hér á landi

„Grænmeti er almennt holl vara og auðvitað á fólk að borða mikið af því. Hitt er svo annað mál að ekki er hægt að neita því að með innfluttu grænmeti fylgir ákveðin hætta á tilteknum bakteríusýkingum. Þar af leiðandi fylgir því meiri áhætta að neyta innflutts grænmetis en innlends."

Karl segir að hér á landi sé vitað um tvær hópsýkingar sem tengjast innfluttu grænmeti. „Í fyrra skiptið var um að ræða stærstu hópsýkingu af völdum salmonellu sem greinst hefur á Íslandi, hún var árið 2000 og var salmonellan fjölónæm. Í seinna skiptið var um að ræða hópsýkingu árið 2007 af völdum þarmasýkjandi E. coli-bakteríustofns sem veldur gjarnan blóðugum niðurgangi og getur jafnframt tengst nýrnabilun og dauða."

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði, segir að hættulegustu bakteríurnar sem geta borist með grænmeti séu E. coli. Mynd / VH

Sýkt vatn

„Við vitum að víða erlendis er notað endurunnið vatn til að vökva grænmeti en ekki hreint og drykkjarhæft lindarvatn eins og hér á landi. Rannsóknir sýna að það gengur illa að losna við sýklalyfjaónæmar bakteríur í endurvinnsluferlinu og eðlilegt að hafa áhyggjur af því að sýklalyfjaónæmar bakteríur geti borist í og með salati sem er vökvað með vatni úr endurvinnslustöð," segir Karl

Upprunamerkingar mikilvægar

„Vitandi þetta finnst mér vera íslenskum neytendum mjög í hag að borða íslenskt grænmeti ef þeir hafa kost á því. Ég tel einnig mikilvægt að neytendur séu vel upplýstir um kosti þess að borða grænmeti sem er ræktað innanlands og á sama tíma að innflutt grænmeti sé merkt upprunalandinu.

Upprunamerkingar á grænmeti eru mikilvægar til þess að upplýsa neytendur. Mynd / TB

Við höfum því miður enga tryggingu fyrir því að grænmeti eða önnur matvæli sem eru flutt inn frá, segjum Danmörku, séu upprunnin þar. Maturinn getur allt eins verið kominn frá Indlandi, Kína eða Taílandi.

Auk þess er fáránlegt að það megi merkja innflutt matvæli eins og kjöt sem íslenskt sé það unnið hér á landi og þannig blekkja neytendur.

Annað sem einnig er vert að hafa í huga er kolefnisfótsporið sem augljóslega fylgir því að flytja vörur eins og grænmeti langar leiðir milli landa."

Dauðsföll vegna sýktra baunaspíra

Karl segir að hættulegustu bakteríurnar sem geta borist með grænmeti og hafa reyndar gert það séu þarmasýkjandi E. coli. „Sem dæmi má nefna að árið 2011 kom upp hópsýking í Þýskalandi og Frakklandi sem olli dauða margra einstaklinga vegna nýrnabilunar. Sýkingin var að lokum rakin til fjölónæmrar E. coli-bakteríu í baunaspírum sem voru ræktaðar í Evrópu upp af fræjum frá Egyptalandi."

Engin trygging að skola grænmetið

„Grænmeti mengast auðveldlega af bakteríum séu þær til staðar í vökvunarvatni og ekki síður ef notaður er lífrænn ómeðhöndlaður áburður. Þegar þannig grænmeti er borðað ferskt er möguleiki á sýkingu eða að fá í sig ónæmar bakteríur. Auðvitað er kostur að skola grænmetið fyrst og það dregur úr áhættunni en það er samt engin trygging fyrir því að bakteríurnar skolist burt."

Karl segist undanfarið hafa talað við garðyrkjubændur. „Mér skilst á þeim að með velvilja og stuðningi þá gætum við verið okkur næg með ræktun á helstu tegundum grænmetis til innanlandsneyslu, sem væri mjög gott út frá lýðheilsufræðilegu sjónarmiði."

/VH

Sláturleyfishafar hafa ekki birt verðskrár fyrir haustið 2016:

Afleit afkoma og lækkun liggur í loftinu

Enn hafa sláturleyfishafar ekki birt það verð sem þeir ætla að bjóða bændum fyrir afurðir sínar á komandi hausti. Að sögn sláturleyfishafa er afkoma flestra afleit af margvíslegum ástæðum. Lækkandi verð er á hliðarafurðum, grimm samkeppni á innanlandsmarkaði með tilheyrandi verðstríði og lækkandi verði og þá hefur það verð sem fæst fyrir útflutning einnig lækkað. Engar upplýsingar fengust í samtölum við sláturleyfishafa um hvenær verðskrár fyrir haustið 2016 verða birtar, en lækkun liggur í loftinu.

Gríðarleg hagræðing hjá sláturleyfishöfum

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs á Kópaskeri, segir að samþykkt hafi verið á aðalfundi félagsins nú nýverið að trúlega þurfi að lækka verð til bænda á komandi hausti. „Við höfum ekki gefið út verðskrá, en það verður gert þegar nær dregur haustinu," segir hann. Afkoma fyrirtækisins var ekki góð á liðnu ári og kemur þar ýmislegt til, lækkandi verð á hliðarafurðum, verðstríð á mörkuðum innanlands sem leiðir til þess að verð er of lágt, þá hafi laun hækkað og verð fyrir útflutning fari óðum lækkandi. „Þetta samanlagt er helsta ástæða neikvæðrar niðurstöðu," segir Björn Víkingur. „Það er svo að sláturleyfishafar hafa þurft að hagræða gríðarlega í sínum rekstri undanfarin ár og greinilegt að verð til bænda er orðið of hátt miðað við það verð sem fæst fyrir vöruna á markaði. Við höfum ekki nú þau stýritæki í rekstri sem við höfðum hér áður fyrr," segir Björn Víkingur. Á fundinum var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 50 milljónir króna.

Afkoman óviðunandi

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að ekki sé búið að taka ákvörðun um verð í komandi sláturtíð. „Afkoma af slátrun og vinnslu sauðfjár var óviðunandi árið 2015 hjá okkur og reyndar öllum öðrum líka. Hvort sú staðreynd valdi verðlækkun í haust liggur ekki endanlega fyrir," segir hann.

Verðskrá fyrir sauðfjárafurðir liggur ekki fyrir hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga og segir Magnús Freyr Jónsson framkvæmdastjóri að engin ákvörðun hafi heldur verið tekin um hvenær slík skrá verði birt. Verið sé að skoða málið. „Það hefur engin ákvörðun verið tekin um hvenær ákvörðun um verðskrána verður tekin," segir hann.

Grimm samkeppni

„Verð hefur ekki verið ákveðið né heldur hvenær verð verður birt, svo ég get ekkert sagt um þetta," segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS. Hann segir stöðu mála á markaði bæði góða og slæma. Ágætis sölutíðindi hafi verið á innanlandsmarkaði en verð sé þar lágt. Víða erlendis sé staðan hins vegar slæm og verðið hafi lækkað í kjölfar þess að íslenska krónan hefur styrkst. Fram kemur í ársskýrslu SS fyrir liðið ár að grimm samkeppni ríki milli framleiðenda á innanlandsmarkaði og í vaxandi mæli við erlenda aðila vegna aukins innflutnings. Innflutningur á kjöti hefur verið umtalsverður og gera má ráð fyrir að með fríverslunarsamningi muni hann aukast á næsta ári. Helsta vörn SS og landbúnaðarins alls sé að hagræða með öllum tiltækum ráðum.

Þrátt fyrir ágæta sölu á lambakjöti innanlands síðustu mánuði telja sláturleyfishafar lítið svigrúm til verðhækkana til bænda. Mynd / BBL

Stöndum frammi fyrir erfiðum ákvörðunum

Gera má ráð fyrir einhverjum lækkunum á verði til bænda á komandi hausti, að því er fram kemur í fréttabréfi KS frá því í vor. „Við höfum ekki tekið ákvörðun um hvenær við birtum verð, það er verið að fara yfir þetta þessa dagana," segir Ágúst Andrésson, framkvæmdastjóri KS. Hann nefnir að meginástæða hækkana undanfarinna ára á afurðaverði til bænda hafi verið vegna þess að gott verð hefur fengist fyrir hliðarafurðir, náðst hafi að bæta nýtingu þeirra og auka þar með verðmætasköpun. „Núna er þetta alls ekki fyrir hendi og það er mikið högg á tekjulindina sem þýðir að endurskoða þarf verð til bænda með tilliti til þessa," segir hann.

Ágúst segir að sala á lambakjöti innanlands hafi gengið ágætlega, en það megi m.a. þakka góðu veðri og stemningu í kringum EM, fleiri voru í grillhug og hafi sala á slíku kjöti gengið ágætlega. Þá velji æ fleiri erlendir ferðamenn lambakjöt á diska sína.

„Launakostnaður hefur hækkað gríðarlega og þessar afurðir þurfa að hækka út á markað. Tap hefur verið á sauðfjárslátrun undanfarið og það gengur ekki til lengdar. Allt útlit er fyrir að erfitt verði að koma rekstrinum í jafnvægi á þessu ári. Það er því ljóst að menn standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum þegar kemur að verðlagningu á sauðfjárafurðum í haust," segir Ágúst.

/MÞÞ

KÁLFASÝNING
HRÚTASÝNING
DÝRAGARÐUR
VÉLASÝNING
AFÞREYING FYRIR BÖRNIN
HANDVERKSSÝNING
OPIN BÚ
KVÖLDVAKA OG MARGT FLEIRA

SveitaSæla 2016

Kjörið tækifæri til að kynnast íslenskum landbúnaði!

Landbúnaðarsýning og bændahátíð

13. ágúst í Reiðhöllinni Svaðastaðir, Skagafirði

Sýningin er opin frá 10:00 - 17:30 og er aðgangur ókeypis • Kvöldvaka frá kl. 19:30

Þar koma saman allir þeir sem að vilja gera sér glaðan dag og hafa gaman!

NÝPRENT ehf

Búgreinafélögin í Skagafirði
Búnaðarsamband Skagfirðinga
Flugu kf.
Skagafjörður

NÁNARI DAGSKRÁ MÁ FINNA Á www.svadastadir.is

ALLT HEFST MEÐ

NESCAFÉ

Fréttir

Útgjöld fjölskyldunnar á Karlsstöðum vegna lagfæringa á bifreiðum nema vel á aðra milljón króna eftir akstur á stuttum malarvegskafla í botni Berufjarðar, dekk springa, fjaðrabúnaður eyðileggst sem og lakk.
Myndir/ Svavar Pétur Eysteinsson

Óviðunandi ástand á malarvegi í Berufirði:

Brýnt að laga veginn áður en meiri skaði hlýst af

– segir Svavar Pétur Eysteinsson á Karlsstöðum

Ástandið á þessum vegarkafla er algjörlega óviðunandi og við munum halda ótrauð áfram að berjast fyrir úrbótum þar til eitthvað verður gert og hann lagaður. Sem stendur er allt í lás en það er brýnt að eitthvað verði gert svo ekki hljótist af meiri skaði en orðinn er," segir Svavar Pétur Eysteinsson á Karlsstöðum í Berufirði um stuttan vegkafla fyrir botni fjarðarins. Hann er tæplega 5 kílómetra langur og ómalbikaður, einungis möl „og ógeð" eins og hann orðar það.

Svavar segir að síðast nú á mánudag hafi orðið alvarlegt slys á þessum vegkafla þegar Land Rover-bifreið valt og farþegar slösuðust umtalsvert. Um árin hafa orðið fjölmörg slys meðal annars af völdum útafaksturs á þessum vegkafla sem valdið hafa slysum á fólki og tjóni á bifreiðum.

Svavar Pétur Eysteinsson.

Alvarlegt umferðarslys varð á malarkaflanum nýlega, en eins og sést á myndinni er þessi kafli ekki vænlegur til aksturs.

Þrjóska og heimska banvæn blanda

Svavar segir að til hafi staðið í 18 ár að gera úrbætur á þessum kafla, en ekki tekist, „en þar fer saman þrjóska og heimska, sem er banvæn blanda og gerir að verkum að þetta vandræðaástand hefur verið viðvarandi hér um slóðir allan þennan tíma," segir hann og bætir við að samkvæmt nýjustu upplýsingum standi til að hefjast handa við lagfæringar á næsta ári og ljúka þeim árið 2018. „En það eru bara orð, sem þó vonandi standa," segir hann. Af og til er vegurinn heflaður en sækir í sama farið um leið og fer að rigna.

Ekki er að sögn Svavars við Vegagerðina að sakast í þessum efnum, þar á bæ segir hann menn sýna málinu skilning og vilja til að laga ástandið. Langvarandi deilur milli landeigenda og sveitarfélags um nýtt vegstæði hafa valið nær tveggja áratuga töfum á útbótum og þar standi hnífurinn í kúnni.

Rugl að tefja þetta ár eftir ár

„Það er bara rugl að tefja þetta mál ár eftir ár af því menn koma sér ekki saman um vegstæði fyrir nýjan veg. Það verður að laga þann sem fyrir er þar til hitt málið er í höfn," segir Svavar. Fjölskyldan fer um veginn svo til daglega og hefur orðið fyrir tjóni upp á vel á aðra milljón króna eftir akstur um hann, dekk springa, fjaðrabúnaður eyðileggst og lakk svo dæmi séu tekin. „Börnin okkar fara um þennan veg á hverjum virkum degi allt skólaárið og okkur er eðlilega annt um að þau komist klakklaust í sinn skóla, en það er alls ekki sjálfgefið þegar fara þarf um þennan veg," segir hann. */MÞÞ*

Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur og verkefnastjóri hjá ASÍ:

Lögbrot að reka efnahagslega starfsemi með sjálfboðaliðum

– íslenskir atvinnurekendur ekki barnanna bestir

Ólaunuðum starfsmönnum, hvort sem þeir kallast sjálfboðaliðar eða starfsnemar, hefur fjölgað hratt síðustu misseri í íslensku atvinnulífi. Mest ber á slíku í ferðaþjónustu, landbúnaði og við barnagæslu og heimilisaðstoð. Ásókn erlendra ungmenna í sjálfboðaliðastörf hér á landi er einn fylgifiskur þess að Ísland er komið á kortið sem ferðamannaland. Þetta segir Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur og verkefnastjóri hjá Alþýðusambandi Íslands, en hún starfar meðal annars við átakið „Einn réttur, ekkert svindl" sem ætlað er að vinna gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

„Í þessum töluðu orðum eru 167 auglýsingar þar sem íslenskir atvinnurekendur auglýsa eftir sjálfboðaliðum virkar inni á þeirri vefsíðu sem mest er notuð, 79 á annarri en síðurnar eru fleiri og þá eru ótaldar Facebook-síður og hópar eins og Farm and au-pair jobs in Iceland og fleiri. Í sumum tilfellum reka fyrirtæki sig eingöngu á sjálfboðaliðum og eru jafnvel með vel á annan tug ólaunaðra starfsmanna í vinnu," segir Dröfn og ítrekar að sjálfboðastörf og önnur ólaunuð störf í efnahagslegum tilgangi séu lögbrot. Dæmi eru um að atvinnurekendur óski eftir fólki og lofi þeim 4–5 tíma vinnudegi fimm daga vikunnar. Að sögn stéttarfélaga sem hafa fengið mál sem þessi inn á borð til sín er það sjaldnast það sem bíður fólksins.

„Ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði, í hagnaðarskyni og oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi, felur í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og stenst hvorki kjarasamninga né lög. Það telst varla eðlilegt að atvinnurekendur byggi samkeppnisforskot sitt á launalausum starfsmönnum. Það keppir enginn við fyrirtæki sem sleppa við allan launakostnað auk þess sem grafið er undan kjörum launþega í landbúnaði og ferðaþjónustu og eru launin í þessum greinum ekki há fyrir," segir hún.

Samkvæmt lagabókstafnum eru sjálfboðaliðastörf einungis réttlætanleg þegar um störf fyrir mannúðareða hjálparsamtök er að ræða, störf sem annars væru ekki unnin. Um öll önnur störf gilda ákvæði kjarasamninga, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks, sem segja að kjarasamningar eru lágmarkskjör samkvæmt lögum og samningar um lakari kjör eru ógildir.

Dröfn Haraldsdóttir.

Ungt fólk í ævintýraleit

„Atvinnurekendur brjóta því meðvitað og ómeðvitað lög í landinu með því að vera með ólaunaða starfsmenn og þau erlendu ungmenni sem ráðin eru á slíkum forsendum eru yfirleitt í ævintýraleit og gera sér enga grein fyrir því að verið sé að brjóta á þeim," segir Dröfn.

Alþýðusamband Íslands hefur undir merkjum verkefnisins „Einn réttur, ekkert svindl!" unnið að því að upplýsa og leiðbeina atvinnurekendum um hvað á við þegar ráðnir eru erlendir starfsmenn. Margs konar misskilningur og fáfræði virðist vaða uppi þó eðlilegt sé að gera þá kröfu á þá sem standa í rekstri og ráða til sín erlenda starfsmenn að þeir kynni sér þau lög og reglur sem um slíkt gilda að sögn Drafnar. Á vef ASÍ, asi.is, má nálgast bæklinginn „Ráðning erlendra starfsmanna".

Getur verið dýrkeypt að hafa ólöglegan vinnukraft

„Margir atvinnurekendur telja sig vera að gera þessu unga fólki mikinn greiða og skilja ekki hvert vandamálið er því fólkið er svo ánægt og hrifið af landinu. Oft heyrum við að sjálfboðaliðarnir séu bestu starfsmenn sem viðkomandi hafi haft. Yfirleitt eru sjálfboðaliðarnir hvergi skráðir, eru ekki með kennitölu, alveg ótryggðir sem getur reynst dýrkeypt ef slys verða á vinnustað. Nokkur fjöldi þessara starfsmanna er frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og þarf því atvinnuleyfi til að starfa hér á landi. Ekki eru greiddir skattar fyrir fæði og húsnæði sem yfirleitt er eina greiðslan fyrir vinnuna. Í flestum tilfellum eru þessir starfsmenn því ekki bara launalausir heldur réttindalausir, algerlega upp á vinnuveitanda sinn komnir," segir Dröfn.



Íslenskir atvinnurekendur auglýsa eftir sjálfboðaliðum á fjölmörgum vefsíðum.

Starfsnemar koma ekki í stað annarra starfsmanna

Sem viðbrögð við neikvæðri umræðu um sjálfboðaliða virðist færast í vöxt að kalla ólaunaða starfsmenn „starfsnema". Starfsnemar eiga að vera í námi og ekki er ætlast til þess að þeir vinni einir eða beri ábyrgð, segir Dröfn.

„Starfsnemar geta því aldrei komið í stað eða gengið í störf annarra starfsmanna. Langt í frá öll fyrirtæki geta tekið á móti starfsnemum og er eðlilegt að þau sem slíkt gera hafi viðeigandi viðurkenningu menntamálayfirvalda. Það þarf að vera fyrir hendi faglærður leiðbeinandi sem hefur fengið þjálfun í leiðbeiningu nýliða. Það verður að vera fyrir hendi samningur milli viðkomandi skóla og fyrirtækis þar sem m.a. er tekið til tímalengdar samningsins, starfskjara nemans, trygginga og réttinda."

Leitið til viðurkenndra vinnumiðlana

Sumir atvinnurekendur hafa borið því fyrir sig að það sé erfitt að fá starfsfólk eins og atvinnuástandið er um þessar mundir. Dröfn nefnir í því sambandi að Vinnumálastofnun reki evrópska vinnumiðlun, EURES, sem hefur í gegnum tíðina miðlað fjölda fólks bæði í landbúnaðarstörf og ferðaþjónustu hér á landi. EURES veitir aðgang að starfsfólki frá öllu Evrópska efnahagssvæðinu sem telur í kringum 500 milljónir manns.

Nánari upplýsingar

Ítarefni um ráðningar starfsfólks og sjálfboðaliðastörf má meðal annars finna á vef Bændasamtakanna, bondi.is, og á vef Alþýðusambandsins, asi.is. Um árabil hafa Bændasamtök Íslands og samtök launþega gert með sér samninga um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum. Bændasamtökin hafa hvatt félagsmenn sína til að kynna sér vel á bondi.is þá kjarasamninga og reglur sem gilda hverju sinni og tryggja þannig að þessi mál séu í góðum farvegi.

/TB

Dæmi um auglýsingar á vefnum

„Verk sem sjálfboðaliðinn þarf að sinna: Garðyrkja, passa börn, elda, sinna viðhaldi, vinna búverk, hjálpa til við húsverkin, aðstoða ferðamenn og gesti, kenna tungumál og fleira. Vinna 4–5 klukkustundir á dag, fimm daga vikunnar."

Sjálfboðaliði óskast á tjaldsvæði: „Gistiaðstaðan er í tjaldi á tjaldsvæðinu. Við getum útvegað þér tjald og svefnpoka ef þú átt ekki slíkan búnað. Klósett- og sturtuaðstaða fyrir hendi sem þér er velkomið að nota. Frjáls aðgangur að þvottavél og geymslu. Þú færð morgunmat og hádegismat (aðallega samlokur og salat) á hosteli við hliðina á tjaldstæðinu. Á miðvikudögum borða starfsmennirnir heitan hádegismat saman. Að auki hefur þú aðgang að körfu með fötum og mat sem skilinn hefur verið eftir af gestum, í fínu lagi."

„Mig vantar aðstoð við hefðbundið viðhald á býlinu, aðstoð með kindurnar og enskukennslu. Þú færð herbergi út af fyrir þig og að sjálfsögðu með rúmi. Það eru þrjár máltíðir á dag og tveir kaffitímar. Þar sem þetta er sveitabær er alltaf nóg að borða. Vinnutími er í mesta lagi fimm klukkustundir á dag, fimm daga vikunnar."

„Við erum með 36 mjólkandi kýr og 160 geldneyti. Að auki 2 hross, 60 kindur, 40 hænur, 3 ketti, 1 hund og 7 börn (tvö flutt að heiman). Vinnutími 4–5 klukkustundir á dag, fimm daga vikunnar (umsemjanlegt). Getum haft tvo sjálfboðaliða í einu."

Það er ekkert gagn af ónýtri girðingu

Væri ekki betra að fjarlægja hana?

Eftirtalin sveitarfélög standa fyrir hvatningarátaki til hreinsunar á ónýtum girðingum í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Austurlands - NAUST

Hornafjörður
Tengiliður: Birgir Árnason, bæjarverkstjóri, s. 470-8027 / 895-1473.

Djúpavogshreppur
Tengiliður: Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri s. 470-8701 / 843-9889 og sveitarstjori@djupivogur.is.

Breiðdalshreppur
Tengiliðir: Sif Hauksdóttir (sif@breiddalur.is) og Hermann Arnþórsson hjá áhaldahúsinu s. 470-5576 / 899-5406 og ahaldahus@breiddalur.is

Fjarðabyggð
Tengiliður: Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri Fjarðabyggðar, s. 470-9065 og anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is.

Seyðisfjarðarkaupstaður
Tengiliður: Gunnlaugur Friðjónsson, bæjarverkstjóri, s. 470-2350 og ahaldahus@sfk.is.

Fljótsdalshérað
Tengiliður: Freyr Ævarsson, verkefnastjóri umhverfismála, s. 694-6339.

Vopnafjarðarhreppur
Tengiliður: Yfirmaður þjónustumiðstöðvar, s. 473-1423.

Fyrir upplýsingar um þá þjónustu sem hvert sveitarfélag býður upp á: www.nattaust.is

NAUST

KÄRCHER®



Vatnsdælur

Ryksugur

Gólfþvottavélar

Sópar

Háþrýstidælur fyrir heimilið

Stillingar í handfangi

Þegar gerðar eru hámarkskröfur

Gufudælur

Háþrýstidælur

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 9.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 4.950 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Tjörvi Bjarnason (ábm.) tjorvi@bondi.is og Hörður Kristjánsson hk@bondi.is – **Sími:** 563- 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Kjör bænda

Hin eilífa umræða um kaup og kjör heldur áfram. Búvörusamningarnir eru akkeri bænda í rekstrinum og tryggja að hér sé framleiddur matur fyrir neytendur. Eftir margra mánaða yfirlegu og undirskriftir tveggja ráðherra og forsvarsmanna bænda eru þeir ekki enn í höfn. Aðrir hópar í samfélaginu hafa fengið miklar launahækkanir en allt gengur af hjörunum þegar röðin kemur að bændum að ræða sín kjör. Öllu er hrært saman í einn graut og umræðan beinist meðal annars að samkeppnismálum og glórulausum starfslokasamningum við forstjóra þar sem tölurnar eru svo háar að venjulegt fólk botnar ekkert í þeim.

Umfjöllun um lágt afurðaverð og slæm kjör bænda er ekki ný af nálinni. Í áratugi er það nánast alltaf sami söngurinn. Neytendur vilja ekki borga mikið fyrir matinn, afurðastöðvar greiða lágt innleggsverð og hinn frægi „vatnshalli“ er í hverjum einasta samningi sem bændur gera við hið opinbera. Verslunin liggur undir grun um að gleypa of stóran bita af kökunni en auðvitað þræta forsvarsmenn hennar fyrir það. Eftir situr bóndinn með hálftóma vasa.

Hagræðingarkrafan er endalaus á sama tíma og auknar kröfur eru gerðar í rekstrarumhverfi bænda. Sem betur fer hefur aukin tæknivæðing í landbúnaði og þekking orðið til þess að auka framleiðni síðustu ár. En það er aldrei nóg.

Það er fróðlegt að fletta upp í Tímarit.is og skoða gamlar fréttir um kjarabaráttu bænda. Kunnugleg stef er víða að finna.

Fyrir 30 árum vildu menn gera átak og efla byggðir í sveitum með atvinnuátaki. Morgunblaðið segir frá því að átakið eigi að vega upp á móti samdrætti í hefðbundnum landbúnaði. Áherslu eigi m.a. að leggja á aðstoð til fjölþættari búskapar, fjárhagslega úttekt á stöðu bænda, ráðgjöf, skipulegt átak til markaðsöflunar fyrir búvörur og framlengja búvörusamninga um tvö ár.

Fyrir 40 árum sagði í fylgiriti Morgunblaðsins að landbúnaður væri að mestu takmarkaður við innlendan markað, að því er matvælaframleiðslu snertir og því lítið svigrúm til framleiðsluaukningar. Aukin framleiðni myndi leiða til fækkunar mannafla í landbúnaði nema útflutningur yrði aukinn. Lausnin væri að auka framleiðni og lækka framleiðslukostnað afurðanna. Full ástæða væri til að leita nýrra leiða í landbúnaði, nýta betur vannýtt framleiðslutækifæri á láglendi og breyta búskaparháttum.

Árið 1976 var fyrirsögn í Alþýðublaðinu: **„Kjör bænda þrengjast.“** Undirtitillinn var „Sunnlenzkir bændur bjóða gagnrýni velkomna en fordæma sleggjudóma.“ Vísað var til fjölmenns bændafundar sem haldinn var að Hvoli á Hvolsvelli að frumkvæði nokkurra bænda. Tilgangur hans var að treysta samstöðu í kjaramálum og vera upphafið af öflugri mótmælaöldu um allt land gegn kjaraskerðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Fundurinn stóð yfir í 7 klst. og haldnar voru um 30 ræður. Meðal annars var þessi ályktun samþykkt: „Fundur sunnlenzkra bænda, haldinn að Hvoli 30. nóv. 1976, ályktar mjög þær árásir á stefnu og starfshætti landbúnaðarins, sem birzt hafa í fjölmiðlum. Átelur og mjög þá mistúlkun og rangfærslur, sem virðast settar fram í þeim tilgangi einum að sanna neytendum, að landbúnaðarframleiðslan sé baggi á þjóðarbúinu. Jafnframt lýsir fundurinn því yfir, að heilbrigð gagnrýni, byggð á þekkingu en án fordóma, getur aldrei skaðað neinn atvinnuveg og fagnar hverjum þeim, sem bent getur á leiðir til farsællar lausnar á þeim vanda, sem við er að glíma hverju sinni. Hún verður ætíð til framdráttar þjóðinni í heild.“

Og nú er spurt eins og Jónas orti forðum: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“

/TB

Ljúkum afgreiðslu samninga

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Landbúnaður skiptir miklu fyrir íslenskt samfélag. Í fyrsta lagi er hann mikilvæg atvinnugrein sem þúsundir Íslendinga byggja lífsafkomu sína á. Í öðru lagi sér hann íslenskum heimilum fyrir heilnæmum búvörum sem hafa ekki verið framleiddar með mikilli lyfjagjöf eða öðrum hjálparefnum, sem algeng eru í innfluttum landbúnaðarvörum. Í þriðja lagi gegnir landbúnaður lykilhlutverki við að treysta byggð í landinu, sem meðal annars skiptir miklu máli fyrir ferðaþjónustuna. Í fjórða lagi þá er mjög mikilvægt út frá umhverfissjónarmiðum að matvæli séu framleidd sem næst neytendum til þess að hægt sé að lágmarka allan útblástur vegna vöruflutninga sem er mikilvægur liður í því að berjast gegn hlýnun jarðar.

Það er nokkuð árvisst að landbúnaðarmál koma til umræðu á sumrin. Á því varð engin breyting nú, þegar að bæði forsetakjörið og Evrópumótið í knattspyrnu karla voru afstaðin. Þess var að vænta í ljósi þess að enn er ekki ljóst með afgreiðslu Alþingis á búvörusamningum um starfsskilyrði landbúnaðarins. Bændur undirrituðu samningana í febrúar sl. og samþykktu þá með atkvæðagreiðslu í mars. Fyrir hönd ríkisins undirrituðu samningana fjármálaráðherra og þáverandi landbúnaðarráðherra, nú forsætisráðherra. Samningarnir eiga að taka gildi um næstu áramót, en til þess þarf samþykki Alþingis. Umfjöllun um málið hefur síðan blandast umræðu um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að leggja að nýju sekt á Mjólkursamsöluna vegna viðskipta á árunum2008–13. Það mál er langt því frá útkljáð. Mjólkuriðnaðurinn og verðlagning á mjólk eru hins vegar aðeins eitt atriði af fjölmörgum í búvörusamningunum. Vissulega hefur MS ákveðna undanþágu frá samkeppnislögum, en á móti þá ræður fyrirtækið hvorki verðinu sem það greiðir bændum fyrir mjólk, eða heildsöluverði helstu framleiðsluvara sinna. Undanþágan er því miklum takmörkunum háð, meðal annars er kaupskylda á mjólk um allt land og skylda til að selja mjólkurafurðir hvert á land sem er á sama verði.

Hvaða tillögur eru aðrar uppi?

Sumir sem um samningana hafa rætt vilja hafna þeim, en leggja fátt til um hvað koma beri í staðinn. Enda er gagnrýnin á ákaflega mismunandi forsendum. Sumir telja að samningarnir gangi alltof skammt. Helst ætti að afleggja allan stuðning við landbúnað, einkum þó tollverndina. Frá hinum vængnum kemur síðan gagnrýni um að það sé ekki nægilega mikil miðstýring. Stýra þurfi hvar ákveðnar búgreinar séu stundaðar og hefja aftur framleiðslustýringu í sauðfjárrækt til að ná því fram að engar sauðfjárafurðir séu fluttar út, sem hafi hugsanlega verið framleiddar með opinberum stuðningi. Þau sjónarmið hafa líka heyrst að fyrirhugaðar breytingar í samningunum séu alltof miklar og ekki sé nægilega stutt við bakið á greinum sem verða harðast fyrir barðinu á afleiðingum tollasamnings Íslands og ESB, sem einnig liggur fyrir Alþingi. Útilokað er að verða við öllum þessum athugasemdum því þær eru ósamrýmanlegar. Samningarnir voru ákveðin niðurstaða sem náðist eftir 42 funda samningalotu sem stóð í nærri hálft ár. Bændur hefðu gjarnan viljað sjá ýmsa hluti öðruvísi og fulltrúar ríkisins örugglega líka. Það er aldrei svo í samningaviðræðum að allir fái sínu framgengt. En bændur standa við þá niðurstöðu sem samið var um og samþykkt hefur verið.

Aðalatriðið fyrir íslenskan landbúnað er að tryggja byggð í landinu, störf í landbúnaði og framboð heilnæmra búvara á sanngjörnu verði. Ef Alþingi hefur hugmyndir um breytingar til að styrkja þessi atriði, getur það alveg verið jákvætt. En sjónarmið eru verulega mismunandi eins og að framan greinir. Ef Alþingi ætlar sér hins vegar að breyta samningunum verulega, þarf að sjálfsögðu að setjast að samningaborðinu á ný. Það sjá það allir í hendi sér að ef annar samningsaðili gjörbreytir samningi eftir undirritun þarf að fara yfir samninginn á ný. Þá þurfa bændur að greiða aftur atkvæði um samninginn, ef hann breytist, því þá er það einfaldlega annar samningur en þeir greiddu atkvæði um.

Stuðningur við landbúnað fer lækkandi

Í lok samningstímans verða framlög ríkisins svipuð upphæð á föstu verðlagi og árið 2016. Miðað við að hagvöxtur verði áfram meiri en verðbólga er ljóst að stuðningur við landbúnað sem hlutfall af landsframleiðslu mun áfram lækka. Væri það hlutfall það sama nú og fyrir 30 árum værum við að tala um 100 milljarða stuðning á ári. Nýir fjármunir koma inn fyrstu árin vegna nýrra verkefna og aukinnar áherslu á almennari stuðning. Á móti kemur 8,1% hagræðingarkrafa á samningstímanum.

Stærstur hluti þeirra fjármuna sem renna úr ríkissjóði vegna búvörusamninganna fara í raun beint í vasa almennings. Framlag ríkisins er niðurgreiðsla sem miðar að því að lækka verð á íslenskum landbúnaðarafurðum til neytenda. Með þessum hætti er íslenskum bændum sköpuð aðstaða til að framleiða heilnæmar landbúnaðarafurðir á sanngjörnu verði.

Samningarnir marka landbúnaðarstefnu

Eitt af meginmarkmiðum í samningagerðinni var að leggja niður kvótakerfi í mjólk og greiðslumarkskerfi í sauðfjárrækt. Tilgangurinn með því er að létta kostnaði við kaup á þessum réttindum af greinunum. Markmiðið er að gera nýliðun og kynslóðaskipti auðveldari og beina þunga stuðningsins til þeirra sem eru að framleiða á hverjum tíma.

Í samningunum er lögð aukin áhersla á lífræna framleiðslu, velferð dýra, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu. Sérstakt verkefni kemur inn í samninginn um stuðning við skógar-bændur til að auka virði skógarafurða. Um leið er kveðið á um annað nýtt verkefni um mat á gróðurauðlindum sem ætlað er til frekari rannsókna á landi sem nýtt er til beitar. Jafnframt verða möguleikar á fjárfestingastyrkjum í svínarækt fyrri hluta samningstímans til þess að hraða umbótum sem bæta aðbúnað dýra. Jarðræktarstuðningur er aukinn verulega og gerður almennari. Hægt verður að styðja betur við ræktun, þar með talið ræktun matjurta sem er nýjung. Um leið verður tekinn upp almennur stuðningur á ræktarland sem er ekki bundinn ákveðinni framleiðslu. Þá er stuðningur tekinn upp við geitfjárrækt, sem ekki hefur verið áður.

Í samningunum er kveðið á um endurskoðanir árin 2019 og 2023. Það er gert til að bregðast við þróun og meta hvernig markmið nást. Gangi þau ekki eftir er hægt að bregðast við og stjórnvöld sem verða við völd á hverjum tíma geta lagt fram sínar áherslur. Gert er ráð fyrir að bændur kjósi um niðurstöðu þeirra endurskoðana eins og þeir gerðu fyrr á þessu ári. Það er því ekki búið að læsa neinu í tíu ár, en það er mörkuð ákveðin stefna.

Ísland er land þitt

Fossinn Dynjandi í Dynjandisá er 100 m hár foss í Arnarfirði á Vestfjörðum Íslands. Fossinn kemur ofan af Dynjandisheiði og fyrir neðan hann er einnig eyðibýli sem heitir Dynjandi, en vogurinn úti fyrir heitir Dynjandisvogur. Á bjargbrún er fossinn 30 metra breiður en 60 metra breiður neðst. Fleiri fossar eru í fossaröðinni. Fossinn var friðlýstur árið 1980. Hann hefur af sumum verðið nefndur Fjallfoss, en heimamenn frábiðja sér slíka nafngift. Mynd / HKr.

Efst á baugi

Úrskurður Samkeppniseftirlitsins á hendur MS:

Fráleitur málatilbúnaður

– segir stjórnarformaður Auðhumlu

Egill Sigurðsson, bóndi á Berustöðum og stjórnarformaður Auðhumlu, stærsta eiganda Mjólkursamsölunnar, segir að í sjálfu sér komi úrskurður Samkeppniseftirlitsins sér ekki á óvart þrátt fyrir að málið sé allt fráleitt að sínu mati.

„Næsta skref af okkar hálfu er að borga sektina og áfrýja síðan málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og til þess höfum við, að mér skilst, mánuð. Áfrýjunarnefndin áskilur sér síðan rétt til að kveða upp úrskurð á sex til átta vikum ef ég man rétt. Við bindum sterkar vonir við að úrskurður áfrýjunarnefndar verði okkur í hag.

Mér er reyndar alveg óskiljanlegt hvernig stendur á því að Samkeppniseftirlit hækkaði sektina um 110 milljónir, eða úr 370 milljónir í 480 milljónir. Hluti af þeirri niðurstöðu skilst mér að felist í því að þeir telja að við höfum leynt fyrir þeim gögnum sem er gersamlega fráleitt að okkar mati. Það er og hefur alltaf verið hagur MS að niðurstaða fengist í þessu máli sem fyrst.“

Ólík túlkun á samspili búvöru- og samkeppnislaga

„Úrskurður Samkeppniseftirlitsins snýst um ólíka túlkun okkar og þeirra á samspili búvöru- og samkeppnislaga. Við teljum okkur vera í samstarfi við ákveðin fyrirtæki og að innan þess samstarfs höfum við leyfi til að miðla mjólk á öðru verði en til ótengdra aðila.

Samkeppniseftirlitið er á öðru máli og túlkun þess er meira að segja farin að ganga svo langt að þeir tala um að Mjólkursamsalan selji sjálfri sér hrámjólk á undirverði.

Raunin er reyndar sú að MS kaupir alla mjólk af bændum á fyrirfram ákveðnu verði sem er ákveðið af verðlagsnefnd. Þeirri mjólk er svo miðlað til framleiðslu á mismunandi mjólkurvörum innan MS og samstarfsaðila og gefa vörurnar mismikið af sér.

Ef eitthvað af hrámjólkinni fer út úr því samstarfi ber hún verð sem einnig er ákveðið af verðlagsnefnd.

Egill Sigurðsson, bóndi á Berustöðum og stjórnarformaður Auðhumlu. Mynd / HK

Samkeppniseftirlitið vill ekki viðurkenna þetta fyrirkomulag og hefur aldrei gert það,“ segir Egill. Samt hefur komið fram hjá þeim í fyrri umsögnum að þeir líta á MS og KS sem einn aðila á markaði.

Verðlagningu til þriðja aðila breytt

Egill segir að Mjólkursamsalan telji sig í einu og öllu hafa starfað innan þess ramma sem henni er markaður og að á því sé enginn vafi. „Það hefur aldrei verið ætlun okkar að vinna utan þess ramma.“

Verðlagsnefnd breytti verðlagningu á hrámjólk til þriðja aðila eftir úrskurð Samkeppniseftirlitsins 2014 en áður var bara um eitt verð að ræða fyrir mjólk í lausu máli.

Grunnhyggin umræða

Egill segir að kostnaður við að safna mjólk og birgðahald á henni sé töluverður. „MS er skyldug til að taka við allri mjólk og alltaf en kostnaðurinn við slíkt er töluverður. Satt best að segja er umræðan í kringum þessi mál svo grunnhyggin að maður á hreinlega erfitt með að trúa því að hún eigi sér stað. Heyrst hafa raddir sem vilja aðskilja mjólkursöfnun og innvigtun frá vinnslunni en ég er ekki viss um að það séu margir sem myndu vilja taka söfnunina að sér eina og sér. Með því væri ekki lengur skylda neinnar vinnslu að kaupa aðra mjólk en hver hefði þörf fyrir hverju sinni. Mjólk er viðkvæm vara sem verður að komast í vinnslu innan ákveðins tíma og í dag ber Mjólkursamsalan ábyrgð á því.“

60 milljóna króna tap á viðskiptunum við Mjólku

Að sögn Egils hefur ekki oft komið fram að Mjólkursamsalan tapaði rúmum 60 milljónum á viðskiptum sínum við Mjólku 1, eða fyrirtæki Ólafs Magnússonar.

„MS seldi honum hrámjólk á fimmtán mánaða tímabili fyrir 210 milljónir og inni í þeirri upphæð voru 17 milljónir sem var álagning okkar vegna flutnings, gæðaprófana og annars kostnaðar af okkar hálfu. Á bændaverði hefði þessi mjólk kostað 193 milljónir. Ólafur greiddi okkur aftur á móti einungis 150 milljónir þannig að MS varð af rúmum 60 milljónum í þeim viðskiptum.

Eftir á að hyggja tel ég að kúabændur megi alveg skamma okkur í stjórn MS fyrir hvað við vorum liðlegir við Ólaf og að lána honum ígildi fjögurra mánaða viðskipta. Við gáfum honum því í raun fjögurra mánaða úttekt. Við vildum svo sannarlega að reksturinn gengi hjá honum og tókum hann of trúanlegan um að reksturinn myndi rétta úr kútnum. Sem ekki var raunin og því sátum við uppi með tapið þrátt fyrir að Ólafur þvertaki fyrir það.

Líklega hafa það verið mistök hjá okkur að fara ekki með Mjólku 1 í gjaldþrotaskipti en mat okkar á þeim tíma var svo að það væri ekkert upp úr því að hafa,“ segir Egill Sigurðsson, stjórnarformaður Auðhumlu.

/VH

Skógarleikarnir haldnir í Heiðmörk:

Keppt í axarkasti og tálgað í tré

Það var góð stemning í Heiðmörk á laugardaginn var þegar Skógræktarfélag Reykjavíkur hélt Skógarleikana í annað sinn. Um 400 manns mættu á svæðið og nutu dagskrár og góða veðursins.

Nokkrir af færustu skógarhöggsmönnum Suður- og Vesturlands öttu kappi í aflraunum ýmiss konar, svo sem axarkasti, bolahöggi og afkvistun trjábola. Valdór Bóasson, formaður Félags trérennismiða á Íslandi, sá um að leiðbeina við tálgun og var mikill áhugi unga fólksins á hans starfi. Einar Gunnar Sigurðsson eldsmiður kynnti sitt fallega handverk og smíðaði um 100 laufblöð sem hann gaf krökkunum. Grillað var yfir varðeldi og gestir gátu smakkað hið rómaða ketilkaffi.

Kynslóðirnar skemmtu sér saman á Skógarleikunum.

Þorsteinn B. Friðriksson sigraði axarkastið. Myndir / TB

Að klifra í trjám er góð skemmtun en ekki alveg hættulaus.

Unga fólkið naut leiðsagnar Valdórs Bóassonar við tálgun.

MÆLT AF MUNNI FRAM

158

Þá er komið að framlagi Gunnarsstaðabóndans, **Jóhannesar Sigfússonar** sem hann flutti gestum á hagyrðingakvöldi Karlakórs Eyjafjarðar þann 23. apríl sl. í Laugaborg. **Jói** kom hóflega vel undirbúinn til samkomunnar, með afurðir sínar í lúinni stílabók en með blýantsstubb til að fylla inn í óort efnistök sem virtust öllu fleiri en færri. **Birgir** spurði **Jóhannes** líkt og aðra við borðið, hvernig honum litist á hagyrðingahópinn, þrjá Suður-Þingeyinga, einn Norður-Þingeying og svo Húnvetninginn **Pétur** frá Höllustöðum?

Suður-þingeysk þrenning hér,
það er svipuð blanda
og þegar vatni ausið er
útí góðan landa.

Jóa var svo uppálagt að yrkja ítarlegar um þessa þrjá S-Þingeyinga:

Þeir á sér hafa ofurtrú;
aðeins þó ég nefni
að margoft yrkir maður nú
um merkilegra efni.

Samanburður okkur á
í augu virðist stinga.
Það er ekki sjón að sjá
Suður-Þingeyinga.

Birgir spyr **Jóhannes:** „Hvað finnst þér athyglisverðast þegar þú lítur í spegil?

Ef lít ég í spegil ég læt hann nú vera,
en langar þó mest til að brjót´ann.
Mér finnst bara ekkert fyndið að gera
fallegan mann svona ljótan.

Fréttir bárust svo af tilraun fjármálaráðherra og konu hans til að kynna sér opin hjónabönd á internetinu. „ Hvað finnst þér **Jóhannes** um slíkt uppátæki?

Að ósekju Bjarni í brunninn datt
er brá hann sér upp af fletinu
og ætlaði að leggja skemmtanaskatt
á skyndikynni á netinu.

Til munu dæmi þess, einkum meðal ferðalanga frá Austurlöndum fjær, að bílstjórar í norðurljósaskoðunarferðum séu beðnir um að stoppa augnablik meðan efnað væri í eitt skáeygt eintak. Slíkur krógi væri líklegur til að skara framúr á heimsvísu. Hvað telur bóndi **Jóhannes** hæft í þessari bábilju?

Ýmislegt menn geta gert,
gerist mikill losti.
En það er ekki öfundsvert
í átján gráðu frosti.

Því næst spyr **Birgir Jóhannes** hvern hann kysi helst sem næsta forseta að Bessastöðum:

Pétur vin minn vil ég fá,
vel mun hann sig standa.
Og bændur gætu bruggað þá
Bessastaðalanda.

Hvort kysir þú heldur, að vera róni eða gleðikona?

Að vera róni virðist mér
vera kostur betri.
Einkum þegar frítt ég fer
á fyllirí með Pétri.

Ert þú góður dansari **Jóhannes**?

Dável ég á feti fer
með fótaburð í lagi.
En í dansi aftur er
eins og naut í flagi.

Næst spyr **Birgir Jóhannes**: „Ef þú lentir í því ævintýri að endurfæðast, og að fenginni reynslu yrði þér leyft að kjósa þér starfsvettvang í nýju lífi, hvert myndi verða þitt val og hvers vegna?“

Endurfæðing engin kvöl
yrði á nýjum brautum.
Ef að maður ætti völ
á öðrum sessunautum.

Úr hópi hagyrðinganna er svo **Jóhannesi** falið að velja einn til að dæma í fegurðarsamkeppninni Ungfrú Ísland:

Til þess Hjálmar fremst er fær,
fagurkeri mestur.
En verði líka að þukla þær
þá er Árni bestur.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttaskýring

Tilefni, aðdragandi og niðurstaða rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á MS:

Mismunandi verð á hrámjólk

Fyrir tveimur árum var Mjólkursamsölunni gert samkvæmt úrskurði Samkeppniseftirlitsins að greiða 370 milljóna króna sekt vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sinni. Sú ákvörðun var felld úr gildi af áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Í framhaldi af því lagði áfrýjunarnefndin fyrir Samkeppniseftirlitið að taka á ný afstöðu til málsins þar sem MS hafði lagt fyrir nefndina ný gögn, sem ekki höfðu verið afhent eftirlitinu við meðferð málsins.

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem kynnt var 7. júlí sl. er lokið þeirri rannsókn sem áfrýjunarnefnd mælti fyrir um. Niðurstaða samkeppniseftirlitsins var að hækka beri sekt Mjólkursamsölunnar um 110 milljónir, eða í 480 milljónir króna.

Höfuðstöðvar Samkeppniseftirlitsins. Eftirlitið taldi ný gögn sýna að salan á hrámjólk á lágu verði til KS væri aðgerð sem miðaði að því að veikja Mjólku sem keppinaut eða koma félaginu út af markaði. Mynd / TB

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

MS með afar sterka stöðu

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að ógerilsneydd mjólk sé grundvallarhráefni við framleiðslu á hvers kyns mjólkurvörum. Verðlagning og aðgangur að þessu hráefni skiptir því mjög miklu máli fyrir öll fyrirtæki sem framleiða og selja mjólkurvörur.

Mjólkursamsalan er eina fyrirtækið hér á landi sem selur hrámjólk í heildsölu til annarra mjólkurvöruframleiðenda, ásamt því að nýta hana til eigin framleiðslu.

MS er í afar sterkri stöðu á íslenskum mjólkurmarkaði og tekur við um 90% af þeirri hrámjólk sem bændur framleiða. Til viðbótar er MS í nánum tengslum við næststærsta fyrirtækið á mjólkurmarkaði, Kaupfélag Skagfirðinga (KS). Eru þessi fyrirtæki saman nánast einráð í mjólkurviðskiptum hér á landi.

Mjólka, hér eftir nefnd Mjólka I, var keppinautur MS og KS fram til ársloka 2009 en þá tók KS fyrirtækið yfir. Hefur það síðan starfað undir sama nafni sem dótturfélag KS, hér eftir nefnd Mjólka II. Stofnandi Mjólku I hóf ásamt öðrum á árinu 2010 rekstur á nýju fyrirtæki á mjólkurmarkaði, Mjólkurbúinu Kú ehf. - Mjólkurbúið.

Sendi reikning fyrir mistök

Í árslok 2012 varð Mjólkurbúið þess áskynja að félagið þurfti að greiða umtalsvert hærra verð fyrir hrámjólk en keppinauturinn Mjólka II. Þetta varð Mjólkurbúinu ljóst þegar MS fyrir mistök sendi félaginu reikning fyrir kaup á hrámjólk sem ætlaður var Mjólku II. Þetta leiddi til þess að í upphafi árs 2013 beindi Mjólkurbúið kæru til Samkeppniseftirlitsins og rannsókn málsins hófst.

Var til skoðunar hvort MS hefði á árunum 2008 til 2013 misnotað markaðsráðandi stöðu gagnvart annars vegar Mjólku I og hins vegar Mjólkurbúinu.

370 milljóna króna sekt

Í september 2014 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun í málinu og komst að þeirri niðurstöðu að MS hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína og raskað samkeppni á umræddu tímabili. Leiddi rannsóknin í ljós að Mjólka I og síðar Mjólkurbúið höfðu þurft að greiða allt að 17% hærra verð fyrir hrámjólkina en það verð sem KS og Mjólka II greiddu. Verðmunurinn var allt að 21% þegar horft er til þess verðs sem framleiðsludeild MS greiddi fyrir hrámjólkina.

Taldi Samkeppniseftirlitið hæfilegt að leggja á MS 370 milljóna króna sekt vegna þessara brota.

Málið lagt fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála

MS skaut ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem kvað upp úrskurð í málinu þann 16. desember 2014. Fyrir áfrýjunarnefnd lagði MS í fyrsta sinn fram tiltekið gagn, samkomulag við KS frá 15. júlí 2008. Taldi MS þetta gagn hafa mikla þýðingu og sýna að aðgerðir félagsins væru lögmætar.

Undir rannsókn málsins hjá Samkeppniseftirlitinu hafði MS hins vegar aldrei vísað til eða greint eftirlitinu frá þessu samkomulagi, þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hefði ítrekað óskað eftir skýringum og gögnum frá MS vegna umræddrar verðlagningar á hrámjólk.

Skortur á haldbærum skýringum

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála bað MS að útskýra af hverju samkomulagið hefði ekki verið lagt fyrir Samkeppniseftirlitið. Niðurstaða nefndarinnar var að MS hefði ekki sett fram haldbærar skýringar á því aðgerðarleysi félagsins. Taldi nefndin einnig að MS hefði heldur ekki gefið haldbærar skýringar á því hvers vegna grundvallargögn um efndir samkomulagsins og uppgjör hefðu ekki verið lögð fram við meðferð málsins hjá áfrýjunarnefndinni.

Áfrýjunarnefnd ófært að taka efnislega afstöðu

Þrátt fyrir framangreint taldi áfrýjunarnefnd samkeppnismála sér skylt á grundvelli rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar að koma málinu í þann farveg að upplýst sé um þessi atriði og að nefndinni væri ófært að taka efnislega afstöðu til málsins. Sagði nefndin ekki komist hjá því að ógilda hinn kærða úrskurð Samkeppniseftirlitsins og leggja fyrir eftirlitið að taka á ný afstöðu til málsins að undangenginni frekari rannsókn og að fengnum sjónarmiðum er varða þýðingu samningsins á milli áfrýjanda og KS frá 15. júlí 2008, uppgjöri á milli aðila hans og efndum á því tímabili sem meint brotastarfsemi stóð yfir.

Rannsókn hafin að nýju

Ný rannsókn Samkeppniseftirlitsins hófst 19. desember 2014 og að lokinni gagnaöflun var MS sent andmælaskjal 22. október 2015 þar sem frumniðurstöðu eftirlitsins var lýst. Athugasemdir MS við andmælaskjalið bárust eftirlitinu 12. janúar 2016. Í kjölfar þess var frekari gagna og sjónarmiða aflað. Ákvörðun liggur nú fyrir.

Ný ákvörðun

Samkvæmt nýrri ákvörðun tekur Samkeppniseftirlitið aftur afstöðu til aðgerða MS að undangenginni frekari rannsókn í samræmi við fyrirmæli áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er í hnotskurn sú að hin nýju gögn sýna að brot MS á samkeppnislögum er enn alvarlegra en lagt var til grundvallar í hinni eldri ákvörðun.

Í hinni nýju ákvörðun er staðfestur framangreindur verðmunur á hrámjólk til annars vegar Mjólku I og Mjólkurbúsins og hins vegar til MS sjálfrar, KS og Mjólku II. Einnig liggur fyrir að ólíkur kostnaður eða önnur málefnaleg rök gátu ekki réttlætt þennan verðmun. Sýnt er fram á að í raun seldi MS til KS og Mjólku II hrámjólk á verði sem stóð ekki undir kostnaði MS af

Samkeppniseftirlitið og Mjólkursamsalan:

Úrskurður Samkeppniseftirlitsins og viðbrögð MS

Samkeppniseftirlitið hefur gert Mjólkursamsölunni að greiða 480 milljóna króna stjórnvaldssekt vegna alvarlegra brota á samkeppnislögum að mati eftirlitsins. MS hyggst áfrýja ákvörðun samkeppniseftirlitsins og segir hana byggja á rangri túlkun á samspili samkeppnislaga og búvörulaga.

MS misnotaði markaðsráðandi stöðu sína að mati eftirlitsins

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að MS hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að selja keppinautum sínum grundvallarhráefni til framleiðslu á mjólkurvörum á óeðlilega háu verði á sama tíma og MS sjálft og tengdir aðilar fengu þetta hráefni á mun lægra verði, og að auki undir kostnaðarverði. Í úrskurðinum segir að þetta hafi verið til þess fallið að veita MS og tengdum aðilum verulegt samkeppnisforskot gagnvart keppinautum.

Með þessu móti var geta keppinauta til þess að keppa við MS og tengd félög skert með alvarlegum hætti, en það er til þess fallið að skaða á endanum hagsmuni neytenda og bænda.

Þá liggur fyrir að mati Samkeppniseftirlitsins að MS hafi veitt eftirlitinu rangar upplýsingar og látið undir höfuð leggjast að upplýsa það um mikilvæg gögn. Hefur það tafið úrlausn málsins og skaðað samkeppni.

Forsvarsmenn Mjólkursamsölunnar telja að lög hafi ekki verið brotin. Hluti af starfsemi mjólkuriðnaðarins sé undanþeginn afmörkuðum ákvæðum samkeppnislaga. Markmiðin eru m.a. að lækka kostnað við framleiðslu mjólkurafurða, til ábata fyrir neytendur. Mynd / BBL

Í fréttatilkynningu frá MS vegna úrskurðar Samkeppniseftirlitsins segir meðal annars að samkvæmt ákvörðun löggjafans sé hluti af starfsemi mjólkuriðnaðarins undanþeginn afmörkuðum ákvæðum samkeppnislaga. Markmið þess er að lækka kostnað við framleiðslu mjólkurafurða, til ábata fyrir neytendur. Skipulag starfsemi MS og tengdra aðila hefur grundvallast á þessu.

Samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins telur stjórnvaldið að miðlun MS á hrámjólk hafi fallið utan þess samstarfs sem búvörulög heimila. MS telur þá túlkun ekki standast skoðun og mun æðra stjórnvald nú skera úr um þetta álitaefni.

Í fréttatilkynningunni segir einnig að til þess að hægt sé að tala um að fyrirtækjum sé mismunað í viðskiptum, líkt og MS er gert að sök, verði að vera um að ræða sambærileg viðskipti en með mismunandi kjörum. Um það var ekki að ræða.

Viðskiptin voru annars vegar hrein og skilmálalaus sala á hrámjólk til þriðja aðila og hins vegar miðlun á tilteknu magni hrámjólkur milli samstarfsaðila með skýrum skilmálum um til hvers hráefnið skyldi nýtt og hvert væri hámarksmagn, allt á grundvelli ákvæða búvörulaga.

Þetta telur MS ekki unnt að leggja að jöfnu og því hafi ekki verið um mismunun að ræða. Af þeirri ástæðu telur fyrirtækið ljóst að það braut ekki samkeppnislög.

Rangar upplýsingar frá MS

Samkvæmt úrskurði Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir að MS hafi veitt Samkeppniseftirlitinu rangar upplýsingar og látið undir höfuð leggjast að upplýsa eftirlitið um mikilvæg gögn og að það hafi tafið úrlausn málsins og skaðað samkeppni.

Skýringar sem MS hefur gefið á mismunandi verðlagningu á hrámjólk til annars vegar tengdra og ótengdra aðila hafa bæði verið á reiki og rangar að því sem segir í úrskurðinum.

Upphaflega gaf MS þá röngu skýringu að verðið á hrámjólk til hinna ótengdu aðila væri í samræmi við heildsöluverð sem verðlagsnefnd búvara hefði ákveðið.

Verðlagsnefndin upplýsti hins vegar Samkeppniseftirlitið um að hún hefði ekki á rannsóknartímabilinu ákveðið heildsöluverð á hrámjólk. Verðið sem MS kaus að miða við var heildsöluverð sem nefndin ákvað á unninni vöru, það er að segja gerilsneyddri nýmjólk. Með öðrum orðum seldi MS hinum ótengdu keppinautum hið mikilvæga hráefni á verði sem miðaðist við unnar mjólkurvörur. Með þessu móti voru hinir ótengdu keppinautar knúnir til að greiða tvisvar sinnum fyrir sömu kostnaðarliðina við frumvinnslu mjólkurinnar og hafði það augljós skaðleg áhrif á getu þeirra til að keppa.

MS gaf þá skýringu að sala á hrámjólk á hinu lága verði til tengdra aðila væri svonefnd verðtilfærsla sem búvörulög heimila. Síðar sagði MS að þetta hefði ekki verið verðtilfærsla.

Grundvallarsjónarmið MS til stuðnings því að aðgerðir félagsins hafi verið lögmætar hafa byggst á 71. gr. búvörulaga og umræddu samkomulagi við Kaupfélag Skagfirðinga frá 2008. Búvörulög veita afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimild til þess að skipta með sér verkum í hagræðingarskyni. MS hefur ítrekað staðhæft að í þessari samvinnu við KS hafi falist að framleiðsla á framlegðarháum mjólkurvörum hafi flust frá KS til MS og KS einbeitt sér að framleiðslu á framlegðarlágum vörum. Til þess að þessi verkaskipting væri raunhæf hefði þurft að bæta KS framlegðartapið sem af þessu leiddi og það hefði verið gert með því að selja KS hrámjólkina á hinu lága verði. Sú sala var samkvæmt MS órjúfanlegur hluti af verkaskiptingu sem löggjafinn hafi heimilað.

Í úrskurði segir að rannsókn

viðskiptunum. Ef KS og Mjólka II hefðu þurft að borga sama verð og keppinautar þeirra fyrir hrámjólk frá MS þá hefði hráefniskostnaður þeirra verið um 239 milljónum kr. hærri en ella á árunum 2008 til ársins 2013.

Til stuðnings því að aðgerðir MS hafi ekki raskað samkeppni hefur félagið ítrekað haldið því fram að Mjólka I hafi verið mjög illa rekin og það sé ástæða þess að eigendur félagsins seldu það til KS á árinu 2009. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er hins vegar sýnt fram á að ef framleiðsludeild MS hefði staðið frammi fyrir sama hráefnisverði og Mjólka I þá hefði sú starfsemi MS verið rekin með umtalsverðu tapi.

Gert til að veikja Mjólku I

Ný gögn sýna, að mati Samkeppniseftirlitsins, að salan á hrámjólk á hinu lága verði til KS var aðgerð sem miðaði að því að veikja Mjólku I sem keppinaut eða koma félaginu út af markaði.

Mjólka I hafði náð nokkrum árangri í að selja rifost og veitt að því leyti nokkra samkeppni. MS og KS ákváðu að KS skyldi einbeita sér að framleiðslu á rifosti í samkeppni við Mjólku I og fengi félagið hrámjólkina á hinu lága verði.

Þegar MS síðan hækkaði verulega verð á hrámjólk til Mjólku I um mitt ár 2009, en verðið til KS og MS sjálfrar stóð í stað, hrökklaðist Mjólka I út af markaði og KS tók fyrirtækið yfir. Þegar samkeppnisaðhaldinu frá Mjólku I var þannig lokið skipulagði MS hækkun á rifosti og var ágóða af þeirri hækkun skipt á milli MS og KS, segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Samkeppniseftirlitsins sýni að þetta er að öllu leyti rangt hjá MS. Gögn frá KS sýna að hið öndverða gerðist. KS hætti framleiðslu á framlegðarlágum vörum og jók framleiðslu á framlegðarháum vörum, meðal annars rifosti. Þegar litið er til heildaráhrifa má sjá að framlegð KS varð mun meiri en MS á rannsóknartímabilinu. Engin þörf var á að bæta KS upp framlegðartap. Helsta réttlæting MS á aðgerðum sínum byggist því á röngum staðhæfingum um staðreyndir málsins að mati eftirlitsins.

MS aldrei leynt upplýsingum

Þessu er mótmælt í fréttatilkynningu Mjólkursamsölunnar og þar segir að árétta beri að MS hefur hvorki fyrr né síðar leynt nokkrum þeim upplýsingum eða gögnum sem Samkeppniseftirlitið hefur óskað eftir. Í máli þessu var frá öndverðu upplýst um samstarf MS og KS. Ályktanir Samkeppniseftirlitsins um þetta eru því ekki á rökum reistar.

Í tilkynningu MS segir jafnframt um ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að fyrirtækinu sé gert að greiða 440 milljóna króna vegna brots gegn 11. gr. samkeppnislaga að með hliðsjón af atvikum málsins telji MS að fjárhæð sektarinnar sé í engu samræmi við eðli hins meinta brots.

Jafnframt segir að MS hafði engan ásetning um hið meinta brot. Fyrirtækið hefur ávallt, vegna undanþáguheimildar búvörulaga, lagt ríka áherslu á að starfa í hvívetna í samræmi við samkeppnislög, þegar ákvæði þeirra eiga við, og eiga með reglubundnum hætti samtal við Samkeppniseftirlitið um markaðsfærslur sínar.

Aukabúnaður á mynd: Framlyfta og framaflúrtak

DEUTZ-FAHR Agrotron 6150.4 C-Shift - sívinsæl og klassísk dráttarvél

C-SHIFT útgáfan er búin rafskiptingu á öllum gírum. Engin eiginleg gírstöng og aldrei þarf að kúpla til þess að skipta um gír.

Við bjóðum nú takmarkaðan fjölda DEUTZ-FAHR Agrotron 6150.4 á sérstöku kynningarverði.

Helsti búnaður:

4 strokka, 4 lítra DEUTZ mótor	120 L/mín Load Sensing vökvadæla
153 hö, 605 Nm	Power Beyond vökvatengi
C-SHIFT rafskipting, 6 gírar, 4 milligírar	Rúmgott og glæsilegt hús með loftkælingu
Sjálfskiptimöguleikar	Farþegasæti og drykkjakælir
Skriðgír	4 hraða aflúrtak (540/540e/1000/1000e)
Aðgerðaminni	Lyftigeta á afturbeisli: 9.200 kg.
Fjaðrandi framhásing og fjaðrandi hús	Dekkjastærð: 540/65R24 að framan, 600/65R38 að aftan.
50 km/klst akstursbraði	
Stoll FZ45 ámoksturstæki með dempara, vökvaskóflulás, 3 sviði og 2,40 m Heavy Duty Skóflu.	

Allt þetta og meira til á sérstöku kynningarverði:

Kr. 13.500.000,-
án VSK

ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

Fréttir

Breskt fyrirtæki vill fá íslenska bændur til að rækta „habanero“-eldpipar.
Mynd / 101habaneros.wordpress.com

Nýjungar í ræktun:

Vill kaupa eldpipar frá Íslandi

Breskt fyrirtæki, sem kallast George Holland ltd., hefur áhuga á samstarfi við íslenska garðyrkjumenn um ræktun á grænmeti sem selt yrði á markaði í Bretlandi.

Neeraj Rattu, talsmaður fyrirtækisins, segir í samtali við Bændablaðið að það hafi áhuga á að kaupa eldpipar frá íslenskum garðyrkjubændum.

Neeraj Rattu.

Ávextir, grænmeti og fræ

Auk þess að selja og dreifa ávöxtum og grænmeti á Evrópumarkaði framleiðir fyrirtækið lífrænan áburð, vistvænt skordýra- og sveppaeitur sem er notað í lífrænni ræktun víða í Evrópu. Fyrirtækið selur einnig fræ til landa í Afríku, Evrópu og Asíu.

Prufuverkefni

Rattu segist hafa mikinn áhuga á samstarfi við íslenska garðyrkjubændur, bæði hvað varðar samvinnu um ræktun og að kynna þeim framleiðslu sína. „Okkur hjá George Holland langar að prófa í samvinnu við garðyrkjubændur á Íslandi að rækta Habenero-eldpipar sem yrði markaðssettur á Bretlandseyjum og víðar í Evrópu. Ef sú tilraun tækist vel er hægt að bæta fleiri tegundum grænmetis við ræktunina.“

Að sögn Rattu mun fyrirtækið útvega fræ til ræktunarinnar og æskilegt sé að bændur notist við vörur frá þeim við hana. Auk þess sem fyrirtækið veitir ráðgjöf við ræktun eldpiparsins sé þess þörf.

20 tonn á mánuði

„Að sjálfsögðu fer áframhaldandi ræktun eftir kostnaði og sé hann viðunandi gæti framleiðslan verið um 20 tonn á mánuði. Eftirspurn eftir eldpipar er mikil á Bretlandseyjum yfir vetrarmánuðina og æskilegt er að ræktun hans geti hafist í september á þessu ári.“

Fyrirtæki Rattu ræktar eldpipar í Afríku í dag en er að leita að samstarfi við ræktendur nær Bretlandseyjum og að ræktun með jarðhita sé áhugaverður kostur.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Neerja Rattu í gegnum netfangið neeraj@george-holland.com og á heimasíðunni www.george-holland.com. */VH*

Byggðarráð Skagafjarðar:

Hólar verði þjóðarleikvangur íslenska hestsins

Byggðarráð Skagafjarðar hefur skorað á menntamálaráðherra að setja af stað vinnu við að skoða allar mögulegar útfærslur með það að markmiði að styrkja Háskólann á Hólum sem sjálfstæða menntastofnun og tryggja til framtíðar að yfirstjórn og umsjón haldist í Skagafirði.

Byggðarráð segir í bókun að Háskólinn á Hólum sé ein af grunnstoðum í skagfirsku samfélagi og verði mikilvægi hans seint að fullu metið. „Það að vera með öll skólastig innan héraðs, frá leikskóla til háskóla, gefur Skagafirði tækifæri sem mikilvægt er að nýta til framfara fyrir íbúa og atvinnulíf í Skagafirði,“ segir í bókun byggðarráðs.

Fylgja eftir jákvæðri umræðu

Þá segir að nú sé glæsilegu Landsmóti hestamanna á Hólum nýlokið og mun sú mikla og mikilvæga uppbygging sem þar hefur átt sér stað nýtast skólanum til sóknar um ókomna tíð. „Mikilvægt er fyrir okkur Skagfirðinga að fylgja eftir þeirri jákvæðu umræðu sem Hólar fengu í kjölfar Landsmóts til að sækja fram fyrir skólann enda er Háskólinn á Hólum æðsta menntastofnun íslenska hestsins í heiminum. Er það okkar að tryggja að svo verði áfram.“

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar óskar formlega

Nýi hringvöllurinn á Hólum sannaði ágæti sitt á Landsmóti.
Mynd / TB

eftir samstarfi við stjórnvöld og Landssamband hestamannafélaga um að Hólar í Hjaltadal verði gerðir að þjóðarleikvangi íslenska hestsins. Sú umgjörð sem þar hefur verið sköpuð er einstök á heimsvísu og öll uppbygging í fortíð, nútíð og framtíð mun nýtast Háskólanum á Hólum, styrkja stöðu hans og festa enn frekar í sessi.

Auka þarf rekstrarfé

Byggðarráð vill jafnframt ítreka að tryggja þarf sjálfbærni í gæða- og rekstrarmálum skólans. Auka þarf rekstrarfé til skólans og tryggja rekstrargrundvöll hans til framtíðar. Taka þarf af uppsafnaðan halla sem safnast hefur upp á undanförnum árum meðal annars vegna þess að fjárframlög til skólans hafa ekki verið í samræmi við rekstrarforsendur og veita þar með skólanum andrými tl framþróunar.

/MÞÞ

Uppsöfnuð þörf fyrir endurnýjun tækjabúnaðar segja vélasalar:

Sala á dráttarvélum eykst á ný

Innflutningur á nýjum dráttarvélum er að aukast ef bornar eru saman innflutningstölur fyrstu 6 mánuði ársins 2015 og 2016. Í fyrra voru fluttar inn 60 nýjar dráttarvélar en fyrstu 6 mánuði þessa árs eru þær 82 talsins. Til viðbótar koma 11 dráttarvélar sem fluttar voru inn notaðar á tímabilinu, en þar er einnig um aukningu að ræða á milli ára.

Alls voru 11.032 dráttarvélar í umferð um síðustu áramót samkvæmt yfirliti Samgöngustofu. Sumar tegundir af stærri fjórhjólum eru inni í þessari heildartölu sem gerir samanburð erfiðan.

Valtra er söluhæsta dráttarvélin það sem af er ári en á hæla hennar kemur Massey Ferguson, Claas er í þriðja sæti og New Holland í því fjórða.

Hagstætt gengi ýtir undir sölu

Að sögn Viktors Karls Ævarssonar, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs Kraftvéla, hafa sölumenn þeirra fundið fyrir miklum áhuga hjá bændum í að endurnýja dráttarvélar, heyvinnutæki og önnur landbúnaðartæki.

„Markaðurinn er að stækka um 36% á milli ára en okkar aukning er 63%, sem eru virkilega góðar fréttir fyrir okkur. Aukningin er þó ekki bara einskorðuð við dráttarvélar heldur er áberandi mikil aukning í sölu á heyvinnutækjum líka. Við höfum aldrei selt jafn margar Fella heyvinnuvélar á fyrstu 6 mánuðum árs frá því að við tökum við umboðinu árið 2009,“ segir Viktor Karl og þakkar það meðal annars lágu gengi evrunnar. „Til dæmis bjóðum við nýja 107 hestafla New Holland dráttarvél með ámoksturstækjum á tæpar 8 milljónir án virðisaukaskatts. Stór sending af þessum vélum er væntanleg í lok september. Sjálfir erum við að auka við okkur á milli ára í innflutningi bæði í New Holland og Case, þannig að við erum mjög sáttir með þessa aukningu á markaðnum og þá sérstaklega að við erum að auka við markaðshlutdeild okkar á milli ára,“ segir Viktor Karl.

Bændur halda að sér höndum vegna óvissu um búvörusamninga

Hjá vélaumboðinu Þór fór dráttarvélasalan rólega af stað upp úr áramótum en hefur verið að glæðast, að sögn Odds Einarssonar framkvæmdastjóra. „Sala á dráttarvélum fyrstu 6 mánuði þessa árs hefur aukist um 43% miðað við sama tímabil í fyrra. Það má segja að dráttarvélasalan, sem hefur verið í mikilli lægð frá 2009, sé aðeins að taka við sér aftur,“ segir Oddur sem þó telur þróunina vera langt í frá eðlilega endurnýjun. „Það er uppsöfnuð endurnýjunarþörf á dráttarvélum sjö ár aftur í tímann. Við reiknum með að heildarsalan á dráttarvélum verði um 150–160 vélar í ár, en eðlileg árleg endurnýjunarþörf er um 250 vélar á ári.“ Oddur segir greinilegt að bændur haldi að sér höndum þessa dagana vegna óvissu um búvörusamningana. „Þó tökum við eftir því að bændur eru farnir að sækja aftur í betur búnar og dýrari vélar. Vélar í stærðunum 110 og upp í 150 hö eru að seljast mest. Að sama skapi hefur innflutningur á notuðum stórum vélum dregist heldur saman.“

Færri en stærri tæki

Oddur segist verða var við aukinn áhuga rúlluverktaka á vélum. „Undanfarin ár hefur orðið vart við töluverða endurnýjun í rúllusamstæðum og orðin meiri sala í þeim en stökum rúlluvélum. Verktökum í rúllun virðist fjölga og bændur á minni búum virðast nýta sér þá þjónustu frekar en að endurnýja rúlluvélar sjálfir.“ Aðspurður um þróunina fram undan segir Oddur það óhjákvæmilegt að búum haldi áfram að fækka en þau sem verða eftir stækki. „Okkur sýnist að sambærileg þróun í vélasölu sé líkleg, færri tæki seld, en á móti stærri og betur búin. Við horfum bjartsýnir fram á veginn og ætlum okkur að halda áfram að þjónusta íslenska bændur eins og við höfum gert í rúm 50 ár,“ segir Oddur Einarsson hjá Þór.

Lilja Dögg Guðnadóttir og Halldór Arnar Árnason í Stóra-Dunhaga 2 í Hörgárdal fengu nýlega þennan myndarlega New Holland T6.140 AC ásamt Ålö ámoksturstækjum.
Mynd / Kraftvélar

Ingás ehf. tók í vikunni við nýrri Deutz-Fahr 9340TTV sem er stærsta Deutz-Fahr dráttarvél sem flutt hefur verið til landsins, 316 hö. Sú svarta er 258 hö. og er ríflega hálfs árs og í eigu Ingáss. Frá vinstri: Grétar og Vignir Ingþórssynir, Ingþór Sveinsson og Ríkharður Eiríksson.
Mynd / Þór

Ný CLAAS Rollant 455 rúllusamstæða í eigu bændanna á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd.
Mynd / Vélfang

Bryndísar Eva Óskarsdóttir Háholti og Már Óskar sonur hennar við nýja glæsilega Massey Ferguson 7720 dráttarvél.
Mynd / Jötunn Vélar

Stíga varlega til jarðar

Eyjólfur Pétur Pálmason hjá Vélfangi segist finna fyrir aukningu en fyrirtækið stígi varlega til jarðar því hann skynji óvissu hjá mörgum bændum. „Ég finn aðeins fyrir því að bændur eru hikandi vegna þess að búvörusamningar eru ekki klárir. Þeir virðast ekki alveg nógu öruggir með það hvað framtíðin ber í skauti sér. Við vélasalar höfum mikið samband við bændur og erum með puttann á púlsinum. Ég hef þá tilfinningu að til dæmis minni kúabændur séu að hugsa sinn gang með framhald búskapar, meðal annars vegna reglugerðarbreytinga sem kalla á viðamiklar breytingar á húsakosti. Það er óvissa hjá bændum og það hefur áhrif á áætlanir um vélakaup.“

Hann segir vélasöluna hjá Vélfangi hafa þróast ágætlega og það sé nóg að gera. „Við vorum að greina sölutölur frá 1. okt. 2015 til loka maí á þessu ári. Þar kemur glögglega fram að vélar eru að stækka en þó er það svo að 70% af seldum vélum eru undir 139 hö. Meginþorri þessara véla, eða 64% þeirra eru á bilinu 100–139 hö. Það má segja að dráttarvélamarkaðurinn sé á þessu bili. Varðandi heyvinnutækin og önnur tæki sjáum við aukningu í stærri vélum. Nýlega seldum við til dæmis risasláttuvélasett með færibandi sem setur múgann saman og fyrstu fjögurra stjörnu múgavélina sem við höfum flutt inn frá Claas. Almennt finnst mér aðeins rólegra yfir heyvinnutækjamarkaðnum en áður. Menn eru aðeins að fresta ákvörðunartökum þangað til að þeir sjá hvernig rekstrarumhverfið verður,“ segir Eyjólfur Pétur hjá Vélfangi.

Fjölbreyttari tekjumöguleikar til sveita skapa aukna bjartsýni

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötunn Véla á Selfossi, segir dráttarvélasölu hjá fyrirtækinu umtalsvert meiri á þessu ári en því síðasta. Í júní afhenti fyrirtækið 13 dráttarvélar sem er mesta sala dráttarvéla í einum mánuði síðustu 8 árin á þeim bæ.

„Ég þakka söluaukninguna aukinni bjartsýni í þjóðfélaginu og líka því að bændur eru búnir að bíða svo lengi með að endurnýja vélar. Við eigum von á áframhaldandi aukningu á næsta ári. Það sem heldur helst aftur af mönnum er óvissa vegna búvörusamninga. En að því gefnu að samningar klárist í haust er mjög bjart yfir landbúnaðinum,“ segir Finnbogi. Hann segir áberandi að fleiri bændur virðist vera með verulegar aukatekjur af ferðaþjónustu sem auki bjartsýni og framkvæmdagetu. „Mér sýnist til dæmis að á svæðinu frá Selfossi og austur að Höfn sé fjöldi bænda með tekjur vegna sérvinnslu matvæla, þjónustu ýmiss konar og ekki síst vegna gistiþjónustu. Þetta er allt árið um kring en ekki stuttar tarnir yfir hásumarið eins og áður. Þetta hjálpar allt til að efla landbúnaðinn, atvinnulíf og lífið í sveitunum. Þetta verður mögulega til þess að auðvelda kynslóðaskipti því fjárfestingar í þessum atvinnutækifærum eru oft á tíðum ekki svo stórar. Aukatekjurnar hjálpa til við uppbyggingu búanna,“ segir Finnbogi Magnússon. */TB*

Virknin lét ekki á sér standa

Snorri Snorrason er vélamaður og stundar einnig söngnám og er efnilegur tenór

Fyrir um rúmu einu ári síðan fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá Snorra. Hann hefur enn ekki fengið neina nákvæma skýringu hvað hrjáði hann, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir uppá því að bólgna mjög mikið og kom sá tími að hann gat ekki stigið í fæturnar vegna stirðleika og bólgu. Snorri er búinn að prófa ýmislegt en ekkert hefur virkað sem hefur slegið almennilega á þessi einkenni.

Konan hans heyrði af þessu undraefni Amio Liðir og ákvað að setja honum fyrir að taka þetta nú reglulega og prófa í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun - það vantaði ekki virknina!

Snorri fann mikinn mun á sér á rúmri viku, allt í einu gat hann bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og hann tekur bara inn Amino Liði. Þetta allavegana svínvirkar á hann og gerir honum gott. Stirðleiki í ökkla og úlnlið eru ekki til staðar og viljum við þakka það Amino Liðum, engin spurning.

Active Liver virkar fyrir mig

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina

FRUM - www.frum.is

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Jóna Hjálmarsdóttir

Hún segist hafa fundið fljótt mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver Kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni á mér, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

- Inniheldur kólín sem stuðlar að:
  - eðlilegum fituefnaskiptum.
  - viðhaldi eðlilegrar starfsemi lifrarinnar.
  - eðlilegum efnaskiptum að því er varða amínósýrunnar hómósysteins.
- Inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem talið er að stuðli að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.
- Inniheldur túrmerik og svartan pipar.

Guðrún mælir með Femarelle

Guðrún Ragna Ólafsdóttir

Guðrún Ragna Ólafsdóttir prófaði Femarelle fljótlega eftir að það kom á markað fyrir þremur árum.

„Þegar ég komst á breytingaskeiðið fékk ég hormón hjá lækninum sem fóru ekki vel í mig þannig að ég ákvað að prófa Femarelle. Ég get ekki líkt líðan minni eftir að ég ákvað að prófa Femarelle við líðanina áður. Ég er með gigt og hef verið á lyfjum við gigtinni og mörg lyfin fara ekki of vel með mig. Núna er ég betri í skapinu og er mjög ánægð með Femarelle, miðað við það hvernig mér leið á hormónunum. Ég er ekki sama manneskja eftir að ég kynntist Femarelle,“ segir Guðrún Ragna.

Femarelle er öruggur kostur

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum fimmtán árum.

Rannsóknir hafa sýnt að Femarelle örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum. Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur heilbrigði beina en hefur ekki áhrif á blóðstorknun. Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle.

IceCare
Þín heilsa
IceCare vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
Sjá nánar á www.icecare.is – Þú finnur okkur á:

Fréttir

Lágmarksaldur hunda sem undirgangast skapgerðarmat verður sex mánuðir.

Nýtt og endurbætt skapgerðarmat:

Á að koma í veg fyrir innflutning á hættulegum hundum

Árlega eru um 160 hundar fluttir til Íslands víðs vegar að úr heiminum. Skilyrði vegna innflutnings eru meðal annars bólusetningar og sýnatökur auk fjögurra vikna einangrunar. Tilgangurinn er að draga úr líkum á að til landsins berist nýir dýrasjúkdómar.

Í frétt á heimasíðu Matvælastofnunar segir að samkvæmt lögum um innflutning dýra skal ekki heimila innflutning á gæludýrum sem hætta getur stafað af og því er krafist svokallaðs skapgerðarmats fyrir hunda af tilteknum tegundum. Um er að ræða hunda sem vegna stærðar eða styrkleika síns vegna geta valdið alvarlegu tjóni ef þeir hafa tilhneigingu til árásargirni.

Árásargirni metin út frá níu þáttum

Frá árinu 2003, þegar reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis var fyrst sett, hefur verið í notkun skapgerðarmat sem framkvæmt hefur verið af dýralæknum ytra. Með því mati hefur verið kannað hvernig viðkomandi hundar bregðast við mismunandi áreiti og aðstæðum með það að markmiði að skera úr um hvort þeir eru árásargjarnir.

Undanfarna mánuði hafa sérfræðingar á inn- og útflutningsskrifstofu og á dýraheilbrigðissviði Matvælastofnunar í samráði við sérfræðinga í atferlisfræði dýra unnið að nýju skapgerðarmati. Niðurstaðan varð skapgerðarmat sem byggist á sömu grundvallaratriðum og fyrra mat en meira er lagt upp úr því að framkvæmdin sé stöðluð. Um er að ræða níu þætti sem lúta að viðbrögðum hundsins í mismunandi aðstæðum. Leiðbeiningar eru um hvernig prófa skal hundinn og skrifa skal ítarlegar lýsingar á viðbrögðum hans. Auk þess skal taka myndband af framkvæmd matsins og senda með skýrslunni til Mast svo hægt sé að ganga úr skugga um að hundurinn hafi verið prófaður eins og til er ætlast.

Dýralæknar framkvæma matið

Eftir sem áður skulu dýralæknar annast framkvæmd skapgerðarmats. Dýraatferlisfræðingar eru víða starfandi og var það skoðað að fá slíka sérfræðinga til að framkvæma skapgerðarmat vegna innflutnings. Þó yrði slíkt vandkvæðum bundið þar sem nám atferlisfræðinga getur verið afar mismunandi eftir löndum, víðast hvar er ekki um að ræða lögverndað starfsheiti og aðgengi að þeim er misgott.

Lágmarksaldur sex mánuðir þegar matið fer fram

Lágmarksaldur hunda sem undirgangast skapgerðarmat verður sex mánuðir. Við þann aldur eru langflestir hundar búnir að ná kynþroska og skapgerðareinkenni eru komin fram. Þó væri æskilegt að hundarnir væru eldri þegar slíkt mat færi fram en slíkt yrði of hamlandi þar sem lágmarksaldur hunda vegna innflutnings er sjö mánuðir en fimm mánuðir þegar þeir koma frá skilgreindum löndum þar sem hundaæði finnst ekki, meðal annars Noregi og Svíþjóð.

Markmiðið að koma í veg fyrir innflutning á hættulegum hundum

Markmiðið með endurbættu skapgerðarmati er að auka gildi þess. Eigi það að skila tilætluðum árangri, það er að segja að koma í veg fyrir að árásargjarnir og hættulegir hundar verði fluttir til landsins, þarf matið að vera framkvæmanlegt og marktækt.

Nýtt skapgerðarmat vegna innflutnings var tekið í notkun þann 1. júlí síðastliðinn. */VH*

Evrópusambandið hyggst greiða kúabændum viðbótarstyrki

Evrópusambandið er með áætlanir um að leggja 350 milljónir evra í sjóð sem verður útdeilt til kúabænda í löndum sambandsins vegna erfiðleika í rekstrinum. Þetta eru rúmlega 47 milljarðar íslenskra króna. Aðildarlöndin hafa leyfi til að tvöfalda þá upphæð.

Að auki mun ESB stofna sjóð með 150 milljónum evra (20 milljörðum íslenskra króna) sem bændur innan sambandsins geta sótt í.

Danir fá 70 milljónir danskra króna í „hjálparpakka“, eða tæplega 1,3 milljarða íslenskra króna, fyrir þarlenda kúabændur. Upphæðin sem fer til Dana verður notuð til að minnka framleiðsluna. Peningarnir eiga að nýtast öllum búgerðum, hvort heldur sem um lítil eða stór bú er að ræða.

Niels Lindberg Madsen, Evrópusambandssérfræðingur hjá dönsku bændasamtökunum Landbrug & fødevarer, er áhyggjufullur yfir því að löndin megi tvöfalda upphæðina því erfitt sé fyrir Dani að keppa við það. Þeir verði því óhjákvæmilega undir í samkeppninni.



Dreifing sauðfjárbúa á Íslandi í lok árs 2015. Heimild / Byggðastofnun

Byggðastofnun metur dreifingu sauðfjár á Íslandi:

Flest sauðfé í Húnaþingi vestra

Byggðastofnun sendi nýlega frá sér skýrslu þar sem fjallað er um dreifingu sauðfjár á landinu. Í skýrslunni má meðal annars lesa um dreifingu fjár milli landshluta og sveitarfélaga.

Samkvæmt skýrslunni eru sauðfjárbú á landinu 2.498 og heildarfjöldi sauðfjár í landinu 470.678 í nóvember 2015. Flest fjár er í Húnaþingi vestra.

Flest bú með yfir 600 fjár á Norðurlandi vestra

Af 2.498 sauðfjárbúum í landinu voru 108 bú með fleiri en 600 kindur, eða 4,3% búanna. Flest þeirra voru á Norðurlandi vestra, eða 35 og næstflest á Vesturlandi 25.

Samtals voru 284 bú með 400 til 599 kindur, eða 11,4%. Flest þeirra voru á Norðurlandi vestra, eða 75, þar á eftir komu Austurland með 51, Vesturland 49, Norðurland eystra 45 og Suðurland 43.

Þegar litið er til þeirra búa sem eru með 200–399 kindur voru það 519 framleiðendur, eða 20,8%. Flestir þeirra voru á Suðurlandi eða 131 og næstflestir á Norðurlandi vestra, eða 116.

Þeir aðilar sem voru með færri en 200 kindur voru 1.587 eða 63,5% sauðfjárbúa.

Tæpur helmingur á búum með fleiri en 400 fjár

Ef horft er til fjölda sauðfjár eftir landsvæðum og stærð búa kemur í ljós að 17,4% alls sauðfjár er á búum með 600 kindur eða fleiri, 29,3% er á búum sem halda 400 til 599 kindur. Samtals er því tæpur helmingur sauðfjár á búum með fleira en 400 fjár.

Flest fé í Húnaþingi vestra

Í skýrslunni kemur fram að flest sauðfé er í Húnaþingi vestra í nóvember 2015, eða 37.716. Sveitarfélagið með næstflest fé er Skagafjörður með 34.632. Fjöldi sauðfjár í Reykjavík er 315 og er það í eigu 14 aðila, níu fjár eru í Hafnarfirði, 236 á Akureyri en ekkert sauðfé er að finna í Seltjarnarneskaupstað samkvæmt því sem segir í skýrslunni. */VH*

Hrútatungurétt. Flest sauðfé er í Húnaþingi vestra, eða 37.716. Mynd / TB



Fjöldi sauðfjár eftir landsvæðum og stærð búa. Heimild / Byggðastofnun



Fjöldi sauðfjárbúa eftir landsvæðum og stærð þeirra.

ÞEKKING OG REYNSLA

FJÓSA-INNRÉTTINGAR

BYKO býður innréttingar í fjós og önnur gripahús í samstarfi við hollenska fyrirtækið Spinder. Í meira en 40 ár hefur Spinder verið leiðandi fyrirtæki í hönnun og framleiðslu á fjósainnréttingum. Allar vörur eru hannaðar og prófaðar með ströngustu gæðakröfur í huga og miða að velferð bæði dýra og manna.

Áralöng reynsla Spinder hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútíma fjósa. Leitaðu tilboða og berðu saman verð og gæði.

BURÐARSTÍUR - BRYNNINGARKERFI
BÁSAINNRÉTTINGAR

spinder

GÓLF Í GRIPAHÚS

Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa. Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir.

Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands. Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.

Swaansbeton er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

NAUTGRIPIR - HROSS
SVÍN - SAUÐFÉ

SWAANS BETON

Hliðgrindur
120/240/366/420cm



Túngirðinganet
og gaddavír

Girðingastaurar

byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Fréttir

Laxeldi á Austfjörðum:

Ströng lög gilda um laxeldi og verndun villtra laxa

Ice Fish Farm - Fiskeldi Austfjarða hf. hefur sótt um leyfi til að framleiða 43 þúsund tonn af eldisfiski á Austfjörðum. Í dag er fyrirtækið með eldi í Beru- og Fáskrúðsfirði en hyggst einnig setja upp eldiskvíar í Seyðisfirði, Stöðvarfirði og Norðfjarðarflóa.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins lýstu Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga, og Gunnlaugur Stefánsson í Heydölum áhyggjum sínum vegna áformanna og sögðu þau meðal annars óafturkræfa ógn við íslenska laxastofninn og aðför að íslenskri náttúru.

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, og Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður Ice Fish Farm – Fiskeldis Austfjarða hf., hafa brugðist við ummælum Jóns Helga og Gunnlaugs.

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva.

Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður Ice Fish Farm – Fiskeldis Austfjarða hf.

Sjókvíaeldið ógnar ekki lífríki á stórum svæðum

Höskuldur segir að í umfjölluninni sé talað um „aðför að náttúru Íslands“ og hann spyr hvað sé átt við með því og hvort einhver dæmi finnist um að sjókvíaeldi sé slík aðför? „Ég vil minna á að samkvæmt lögum frá 2002 og þeim reglugerðum sem á þeim byggja er gengið mjög langt varðandi lokanir svæða til verndunar villtra laxastofna. Það er því deginum ljósara að nær 30 ára gamalt samkomulag sem minnst er á í umfjölluninni hefur ekkert vægi í ljósi hinnar ströngu löggjafar sem síðar hefur verið innleidd.

Ég tel því að sú fullyrðing að sjókvíaeldið ógni lífríki á stóru svæði sé algerlega órökstudd og í raun makalaus.“

Staðsetningar hvíldar í 6 til 9 mánuði eftir slátrun

„Landssamband veiðifélaga líkir lífrænum úrgangi laxeldisstöðvar við „skólpfrárennsli frá 150 þúsund manna borg“. Það er ljóst að lífrænn úrgangur kemur frá öllum lífverum og það er þekkt að í kringum eldisstöðvar verða merkjanleg áhrif á botndýralíf, á meðan eldið er í gangi. Að líkja því við skólpi frá stórborg er augljóslega útúrsnúningur og hér virðist tilgangurinn vera látinn helga meðalið og jaðrar við atvinnuróg.

Hins vegar er það svo að nútíma sjókvíaeldi, eins og það sem stundað er á Íslandi, fer fram eftir svokölluðu kynslóðaskiptu eldismódeli þar sem staðsetningar eru hvíldar í 6 til 9 mánuði eftir að slátrun lýkur. Eftirlit með áhrifum á eldissvæðin er í höndum svæðisbundinna undirstofnana umhverfisráðuneytisins, auk þess sem fyrirtækin sjálf fylgjast afar vel með þessu, enda ekki hægt að byggja upp sjókvíaeldi á svæðum sem ekki bera það. Einmitt þess vegna framkvæmir Hafrannsóknastofnunin svokallað burðarþolsmat fjarða til að sannreyna að lífríki fjarðarins verði ekki fyrir varanlegum umhverfisáhrifum. Þetta er ein af meginforsendum umhverfismats. Hið opinbera gengur því býsna langt í þessu og allt tal um skólp og mengun er hártogun,“ segir Höskuldur.

Orð lögð í munn Norðmanna

Höskuldur segir að Jón Helgi haldi því fram að reynsla Norðmanna af laxeldi sé ekki góð og talar um skelfilegar afleiðingar þess í Noregi.

„Ég er ekki viss um að Norðmennirnir sjálfir séu sammála Jóni. Laxeldið í Noregi skilaði 50 milljörðum norskra króna í útflutningstekjur árið 2015 og vó atvinnugreinin ein og sér gríðarlegt þungt fyrir norskt þjóðarbú þegar áföll dundu yfir olíugeirann þar í landi. Árið 2013 voru 10.000 bein ársstörf í norsku laxeldi og 23.600 afleidd störf tengd við greinina.

Villtir laxastofnar í Noregi standa ágætlega á flestum svæðum þrátt fyrir að framleidd hafi verið yfir milljón tonn á ári í norsku laxeldi undanfarin ár. Þau svæði sem sýna hnignun eða neikvæð áhrif vegna erfðablöndunar eru fá og bundin við eldissvæði þar sem ítrekað hafa orðið stór óhöpp. Megináhrifaþátturinn þar er þó oftast ekki laxeldið heldur áhrif vatnsaflsvirkjana á vatnakerfin.“

Eldisstarfsemi laxveiðimanna

Höskuldur segir að veiðifélög á Íslandi séu með eldisstöðvar þar sem þau ala lax og sleppa í árnar og blanda þar seman villtum laxi við lax úr eldisstöðvum. „Þetta er eitthvað sem Norðmenn eru nánast hættir að framkvæma nema með mjög sterkum undanþágum. Þeir hafa réttilega dregið verulega úr seiðasleppingum í nafni fiskiræktar úr seiðastöðvum í sínar laxveiðiár undanfarin misseri, enda séu slík vinnubrögð umdeilanleg enda um beint inngrip í lífríki vatnasvæðanna að ræða,“ segir hann.

„Að sjálfsögðu hefur þessi gríðarmikla slepping á seiðum úr eldisstöðvum, þrátt fyrir að um sama stofn og í viðkomandi á sé að ræða, bein áhrif á vistkerfið og viðgang villtra stofna og eitthvað sem menn ættu að fara að hugleiða á Íslandi, í stað þess að drýgja veiðileyfin með því að sleppa veiddum laxi og stunda þannig misþyrmingu á skepnunum í nafni sportmennsku. Það má spyrja sig, hvort hafa þessir menn meiri áhuga á villta laxinum eða veiðileyfasölunni? “

Vegna orða Jóns Helga um að fiskeldisfyrirtækin beri enga ábyrgð og sæti litlu sem engu eftirliti, segir Höskuldur að það sé einfaldlega rangt hjá Jóni. „Fiskeldisfyrirtækin greiða tugi milljóna í umhverfissjóð sjókvíaeldis sem er ætlaður til rannsókna og hreinsunar vatnasvæða, komi til óhappa. Þá er útgáfa leyfa til sjókvíaeldis bundin því skilyrði að viðkomandi rekstraraðili hafi keypt tryggingar til að mæta kostnaði við hreinsun eldissvæðisins.

Höskuldur bendir að lokum á að á árinu 2015 var 8.300 tonnum af eldisfiski slátrað á Íslandi og á bilinu 400 til 500 manns starfa nú beint við greinina. „Þar með er fiskeldið orðið jafnstórt kjúklingaræktinni og nálgast sauðfjárræktina. Reyndar lítur svo út að eldið fari fram úr báðum greinum á þessu ári og ef fram fer sem horfir þá verði framleiðsla úr fiskeldi orðin meiri en úr hefðbundnum landbúnaði innan örfárra ára. Það væri því skynsamlegt fyrir andstæðinga fiskeldis að fara nú að huga að því hvernig þeir geti starfað með eldinu og haft jákvæð áhrif á regluverk þess og umgjörð, í stað þess að halda að þeir geti komið í veg fyrir það með óhróðri og rangfærslum.“

Stofninn alinn á Suðurnesjum

Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður Ice Fish Farm – Fiskeldis Austfjarða hf., segir að sumt af því sem Gunnlaugur Stefánsson segi í grein sinni „Aðför að íslenskri náttúru og við sofum værum blundi“ sé greinilega lesið upp úr sama áróðursgagni og formaður Landssambands veiðifélaga notar og því óþarfi að svara því tvisvar.

Gunnlaugur talar ranglega um „kynbreyttan norskan lax“ þegar hann talar um eldisfiskinn sem notaður er við Ísland. „Hið sanna er að laxastofninn sem um ræðir er svonefndur Saga stofn sem Stofnfiskur hefur alið í yfir tvo áratugi á Suðurnesjum. Hann er ekki kynbreyttur heldur kynbættur. Bóndi sem er hokinn af reynslu eins og Gunnlaugur þekkir vel muninn þar á enda eru öll eldisdýr, þar með taldar skepnurnar í Breiðdalnum, meira og minna kynbætt. Ekki kynbreytt.“

Villandi tölur

„Gunnlaugur segir einn lax sleppa fyrir hvert tonn sem framleitt er. Ekki veit ég hvaðan hann hefur sínar upplýsingar um þetta en ef þær eru sannar þá hefðu um það bil 25.000 laxar sloppið á Íslandi frá árinu 2000.

Sjókvíar Fiskeldis Austfjarða hf.

Myndir / Ice Fish Farm

Staðreyndin er að þeir eru í kringum 3.000.

Ólíku saman að jafna

Norðmenn innleiddu ekki fullkomna búnaðarstaðla fyrir sitt sjókvíaeldi fyrr en árið 2006 en það hafa Íslendingar nú þegar gert, áður en að magnaukningin kemur inn. Því er óábyrgt að nota sleppingarviðmið frá Noregi langt aftur í tímann og heimfæra á Ísland. Auk þess verður að hafa í huga að þó svo að öll áform um uppbyggingu laxeldis við Ísland gangi eftir og verði farsæl þá höfum við einfaldlega ekki svæðin til að verða það stór að dómsdagsspádómar um ítrekaðar og stórfelldar sleppingar á eldislaxi séu raunhæfir.“

Hvað verður um úrganginn?

Guðmundur, stjórnarformaður Ice Fish Farm – Fiskeldis Austfjarða hf., heldur áfram en Gunnlaugur í Heydölum fullyrðir að engum öðrum sé heimilt að demba út í náttúruna nánast öllum úrgangi frá starfsemi sinni. „Ég spyr bara; hvar skítur villti laxinn og þessar milljónir seiða sem menn ala í seiðastöðvum á Íslandi og sleppa svo óheft út í vatnakerfin til að keppa um ætið við raunverulega villta laxinn, í nafni fiskræktar? Og beljurnar í Breiðdalnum? Hvar skíta þær? Allt er þetta nú hluti af hringrás náttúrunnar, skíturinn úr eldisfisknum er næring fyrir botndýr sem aftur næra fiskinn í sjónum og smábátasjómönnum leiðist ekki að veiða í námunda við þær. Við borðum svo afla þeirra sem og laxinn og hvert fer úrgangurinn úr okkur aftur? Jú, í sjóinn.“

Margvíslegir þættir hafa áhrif á viðgang villtra laxastofna

Gunnlaugur Stefánsson fullyrðir að nú þegar séu „allt að 100 laxveiðiár í Noregi ónýtar vegna laxeldi“. „Þetta er algerlega órökstutt, það finnast engar rannsóknir sem geta staðfest slíkt. Margvíslegir þættir hafa áhrif á viðgang villtra laxastofna og það er ekki hægt að setja samansemmerki þarna á milli án þess að taka tillit til annarra þátta. Vera má að þar sem orðið hafa ítrekaðar stórfelldar slysasleppingar megi finna meðvirkandi áhrif frá þeim en að fullyrða svona er fráleitt og dæmir sig sjálft.

Einnig er fullyrt að eftirliti sé verulega ábótavant og að það sé í raun nánast ekki neitt. Þetta er öldungis ósatt, ef greinarhöfundur hefði kynnti sér málið áður en hann tjáði sig um það þá myndi hann vita betur. MAST, Fiskistofa, Hafró, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna koma öll að eftirliti með starfsemi sjókvíaeldis á Íslandi. Þá ber fyrirtækjunum sjálfum að kaupa þjónustu dýralækna til að annast velferð síns bústofns.“

Að lokum bendir Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður Ice Fish Farm – Fiskeldis Austfjarða hf., á að laxveiðibændur virðist vera að upplifa hvert metárið á eftir öðru í laxveiðinni. „Þetta gerist samhliða vexti og viðgangi laxeldis á Íslandi og enn sem komið er er ekkert sem bendir til neikvæðra áhrifa á hvorn veginn sem er. Báðar atvinnugreinar skapa mörg störf og umsvif og geta hæglega búið í sátt og samlyndi en til að svo verði þá þurfa báðar greinar að virða hvor aðra. “ */VH*

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Fín netaveiði í Ölfusá

„Við kvörtum ekki, veiðin hefur verið mjög fín í sumar, fallegir fiskar, oft 8 til 12 pund, stundum stærri og stundum minni,“ segir Stefán Ármann Þórðarson, einn af þeim sem leggur netin og tekur þau upp í Ölfusá á vegum Selfossbænda sem hafa veiðirétt í ánni. Eitt netið er alveg við Ölfusárbrú og hitt er fyrir neðan Selfosskirkjugarð. Á myndinni er Stefán með nokkra fiska sem komu upp úr einu netinu nýlega.

/MHH

Fjórða hæðin var byggð ofan á Hótel Selfoss í vetur en JÁVERK á Selfossi sá um verkið sem tók ekki nema sex mánuði. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Hótel Selfoss er stærsta hótel landsbyggðarinnar með 139 herbergi

Í janúar 2016 var hafist handa við að byggja eina hæð ofan á Hótel Selfoss og innrétta 12 herbergi í tveimur efstu hæðunum yfir menningarsalnum. Því verki er nú lokið og er hótelið þar með stærsta hótelið á landsbyggðinni með 139 herbergi, þar af eru 40 ný herbergi. Öll nýju herbergin eru vel útbúin og fallega innréttuð svo að gestum líði sem best. Á hótelinu eru 10 herbergi hönnuð sérstaklega fyrir fólk í hjólastól. Þá er mikið lagt upp úr umhverfissjónarmiðum á hótelinu þar sem allt sem fellur til er flokkað og vörur eru fluttar stuttar vegalengdir.

Upplifun númer 1, 2 og 3

„Okkar aðaláhersla er að uppfylla þarfir gesta okkar með huggulegum aðbúnaði í einstakri náttúru. Upplifunin er það sem gestir okkar eru að leitast eftir og leggjum við okkur fram við að uppfylla þær óskir. Með nýju herbergjunum var allt lagt upp úr þægindum og passað að þau væru sem huggulegust innréttuð.

Nína M. Pálmadóttir, markaðsstjóri Hótels Selfoss.

Á veggjunum eru myndir teknar af Ragnari Axelssyni, Rax, þar sem hin stórbrotna náttúra Suðurlands nýtur sín," segir Nína M. Pálmadóttir markaðsstjóri. Alls 110 starfsmenn vinna á hótelinu sem er fullbókað meira og minna í allt sumar og langt fram á haustið.

/ MHH

Sigrún Hrefna Arnardóttir kjólaklæðskeri sá um að hanna nýju herbergin, auk þess að sjá um verklegar framkvæmdir eins og að mála og fleira, með starfsmönnum hótelsins.

DEKKJASALA AKUREYRAR
Úrval hjólbarða á betra verði
Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.
Milwaukee Handverkfæri
20%
afsláttur af öllum dekkjum til 15. ágúst 2016
Beinn innflutningur til Akureyrar
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124
MOTUL Smurþjónusta
DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Betra Púst
Sími: 555 70 70
VIÐ NOTUM FLUID FILM
RYÐVARNAR ÞJÓNUSTA
PÚSTVIÐGERÐIR
SÉRSMÍÐI F. ALLAR GERÐIR BÍLA
[ÞJÓNUSTA FYRIR BREYTTA JEPPA, VÖRUBÍLA OG RÚTUR]
Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík • betrapust@gmail.com • www.betrapust.is

FLUID FILM
Helstu sölustaðir á Fluid Film:
Frábær á leður – Unninn úr ull (lanolin)
Frýs ekki og er frábært í læsingar og lása
Smyr og þornar ekki upp og leiðir ekki rafmagn
Stoppar tæringu (ryð) og kemur í veg fyrir ryðmyndun
HÁGÆÐA SMUREFNI
fluidfilm@fluidfilm.is · www.fluidfilm.is
AB varahlutir, Funahöfða 9, Reykjavik
AB varahlutir, Fagradalsbraut 25, Egilsstöðum
AB varahlutir, Gagnheiði 34, Selfossi
Barki, Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Betra Púst, Skógarhlíð 10, Reykjavík
Brynja, Laugavegi 29, Reykjavík
Bú Aðföng, Stórólfsvelli, Hvolsvöllur
Bymos, Háholt 14, Mosfellsbær
Ellingsen, Fiskislóð 1, Reykjavík
ET Verslun, Klettagarðar 11, Reykjavík
Fálkinn hf, Dalvegi 10-14, Kópavogi
Gluggar og Garðhús, Smiðsbúð 10, Garðabæ
JHM Sport, Stórhöfða 35, Reykjavík
J.S Ljósasmiðjan, Skemmuvegi 34, Kópavogi
Jói Byssusmiður, Dalbraut 1, Reykjavík
Jötunn vélar, Austurvegi 69, Selfossi
Jötunn vélar, Lónsbakka, 601 Akureyri
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1, Borgarnesi
Lásaþjónustan, Grensásvegur 16, Reykjavík
Láshúsið, Bildshöfða 16, Reykjavík
Ryðlausnir, Heiðargerði 13, Vogar
Smiðjan verslun, Sindragötu 12c, Ísafirði
Smurstöðin, Fosshálsi 1, Reykjavík
Smurstöðin Garðabæ, Litlatún 1, Garðabæ
Stálstjörnur, Fjarðargata 1, Seyðisfirði
Tækniþjónusta bifreiða, Hjallahraun 4, Hafnarfirði
Verslun Líflands, Efstubraut 1, Blönduósi
Verkfærasalan, Síðumúla 11, Reykjavík
Vesturröst, Laugavegi 178, Reykjavík
Vökvatengi, Fitjabraut 2, Reykjanesbæ

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir
HUSQVARNA FS 400 LV Sögunardýpt 16,5 sm
HUSQVARNA K 760 Sögunardýpt 12,5 sm
HUSQVARNA K 3600 MK II Sögunardýpt 27 sm
HUSQVARNA K 2500 Sögunardýpt 14,5 sm
HUSQVARNA DM 230 Bordýpt 15 sm
HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar
MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

STEKKUR

Hjátrú íþróttamanna

Hjátrúin á sér margar birtingarmyndir, sumar eru alþekktar eins og að það boði ógæfu að mæta svörtum ketti eða ganga undir stiga og þeir sem brjóta spegil eiga yfir höfði sér sjö ára ógæfu.

Íþróttamenn eru sumir hjátrúarfullir eins og annað fólk. Sumir þeirra vilja ekki keppa í búning númer 13 eða vilja keppa í sömu sokkunum allt leiktímabilið. Aðrir eru í ákveðnum nærfötum undir búningnum eða fara í sturtu í skónum fyrir leik.

Fæsti viðurkenna að þeir séu hjátrúarfullir, telja allt slíkt firru og vitleysu og fólk bankar í tré af gömlum vana, ekki vegna þess að slíkt geri vanhugsuð orð máttvana.

Til eru íþróttamenn sem klæðast happagallanum og trúa því að hann hafi áhrif á leikinn. Sumir leikmenn eru til dæmis alltaf í treyju númer sjö og telja það happatöluna sína. Algengt er að menn eigi sinn snaga í búningsklefum eða sérstakt bílastæði við völlinn.

Hjátrúin er í raun einföld sálfræði þar sem menn tengja ákveðna hluti eða atvik við góðan árangur. Hún er eins konar andleg upphitun og skapar öryggistilfinningu.

Hjátrúin getur líka farið út í algjöra vitleysu og tóma þvælu eins og þegar menn telja sig þurfa að keyra ákveðna leið eða lenda alltaf á rauðu til að eiga góðan leik. Ef það klikkar eru menn búnir að tapa fyrirfram og hjátrúin farin að vinna á móti þeim.

Menn klæða sig í fötin í ákveðinni röð og hún er ekki endilega rökrétt. Það er náttúrlega stórmerkilegt að menn séu að spekúlera í því hvernig þeir fara í nærbuxurnar fyrir stórleiki. Fæstir viðurkenna að þeir séu hjátrúarfullir og líti á hjátrúna sem grín en innst inni trúa þeir á hana.

Sumir eiga það til það til að setjast fyrir framan tölvuna og leggja kapal fyrir leik og hugsa sem svo að ef kapall gengur upp muni þeir vinna leikinn.

Eyjólfur Bergþórsson, þjálfari Fram, hafði það fyrir sið að ganga alltaf á eftir Kristni Rúnari út úr klefanum fyrir leik, enda var hann sannfærður um að það skilaði árangri

Vilhjálmur Einarsson frjálsíþróttamaður vann einstakt afrek á Ólympíuleikunum í Melbourne árið 1956 þegar hann hlaut silfurverðlaun í þrístökki. Honum þótti mjög vænt um íþróttabuxur sem móðir hans saumaði og notaði þær gjarnan á mótum og var í þeim þegar hann vann silfrið. Vilhjálmur hafði líka trú á draumförum nóttina fyrir mót og allra best þótti honum að vakna frá óþægilegum draumi. Það var góðs viti og gaf honum von um góðan árangur.

Hjátrú getur verið tímabundin eins og þegar Laurent Blanc kyssti skalla á Fabien Barthez markmanni fyrir leiki á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu 1998. Michael Jordan, körfuboltamaður Chicago Bulls, lék lengst af í treyju númer 23 og var með gamla háskólatreyju saumaða inn í keppnisbúninginn.

Hvort sem menn viðurkenna að þeir séu hjátrúarfullir eða ekki skipar hjátrúin stóran sess í daglegu lífi okkar allra og mótar hegðun okkar að ákveðnu marki. Íþróttamenn eru þar engin undantekning því álagið og væntingarnar sem til þeirra eru gerðar er góður jarðvegur fyrir margs konar hjátrú. */VH*

Vegleg Handverkshátíð og landbúnaðarsýning á Hrafnagili í byrjun ágúst:

Skemmtileg blanda af nýju fólki og gömlum kunningjum

„Undirbúningur er á lokametrunum, það er verið að hnýta ýmsa lausa enda og ganga frá sýningarskrá í prentun. Það hefur gengið vonum framar, þetta er svakalega skemmtileg vinna, mikið um hlátur og lífsgleðin í fyrirrúmi," segja þær Katrín Káradóttir og Guðný Jóhannesdóttir, framkvæmdastjórar Handverkshátíðarinnar á Hrafnagili, en hún fer fram í 24. sinn dagana 4. til 7. ágúst næstkomandi. Samhliða Handverkshátíð verður efnt til glæsilegrar landbúnaðarsýningar. Guðný hefur þann hluta á sinni könnu og Katrín það sem snýr að handverkinu.

Hreinn Halldórsson á Akureyri sýnir einstök listaverk á handverkshátíðinni, en þau skapar hann úr afgangs við. Listaverkin hefur hann fram til þessa „falið" í bakgarðinum heima hjá sér, en mikil tillhlökkun er ríkjandi að sýna þau almenningi.

Samhliða Handverkshátíð verður efnt til glæsilegrar landbúnaðarsýningar.

Vélar og tæki af öllum stærðum og gerðum

Guðný segir að sýningin fari fram í miðju blómlegu landbúnaðarhéraði, hún finni vel að mikill áhugi sé til staðar. „Bændur bíða spenntir eftir að sjá allt það nýjasta frá helstu vélasölum landsins, en vélar og tæki af öllum stærðum og gerðum verða áberandi á sýningunni ásamt auðvitað ýmsu fleiru þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað áhugavert og skemmtilegt að skoða," segir hún.

Vinsæll viðkomustaður

Handverkshátíðin á sér langa sögu og hefur fest sig í sessi, en sýningin er vinsæll viðkomustaður fjölskyldna í sumarleyfi. „Það var ánægjulegt að sjá þegar umsóknir fóru að streyma inn hversu margir nýir sýnendur eru í hópnum. Sýningin nú í ár verður því skemmtileg blanda af nýju fólki með spennandi handverk í bland við gamla kunningja sem um árabil hafa komið að Hrafnagili með varning sinn, fólk sem nær þó á einhvern hátt sífellt að endurnýja sig, gera eitthvað nýtt og áhugavert. Handverk er sköpun, lifandi ferli í stöðugri þróun," segir Katrín. Allt stefnir í stóra sýningu í ár og kveðst hún verulega spennt að sjá útkomuna þegar sýningin verður sett 4. ágúst. „Ég hef séð sýninguna teiknaða upp á blað, en get hreinlega ekki beðið eftir að sjá skipulagið lifna við á hátíðinni sjálfri," segir hún.

Fjöldi sýnenda og viðburða

Sýnendur verða 112 talsins og eru þá þeir fjölmörgu sem þátt taka í handverksmarkaði utan dyra taldir sem einn aðili. Séu þeir sundurliðaðir eru sýnendur um 150 í allt. Auk sýninganna, handverks- og landbúnaðar verða uppákomur af fjölbreyttu tagi í boði alla helgina, sýningar þar sem við sögu koma hestar, smalahundar og tíska. Listasmiðja verður fyrir börn, listakonurnar Jonna og Brynhildur verða á staðnum og smíða hin ýmsu dýr með yngstu gestunum.

Kvöldvakan er á sínum stað, verður að þessu sinni á föstudagskvöldi og helstu stjörnurnar eru Diddú og bræðurnir frá Álftagerði auk heimafólks. Formenn landssambanda kúa og sauðfjárbænda ætla svo að takast á í einvígi um hæfileikann til að skemmta fólki.

Félagasamtök í startholunum

Sjálfboðaliðar úr Eyjafjarðarsveit leggja fram lið sitt við uppsetningu og framkvæmd sýningarinnar, svo sem þeir hafa gert árum saman. „Það má orða þetta svo að við framkvæmdastjórarnir leggjum fram ákveðið handrit sem félagasamtök úr sveitinni sjá svo um að framkvæma, vinna við þessa sýningu hefur lengi verið þeirra helsta tekjulind, allur ágóði rennur til þeirra," segir Guðný. Félagar úr Ungmennafélaginu Samherjar eru í startholunum að baka sína frægu konfekttertu sem gestir geta gætt sér á í veitingatjaldinu og pönnukökupönnurnar eru klárar. „Við erum búnar að panta góða veðrið og hlökkum virkilega til að taka á móti sem flestum gestum á hátíðina í ár, " segir þær Guðný og Katrín. */MÞÞ*

Sjávarleður, Atlantic Leather á Sauðárkróki í greiðsluþrot:

Bjartsýni á að takist að endurreisa félagið

„Það eru þreifingar í gangi en hvert þær leiða er ómögulegt að segja fyrir um á þessari stundu," segir Gunnsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Sjávarleðurs, Atlantic Leather á Sauðárkróki. Fyrirtækið fór í greiðsluþrot um síðustu mánaðamót, en vilji er til þess að vinna að endurreisn þess. Starfsemi á vegum fyrirtækisins er nú í lágmarki, en helstu kröfuhafar hafa veitt leyfi sitt fyrir því að halda starfseminni gangandi á meðan leitað er leiða til að reisa félagið við.

Mest verðmæti með því að endurreisa félagið

Um 20 manns starfa hjá Sjávarleðri, þeim hefur verið sagt upp störfum, en að sögn Gunnsteins hefur fengist leyfi til að ráða um helming þeirra aftur. Stór hluti starfsmanna hefur verið í sumarleyfi í júlí en framkvæmdastjórinn segir að þegar ágúst gangi í garð sjái menn vonandi hvernig mál félagsins fari, hvort hægt verði að ýta úr vör á nýjan leik. „Starfsfólkið er auðvitað og því miður í lausu lofti um þessar mundir. Það er hins vegar ríkur vilji til að fá hjólin til að snúast á nýjan leik, aðalkröfuhafar þess telja hagsmunum sínum best borgið með þeim hætti. Það eru meiri verðmæti í því fólgin að endurreisa félagið heldur en að setja í lás," segir hann.

Gunnsteinn segir að starfsemi félagsins byggi á fjórum meginstoðum, unnið sé með roð og loðgærur og svo mokka og hrávöru. Vel hefur gengið með vinnslu úr roði og loðgærum, en annað er upp á teningnum þegar kemur að hinu síðarnefnda, mokka og hrávöru. „Það hafa alla tíð skipst á skin og skúrir með hrávöruna, hún gengur upp og niður og okkur er vel kunnugt um þær sveiflur sem eru á markaði þegar að henni kemur," segir hann.

Algjört hrun í sölu mokkaskinna

Algjört hrun hefur verið í sölu á mokkaskinnum á núverandi rekstrarári, en það hefst 1. september ár hvert og er það því langt komið. Velta á yfirstandandi rekstrarári er um 20 milljónir króna, en var á sama tíma á liðnu ári um 300 milljónir króna. „Það ástand sem skapast hefur á mörkuðum er mikill skellur fyrir félagið, við þetta ráðum við ekki og það má segja að þessi gríðarlega niðursveifla verður til þess að það er sjálfhætt," segir Gunnsteinn. „Þetta gerist á mjög skömmum tíma og er ekkert annað en reiðarslag."

Markaðir í Rússlandi lokaðir

Lokun markaða í Rússlandi er ein helsta ástæða þess að fór sem fór, en stór hluti af framleiðsluvörum Sjávarleðurs fór á þann markað. Evrópumarkaður er í ofanálag ekki sterkur, en inn á þann markað senda Tyrkir mikið magn af ódýrum mokkaskinnum sem ekki er hægt að keppa við. Til að bæta gráu ofan á svart var síðastliðinn vetur með hlýrra móti og sala á mokkaskinnum fyrir vikið minni en vant er. Loks nefnir Gunnsteinn að íslenska krónan hafi styrkst undanfarið og það hafi einnig sitt að segja.

Skynsamlegasta leiðin

Gærukaup fara fram á haustin og keypti fyrirtækið inn afar lítið af gærum síðastliðið haust þar sem samdráttur var þá þegar hafinn og til voru birgðir frá fyrri árum. Þau ljón sem verið hafa í vegi félagsins á liðnum vetri gera nú að verkum að mikill lager er til staðar sem lækkar í verði dag frá degi. „Við bregðumst við með því að afskrifa birgðir og skuldirnar hlaðast upp. Þá kemur að því á ákveðnum tímapunkti að ekki er hægt að fara nema eina leið, skynsamlegasta leiðin út úr þessum ógöngum var að fara með félagið í greiðsluþrot," segir Gunnsteinn.

Kappkostað er að hraða þeirri vinnu sem félagið er í og varðar endurreisn, en fyrir hendi eru áhugasamir aðilar, bæði hér heima og erlendis, sem eru tilbúnir að koma til liðs við fyrirtækið.

Mikilvægt að ekki verði rof í framleiðslunni

Það sem nú blasir við er að halda áfram þeirri starfsemi sem vel hefur gengið með, þ. e. með roð og gærur og kveðst Gunnsteinn nokkuð bjartsýnn á að takist að fá hjólin í gang á nýjan leik hvað þann þátt varðar. „Það er afskaplega mikilvægt að ekki verði rof í framleiðslunni og að okkur takist að standa við þær skuldbindingar sem við höfum gert varðandi afhendingar á vörum til okkar viðskiptavina. Við kappkostum að hraða þeirri vinnu sem við nú erum í og varðar endurreisn, en fyrir hendi eru áhugasamir aðilar, bæði hér heima og erlendis, sem eru tilbúnir að koma til liðs við okkur," segir hann.

Hjá Sjávarleðri er fyrir hendi mikil þekking, en fyrirtækið hefur verið í fararbroddi þegar kemur að sútun á fiskroði. Það gefur mönnum tilefni til bjartsýni á að áfram verði haldið.

/MÞÞ

Er meltingin að valda vandræðum?

– Guðrún Bergmann, rithöfundur og heilsuráðgjafi hefur undanfarið ár haldið fjölda stuðningsnámskeiða við hreint mataræði

Ég hef rekið mig á að flestir, ef ekki allir þátttakendur eru með einhver meltingarvandamál og samhliða þeim mismikil hægðavandamál. Í kínverskri læknisfræði er talað um að meltingarkerfið sé bara ákveðið langt og þegar eitthvað sé sett inn, þurfi eitthvað annað að fara út. Í þeirri læknisfræði er þess vegna talað um að eðlilegt sé að hafa hægðir 2-3svar á dag eða jafnoft og við borðum stóra máltíð.

Hljómar kannski ekki spennandi að hefja grein með umfjöllun um hægðir, en þær eru nú einu sinni nauðsynlegur hluti af lífinu. Hvet þig samt endilega til að halda áfram að lesa, þar sem ég ætla að fjalla um leiðir til að bæta meltingu og losun, hvernig styrkja má meltingarflóruna og af hverju bæta ætti olíu á tankinn, þ.e. líkamstankinn.

STEINEFNIÐ SEM STYRKIR OG LOSAR

Þótt Bændablaðið sé víðlesið geri ég ráð fyrir að flestir sem það lesi búi í dreifbýli. Sumartíminn er mikill álagstími, hvort sem stundaður er búskapur eða ferðaþjónusta, að ég tali nú ekki um þegar um hvorttveggja er að ræða. Þegar líkaminn er undir álagi, stillir hann sig undir átök. Við það losar hann sig við ýmis efni, eins og t.d. magnesíum, en það er eitt mikilvægasta steinefni líkamans. Því þarf reglulega að endurnýja birgðir líkamans af magnesíum, því það steinefni hefur áhrif á allt að 330 boðskipti í honum.

Nýlega kynntist ég nýrri magnesíumblöndu frá NOW, þar sem magnesíum er í 2svar sinnum meira magni en kalk, en jafnframt er að finna í blöndunni hið mikilvæga D-3 vítamín, svo og sink, sem er nauðsynlegt fyrir bestu nýtingu líkamans á magnesíum. Þessi blanda er ótrúlega öflug og með allt í einu glasi ef svo má segja. Hún styrkir og hressir fólk og örvar losun á uppsöfnuðum hægðum.

GOTT VIÐ VÖÐVAVERKJUM OG SINADRÆTTI

Bandarískі náttúrulæknirinn Dr. Murray, segir að í mörg ár hafi aðalfókusinn verið á kalk fyrir líkamann, en magnesíum sé í raun mikilvægara steinefni fyrir flesta. Yfir 50% af magnesíumbirgðum líkamans er í beinum hans, en magnesíum er líka að finna í frumum um allan líkamann. Einungis lítið magn þess er að finna í blóði okkar.

Magnesíum er afar nauðsynlegt starfsemi frumnanna og hefur mikil áhrif á:

- Það hvort blóð kekkjast
- Efnasamsetningu heilans
- Vöðvasamdrátt
- Brennslu í líkamanum
- Ónæmisvarnir líkamans
- Insúlínnæmi og nýtingu líkamans á glúkósa
- Starfsemi öndunarfæranna
- Reglu á blóðþrýstingi
- Samþættingu margra efnasambanda

Merki og einkenni um mikinn magnesíumskort koma fram í síþreytu, heilaþoku, pirringi, þróttleysi, hjartatruflunum, vandamálum í leiðni taugaboða og vöðvasamdrætti, vöðvakrampa (sinadrætti), skorti á matarlyst, svefnleysi og litlu viðnámi gegn streitu og álagi.

HVAÐ ERU GÓÐGERLAR?

Góðgerlar eða Probiotics (samheiti) eru gerlar, sem stuðla að betri meltingarflóru, svo þegar búið er að taka inn Magnesium/Calcium 2:1 frá NOW í 4-5 daga, er frábært að byrja að taka inn góðgerla eins og t.d. Gr8-Dophilus til að byggja upp betri gerlaflóru í meltingarveginum. Í Gr8-Dophilus er öflug blanda góðgerla, hylkin leysast upp í þörmunum og þurfa ekki að geymast í kæli, sem er alltaf kostur.

En af hverju þarf að taka inn gerla fyrir þarmana? Meðal annars vegna þess að þeir hjálpa til við upptöku á ýmsum bætiefnum og næringu, örva hreyfingu á meltingarveginum og bæta þar af leiðandi meltingarferlið. Þeir losa meltingarveginn líka við það sem þar á ekki að vera og koma aftur á jafnvægi í þarmaflórunni, sem kann að hafa raskast við inntöku á sýklalyfjum, of mikilli sykurneyslu eða af miklu álagi og vinnu.

Vísindamenn hafa komist að raun um að það er bein tening milli þarma og heila og því getur góð melting líka létt okkur lund og gert okkur skýrari í hugsun.

Rannsóknir hafa sýnt að inntaka góðgerla hefur eftirfarandi áhrif:

- Kemur jafnvægi á meltingarflóruna
- Stuðlar að betri heilastarfsemi
- Hefur lækkandi áhrif kólesteról
- Dregur úr háþrýstingi
- Kemur jafnvægi á ýmsar meltingartruflanir
- Vinnur gegn síþreytu og psoriasis, en ýmsir læknar telja að psoriasis sé mjög tengt meltingarvandamálum hjá fólki

Að auki draga góðgerlar úr candida sveppasýkingu, uppþembu, magakrampa, bakflæði og koma jafnvægi á óreglulegar hægðir.

OG SVO ER ÞAÐ OLÍAN

Þar sem við erum ekki eins og bílar, sem hægt er að tappa af gamalli olíu og setja reglulega á nýja, gerum við okkur oft ekki grein fyrir hversu mikinn olíuskort líkaminn í raun líður. Talið er að skortur á Omega-3 olíum leiði til alvarlegra andlegra og líkamlegra heilsufarsvandamála og geti jafnvel verið undirliggjandi ástæða þess að margir falli frá fyrir aldur fram. Neysla á fitum hefur verið mikið rannsökuð í tengslum við ýmis krabbamein, aðallega í brjóstum og blöðruhálskirtli, og er skortur á Omega-3 talin vera algengasti undirliggjandi þáttur í krabbameinum og hjartavandamálum.

Omega-3 er talið:

- Draga verulega úr hjartavandamálum og hættu á heilablóðfalli
- Koma jafnvægi á kólesterólið
- Efla almenna starfsemi heilans, þar með talið minni og draga úr Parkinson's einkennum
- Vera öflugt gegn hvers konar sjálfsónæmissjúkdómum
- Hafa heilandi áhrif á sáraristilbólgu og draga úr beinþynningu
- Minnka líkur á krabbameinum í brjóstum og blöðurhálskirtli
- Draga úr liðbólgum og liðagigt

Með þetta í huga er ekki úr vegi að bæta Omega-3 frá NOW við á innkaupalistann og taka það inn reglulega, til að verja eigin heilsu sem best.

Heimildir: www.mercola.com og www.drmurray.com

HROSS & HESTAMENNSKA

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com

Birna og Agnar Þór á Garðshorni á Þelamörk fylgja hjartanu í hrossarækt:

Ævintýralegur árangur hjá ungu ræktunarbúi

Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Agnar Þór Magnússon í Garðshorni á Þelamörk standa að baki áhugaverðri verðlaunahrossarækt. Stóðhestur úr þeirra ræktun stóð uppi sem sigurvegari í yngsta flokki á Landsmóti hestamanna, en þetta er ekki í fyrsta sinn sem ræktun þeirra vekur athygli fyrir frambærileg ung hross.

Sirkus frá Garðshorni á Þelamörk stóð efstur í flokki 4 vetra stóðhesta á Landsmóti hestamanna. Sirkus mun vera næsthæst dæmdi 4 vetra hestur fyrir hæfileika í heiminum en hann hlaut 8,71 fyrir kosti þar af einkunnina 9,5 fyrir vilja og geðslag. Hann hlaut 8,17 fyrir byggingu og í aðaleinkunn 8,49. Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Agnar Þór Magnússon ræktuðu stóðhestinn. Þau kenndu ræktun sína áður við Lambanes í Dalasýslu en í dag kenna þau öll sín hross við Garðshorn á Þelamörk þar sem þau búa.

Birna og Agnar Þór hafa bæði áratuga reynslu af hestamennsku og búa því að gagnlegri reynslu og þekkingu sem hefur fleytt þeim í fremstu röð hrossaræktenda landsins. Ræktunarbú þeirra hefur í tvígang verið tilnefnt sem ræktunarbú ársins og hlutu þann titil árið 2014. Ræktun þeirra hefur ekki síst vakið athygli fyrir framgangi ungra hrossa á kynbótabrautinni, en sem dæmi komu sex hross úr þeirra ræktun til dóms í vor, fimm þeirra fjögurra vetra og ein fimm vetra gömul. Hlutu fimm þessara ungu hrossa fyrstu einkunn, þar af voru fjögur þeirra einungis 4. vetra gömul. Þá eru ekki nema þrjú ár síðan annar stóðhestur úr þeirra ræktun, Hersir frá Lambanesi, hlaut hæstu einkunn 4 vetra hesta eftir kynbótaárið 2013.

Agnar Þór og Birna, hrossaræktendur á Garðshorni á Þelamörk, ásamt nokkrum fulltrúum ræktunar sinnar á Landsmótinu á Hólum. Agnar Þór heldur í Garún og Sirkus, hæst dæmda 4 vetra stóðhest Landsmótsins. Birna heldur í Hersi og Laxnes frá Lambanesi. Báðir byrjuðu þeir feril sinn vel á kynbótabrautinni en hafa á síðastliðnu ári komið fram í keppnum. Garún, Sirkus og Laxnes eru öll undan Sveiflu frá Lambanesi og Hersir undan dóttur Sveiflu.
Myndir / GHP

Ótamin stofnhryssa

Góður árangur í hrossarækt grundvallast af góðum ræktunarhryssum. Agnar og Birna byggja ræktun sína að mörgu leyti á einni hryssu, Sveiflu frá Lambanesi. Agnar fékk Sveiflu til eignar þegar hann var aðeins tvítugur, og var hryssan aldrei tamin því hún hafði týnst í nokkur ár. Agnar hafði þó trú á getu hryssunnar þar sem hún fór um á skrefmiklum gangi með miklum fótaburði að hans sögn. Hann hefur þar veðjað á rétta hryssu því Sveifla gaf samtals fjórtán afkvæmi, níu þeirra hafa komið til kynbótadóms og hafa sjö þeirra hlotið fyrstu verðlaun. Nokkrar dætur Sveiflu bera hróður hennar áfram í ræktunarhópi Garðshorns á Þelamörk og er landsmótssigurvegarinn Sirkus næstsíðasta afkvæmi þessarar gömlu stofnhryssu.

Gleði að rækta góð hross

Það sem vekur einnig eftirtekt þegar litið er á ræktun þeirra Agnars og Birnu er pörun og val á stóðhestum. Þar má segja að þau treysti á innsæi og þekkingu. „Við veljum það sem höfðar sérstaklega til okkar og fylgjum hjartanu. Maður nær ekki árangri í ræktun ef maður fylgir bara tískustraumum. Við höfum tamið allar ræktunarhryssurnar og sýnt að undanskilinni Sveiflu og þekkjum þær því mjög vel sem skiptir miklu máli við val á stóðhestum," segir Agnar Þór.

„Hann hefur frá upphafi verið mjög gefandi hestur að vinna með og erum við mjög ánægð með hve vel hefur tekist að sameina marga eftirsóknarverða gæðingskosti í einum grip," segir Birna um stóðhestinn Sirkus sem hlaut meðal annars einkunnina 9,5 fyrir vilja og geðslag og 9 fyrir tölt.

Sem dæmi um þetta er þegar þau völdu þónokkuð óþekktan stóðhest, Fáfni frá Hvolsvelli, fyrir allar hryssur sínar eitt árið. Birna hafði séð hestinn á kynbótasýningu og hrifist mikið af honum. „Hann virkaði á mig eins og geðgóður gæðingur með eðlisfótaburð. Hann hlaut háan byggingar- og hæfileikadóm, til dæmis 9 fyrir háls, tölt, brokk, vilja og geð og fegurð í reið, auk þess að hafa áhugaverðar ættir á bakvið sig. Hann hafði skemmtilega útgeislun og var skrefmikill. Hann hafði þá þætti sem við höfum verið að leitast eftir í okkar ræktun."

Fáfnir var lítið notaður hér á landi og var seldur til Þýskalands árið 2012. Hann skilur þó eftir sig góðan fulltrúa, þökk sé framsýni ungu ræktendanna því undan honum er Sirkus. Auk þess eignuðust Birna og Agnar fjögur önnur áhugaverð hross undan honum. „Gleðin við þennan árangur er í raun að hafa valið það sem við vildum sjálf. Það skiptir máli að hafa persónulega gaman af hrossunum sem notuð eru til undaneldis og leitast eftir að rækta það sem maður heldur að muni veita manni ánægju," segir Birna.

Innt eftir hve lykillinn sé að góðum árangri svo ungra hrossa segja Agnar Þór og Birna að fóðrun við uppeldi hrossa skipta sköpum þegar kemur að undirbúningi fyrir tamningu og þjálfun „Það þarf að passa vel upp á hrossin í uppvextinum, sérstaklega stóðhestana, fóðra þau vel svo vöðvalagið byggist rétt upp," segir Agnar Þór. Þau nefndu jafnframt að góð ástundun, vandasöm uppbygging og þjálfun hrossanna skipta miklu máli. Að hrossin séu andlega og líkamlega vel uppbyggð þannig að þau séu undir það búin að sýna það sem í þeim býr þegar til dóms er mætt.

Geðslagsgull

Agnar Þór og Birna lýsa Sirkusi sem einstökum karakter. „Geðslagið og hreyfieðlið er frábært, það er mikil mýkt í skrokknum. Hann kemur mér alltaf á óvart þegar ég sest á hann," segir Agnar Þór og nefnir sem dæmi jafnaðargeðið sem hann sýndi í verðlaunaveitingu Landsmótsins. „Þar kemur hann inn á völlinn sem var umvafinn klappandi fólki og myndavélum um allt. En hann var bara sultuslakur allan tímann. Hann er alltaf svo þægur og fús."

Birna segir þau hafi fundið það strax í frumtamningu að Sirkus væri efni í gæðing. „Sirkus hefur frá upphafi verið mjög áhugaverður hestur, næmur, fljótur að læra og skemmtilegur karakter. Hann er með sterkar gangtegundir, hefur til dæmis skemmtilegt fjaðurmagnað brokk, mikið stinnt og öruggt og styrkurinn er mikil. Hann hefur frá upphafi verið mjög gefandi hestur að vinna með og erum við mjög ánægð með hve vel hefur tekist að sameina marga eftirsóknarverða gæðingskosti í einum grip."

Framför í hrossarækt hafa meðal annað skilað sér í bættu lundarfari hrossa. Agnar og Birna leggja mikið upp úr ræktun geðgóðra hrossa og hlaut Sirkus m.a. 9,5 fyrir vilja og geðslag. En hvað er gott geðslag? „Algjört spennuleysi og jákvæðni. Sirkus er þannig að ef þú ferð í reiðtúr og ætlar að vera rólegur, þá er hann slakur. Ef maður biður um meira, þá gefur hann meira, en slakar svo vel eftir á. Viljinn er þannig akkúrat eins og maðurinn sem situr á honum vill hafa hann," segir Agnar Þór.

„Gott geðslag lýsir sér í hesti sem hugnast knapanum og sýnir ekki mótþróa, en er þvert á móti kátur og samstarfsfús. Í tilfelli Sirkusar þá hefur aldrei þurft að þvinga hann, heldur hefur þjálfun hans snúist um að laða fram kostina og styrkja hann á jákvæðan hátt, með því að byggja upp styrk og þol og hjálpa honum með jafnvægið," segir Birna.

Hestafjölskyldan sameinast

Landsmót eru annasöm hátíð hjá hestaeigendum og knöpum en Agnar segir að góð aðstaða og skipulag á Hólum hafi gert þátttökuna afar ánægjulega. „Það hefur verið rosalega gaman að taka þátt og vera með í að skapa þessa heild. Það hefur verið sérstaklega gott þar sem aðstaðan hér er til fyrirmyndar bæði fyrir hesta og þátttakendur. Nálægðin við fólkið er skemmtileg, hesthúsin eru í göngufjarlægð og maður getur því auðveldlega labbað á milli, horft á dagskrána milli sýninga, slakað á og hitt fólk," segir Agnar Þór.

Birna nefnir einnig góðan aðbúnað í hesthúsinu á Hólum, en þar voru saman komin tæp 200 þátttökuhross og því var ávallt mikið um að vera frá morgni til kvölds. „Eitt það skemmtilegasta við þetta mót er sú stemning sem hefur myndast í hesthúsinu. Þar er frábært að vera og spjalla við kollegana milli sýninga í stað þess að vera á víð og dreif," segir Birna og Agnar Þór tekur í sama streng. „Þar sameinaðist hestafjölskyldan."

Í huga þeirra eru Hólar í Hjaltadal því komin til að vera landsmótsstaður. „Þetta er besti staðurinn sem við höfum verið á. Hér höfum við ekki þurft að standa í neinum flutningum á hestum til og frá mótsstað. Ég finn það á hestunum að andleg streita er engin. Stanslaus akstur milli staða og það að vera í kerru getur skapað spennu. Því er þetta ekki síst góður staður út frá velferðarsjónarmiðum," segir Agnar Þór.

Þau segjast jafnframt greina sýnileg framför í gæðum tamningar og þjálfunar á hrossum. „Þá má sjá bætta reiðmennsku knapanna sem ég tel stóran þátt í framförunum. Knaparnir eru farnir að hugsa um sig sjálfa sem íþróttamenn, ekki síður en hestana," segir Birna. Þessum hugsunarhætti hefur fleytt fram á undanförnum árum. „Maður kemst bara hálfa leið á því að hafa hrossin í toppþjálfun. Það er jafnmikið atriði að knapinn sé í góðu líkamlegu ástandi svo hann hafi jafnvægi á móti hestinum. Þetta er sérstaklega mikilvægt hjá ungum hrossum," bætir Agnar Þór við.

Sirkus falur

Hrossaræktendurnir hafa enga ákvörðun tekið um framtíð Sirkusar. „Við höfum trú á að hann eigi eftir að geta reynst vel sem kynbótahestur og sé efni í mjög frambærilegan keppnishest til að mynda. Þar sem við vinnum við að rækta hross, temja og selja hross þá erum við opin fyrir að selja hann," segja þau.

Sjálf ætluðu þau að fagna árangrinum í langþráðri utanlandsferð með börnum sínum. „Við erum ekki búin að meðtaka árangurinn fyrir þetta litla ræktunarbú okkar. Við erum hins vegar ákaflega stolt og í raun hrærð. Það er ótrúlegt hvernig þetta hefur spilast út hjá okkur, " segir Agnar Þór.

Sumarilmur

Fangaðu sumarilminn

Á sumrin taka skilningarvitin við sér. Fuglasöngur ómar, gras grænkar og ljúfur sumarilmur boðar komu þessarar notalegu árstíðar. Samspil landbúnaðar og ferðaþjónustu skapar verðmæti sem aldrei fyrr og hafa þessar atvinnugreinar mjög jákvæð áhrif hvor á aðra.

Í tilefni þess hafa ferðaþjónustan og landbúnaðurinn tekið höndum saman og sett af stað leik sem fagnar sumarilminum í sínum ólíku myndum. Festu þína sumarstemmningu á mynd sem sýnir samspil landbúnaðar og ferðamennsku og merktu hana með **#sumarilmur** á Instagram. Myndirnar birtast á sumarilmur.is og í hverri viku verður sú mynd valin sem best þykir sýna anda sumarsins, íslensku sveitirnar og ferðalög innanlands.

Sá sem á mynd vikunnar fær glæsileg verðlaun en á meðal vinninga eru gisting og afþreying innanlands og alls kyns upplifun tengd mat og öðru sumarlegu.

Heildarandvirði verðlaunanna er hátt í 3 milljónir svo það er til mikils að vinna.
Vinningshafar verða kynntir á Rás 2 og þeir fengnir til að segja frá sögunni á bakvið myndina.

sumarilmur.is **#sumarilmur**

Í umræðunni

Búvörusamningar í garðyrkju:

Hafa aukið fjölbreytni og framboð á gæðavörum allt árið

Fyrsti búvörusamningurinn í garðyrkju var gerður árið 2002. Til að gæta nákvæmni hét samningurinn reyndar því óþjála nafni „Aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands / Sambands garðyrkjubænda“.

Katrín María Andrésdóttir,
framkvæmdastjóri SG
kma@gardyrkja.is

Búvörusamningar eru samstarfssamningar ríkis og bænda

Sennilega væri meira lýsandi að búvörusamningar hétu samstarfssamningar. Það eru þeir í raun þar sem allir aðilar hafa réttindi og skyldur er lúta að því að uppfylla sameiginleg markmið. Í samningagerðinni felst að aðilar koma sér saman um með hvaða hætti umgjörð framleiðslunnar verði í tiltekinn tíma. Slíkur rammi er mikilvægur til að auðvelda áætlanir um starfsgreinina, svo sem áform um fjárfestingar og mat á þáttum svo sem nauðsynlegu landrými, ræktunarþörf, eftirspurn, menntunarþörf í starfsgreininni, vinnuaflsþörf og fjölmörgu öðru. Þótt búvörusamningar séu mikilvægir bændum eru þeir ekki síður nauðsynlegt stjórntæki fyrir hið opinbera, sem mótar umgjörð landbúnaðarins í samræmi við aðra stefnumótun í landinu. Rétt eins og framleiðsluferlar í landbúnaði geta verið mjög langir, á það ekki síður við um verkefni hins opinbera, s.s. uppsetningu nýrra námsbrauta í takt við breytingu á menntunarþörfum, aðlögun laga og reglugerða að nýjum framleiðsluháttum í matvælaframleiðslu, þróun landbúnaðar og löggjafar erlendis o.fl. Það er því nauðsynlegt fyrir alla samningsaðila að hafa skýran ramma um samstarfið til lengri tíma. Endurskoðunarákvæði í samningum tryggja að samningsaðilar geti brugðist sameiginlega við ófyrirsjáanlegum aðstæðum sem upp kunna að koma.

Tollvernd hefur verið afnumin af tómötum, gúrkum og paprikum en beingreiðslur teknar upp í staðinn.

Breytingar

Engum þarf að blandast hugur um að þróun í garðyrkju hefur verið ör síðustu ár og miklar breytingar hafa orðið frá því fyrsti samningurinn var gerður fyrir 14 árum. En af hverju – hvað gerðist?

Fyrst ber að nefna að fjölmargir áhrifaþættir í ytra umhverfi greinarinnar hafa tekið miklum stakkaskiptum, s.s. fjöldi ferðamanna, matarvenjur þjóðarinnar, tækni í garðyrkjustöðvum og samfélaginu öllu. Eftirspurn eftir innlendum garðyrkjuafurðum hefur vaxið mjög á þessu tímabili en það hefur framleiðslugetan líka gert. Líkt og í öðrum greinum landbúnaðar hefur framleiðendum fækkað en bú þeirra jafnframt stækkað. Fjölbreytni í ræktun hefur aukist og nú má einnig fá fleiri tegundir yfir lengra tímabil, þ. e. fleiri vikur á ári hverju.

Garðyrkjubændur hafa verið duglegir að tileinka sér nýjungar í ræktun og miðla þekkingu sín á milli. Innlendir og erlendir garðyrkjuráðunautar gegna lykilhlutverki í framþróun greinarinnar. Myndir / Samband garðyrkjubænda

Markmið með búvörusamningum í garðyrkju

Við gerð samningsins árið 2002 voru sett fram markmið og hafa þau í raun verið kjarni samstarfsins síðan.

Markmiðin hafa m.a. falist í því að:

- Lækka verð til neytenda á garðyrkjuafurðum.
- Auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu.
- Treysta tekjugrundvöll framleiðenda.

Til að ná fram markmiðum samningsins hafa m.a. verið farnar eftirfarandi leiðir:

- Ríkið hefur með samningi við orkufyrirtækin greitt niður hluta kostnaðar við flutning og dreifingu raforku til garðyrkjustöðva í ylrækt.
- Tollvernd hefur verið afnumin af tómötum, gúrkum og paprikum en beingreiðslur teknar upp í staðinn.
- Stutt hefur verið við bændur vegna úreldingar gróðurhúsa og uppsetningu lýsingarbúnaðar.
- Árlega hafa verið veitt framlög til verkefna á sviði kynningar, rannsókna, þróunar og endurmenntunar. Svipar þeim stuðningi mjög til ýmissa annarra atvinnulífssjóða sem styðja við vöruþróun, nýsköpun o.fl.

Hvað hefur tekist best?

Það er fróðlegt að velta því upp hvort þau markmið sem sett voru hafi náðst. Á því hafa verið gerðar samantektir og fyrir liggja ýmsar tölulegar upplýsingar sem ekki er svigrúm til að birta hér. Ekki er um það deilt að verð á grænmeti til neytenda, bæði innlendu og innfluttu, hefur lækkað. Þróun í lýsingu hefur orðið mjög veruleg, bæði hvað varðar aukinn ræktunarárangur en ekki síður þegar litið er til hagkvæmari nýtingar á þeirri orku sem til lýsingarinnar fer.

Framlög til kynningarstarfs, rannsókna og vöruþróunar hafa verið greininni afar mikilvæg og átt stóran þátt í að tekist hefur að auka fjölbreytni og framboð á gæðavörum árið um kring. Sífellt fjölgar einnig þeim vörum sem unnar eru úr innlendum garðyrkjuafurðum og rík áhersla er lögð á gæðastarf, bæði í höndum bænda og afurðastöðva þeirra.

Sú markvissa þekkingaryfirfærsla sem átt hefur sér stað með reglulegum komum erlendra ráðunauta hingað til lands er ánægjulegt dæmi um góðan og skilvirkan stuðning sem skilað hefur framúrskarandi árangri. Framlag í búvörusamningum hefur m.a. verið nýtt til að niðurgreiða kostnað við komu erlendu ráðgjafanna sem eðlilega er verulegur. Með endurteknum heimsóknum í garðyrkjustöðvar í fylgd innlendra ráðunauta hafa erlendu ráðunautarnir kynnst ræktunaraðstæðum hérlendis og geta nú í auknum mæli sniðið ráðgjöf sína og þjónustu að íslenskri garðyrkju. Innlendu ráðunautarnir fylgja eftir ráðgjöf og þjónustu þeirra erlendu og njóta góðs af þekkingu kollega sinna og eiga við þá samstarf um nýjungar í garðyrkju o.fl. Þeir garðyrkjubændur sem rætt var við vegna ritunar þessarar greinar voru allir á einu máli um að þessi aðstoð erlendu ráðunautanna og uppbygging þekkingar meðal bænda og ráðunauta innanlands væri annað af tveimur atriðum sem mestan árangur hefði borið frá því samstarf á vettvangi búvörusamninga í garðyrkju hófst. Hitt atriðið er sú jákvæða og mikla þróun í lýsingu í ylræktinni sem skilað hefur prýðilegum árangri.



Stutt hefur verið við bændur vegna uppsetningar lýsingarbúnaðar.

Enn er verk að vinna

Þótt hér hafi verið rakin dæmi um þau markmið sem náðst hafa fram er björninn ekki unninn þegar kemur að afkomu bænda. Nauðsynlegt er að vinna áfram að því að styrkja þann þátt og gera þarf sérstakt átak til að auðvelda nýliðun í greininni. Slíkt verkefni þarf að vinna með langtímasjónarmið í huga, þróunin á Norðurlöndunum og víðar sýnir að nýliðun í landbúnaði er mikil og vaxandi áskorun.

Það er einnig viðvarandi verkefni hjá garðyrkjubændum að njóta ásættanlegra kjara vegna kaupa á raforku til ylræktar. Það er verkefni Íslendinga, sem þjóðar, að forgangsraða með hvaða hætti nýta eigi sameiginlegar auðlindir. Þar hlýtur garðyrkjan að njóta vaxandi skilnings og forgangs í framtíðinni. Kannanir sýna að innlendar garðyrkjuafurðir njóta mikils velvilja íslenskra neytenda og kolefnisfótspor íslenska grænmetisins er í öllum tilfellum mun minna en þess innflutta skv. þeim mælingum sem gerðar hafa verið.

Framangreindir þættir verða áfram til úrlausnar í þeim samstarfssamningum sem kallast í daglegu tali búvörusamningar. Framtíðin er björt – og græn.



Fjallalamb á Kópaskeri setur upprunamerktar afurðir á markað:

Stór skref í gæðum, rekjanleika og tengingu neytenda við framleiðendur

Fjallalamb á Kópaskeri hefur nú sett á markað nýjar upprunamerktar afurðir og hafa viðtökur á markaði verið mjög góðar. Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambs, segir fyrirtækið með þessu stíga stórt skref í gæðum, rekjanleika og tengingu neytenda beint til framleiðanda vörunnar. Til að byrja með verður félagið með heil og hálf læri, heila og hálfa hryggi, og grill- og súpusagaða framparta.

Sigríður Jóhannesdóttir tekur við verðlaunum fyrir hönd Ólínu og Benedikts fyrir mestu meðaltalsframfarir í fjárrækt á innleggjendasvæði Fjallalambs. Björn Víkingur framkvæmdastjóri afhenti verðlaunin á aðalfundi félagsins.

Dagbjartur Bogi Ingimundarson í Brekku tekur við viðurkenningu fyrir hæsta meðalverð dilka innlagða hjá Fjallalambi haustið 2015. Björn Víkingur afhenti.

Allar upplýsingar um bónda og býli á snjallsímavænni heimasíðu

„Við vorum áður með hálfa skrokka í kassa, voru þeir merktir framleiðanda og gátu viðskiptavinir flett honum upp á heimasíðu okkar. Nú tökum við þetta skrefinu lengra, höfum uppfært heimasíðuna og hver og einn bóndi er með sína eigin síðu. Þannig geta eigendur snjallsíma skannað vöruna í búðinni og fengið allar upplýsingar um bónda og býli," segir Björn Víkingur en á síðu hvers og eins bónda eru margvíslegar upplýsingar, eins og hvaða verkefnum hann sinni, afurðir á síðasta ári, upplýsingar um jörðina, myndir og einnig er hægt að senda fyrirspurn beint til bónda. „Þarna höfum við ótæmandi möguleika á upplýsingum sem við getum sett inn fyrir hvern bónda, segir Björn Víkingur.

„Þetta er snjallsímavæn heimasíða og auðvelt fyrir notendur að fara inn á hana, en þeir sem ekki eru með síma af því tagi í vasanum á meðan verslað er geta flett framleiðslunúmerinu á vörunni upp á heimasíðunni okkar," segir Björn Víkingur.

Til að byrja með fást upprunamerktar vörur frá Fjallalambi í flestum stærri verslunum Krónunnar og Iceland.

Upprunamerktar afurðir frá Fjallalambi voru kynntar á aðalfundi félagsins sem haldinn var nú nýverið.

Viðurkenningar veittar

Á fundinum voru veittar viðurkenningar fyrir hæsta meðalverð haustsins 2015 og fyrir mestu meðaltalsframfarir í sauðfjárrækt á tímabilinu 2013 til 2015. Dagbjartur Bogi Ingimundarson á Brekku fékk viðurkenningu fyrir hæsta meðalverð dilka innlagða hjá Fjallalambi haustið 2015, 10.665,65 kr á dilk. Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir og Benedikt Líndal Jóhannsson, bændur á Brúarlandi, Þistilfirði, fengu viðurkenningu fyrir mestu meðaltalsframfarir í fjárrækt á innleggjendasvæði Fjallalambs.

Má tjalda hvar sem er?

Bannað að hafa næturgistingu utan tjaldstæða án leyfis landeigenda

Umhverfistofnun hefur gefið út leiðbeiningar fyrir ferðafólk um hvar má og má ekki tjalda. Samkvæmt lögum er bannað að tjalda utan tjaldstæða án leyfis landeigenda.

Guðfinnur Sigurvinsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, sagði í samtali við Bændablaðið að leiðbeiningarnar væru hluti af þjónustu stofnunarinnar við ferða- og heimamenn og ferðaþjónustuna í heild. „Við vonumst til að leiðbeiningarnar sem eru fáanlegar á íslensku og ensku á heimasíðu okkar, ust.is, eigi eftir að koma í veg fyrir að fólk slái upp tjöldum hvar sem er og ekki síst í friðlöndum.“

Ferðalangur hefur ákveðið að tjalda við Hvalvatn. Mynd / ÁÞ.

Ný lög um næturgistingu

Í leiðbeiningunum segir að það séu ýmis atriði sem hafa beri í huga í að tjalda eða hafa næturgistingu utan skipulagðra tjaldsvæða. Í nóvember 2015 tóku í gildi ný náttúruverndarlög þar sem nokkrar breytingar urðu á því hvar sé heimilt að tjalda. Til að mynda var lögunum breytt á þann hátt að nú er óheimilt að hafa næturgistingu í tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði utan skipulagðra tjaldstæða og þéttbýlis nema leyfi landeiganda eða rétthafa lands komi þar til.

Hvar má tjalda samkvæmt lögunum?

Samkvæmt lögum má tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum við alfaraleið í byggð til einnar nætur á óræktuðu landi sé tjaldsvæði ekki í næsta nágrenni og landeigandi hefur ekki takmarkað eða bannað aðgang að svæðinu með merkingum. Við alfaraleið í óbyggðum, hvort heldur er á eignarlandi eða þjóðlendu og utan alfaraleiðar hvort heldur sem á eignarlandi eða þjóðlendu sé annað ekki tekið fram í sérreglum sem kunna að gilda um svæðið.

Hvenær þarf að afla leyfis landeiganda eða rétthafa lands?

Leyfi landeiganda þarf ef til stendur að tjalda nærri mannabústöðum eða bæ, ef til stendur að tjalda til fleiri en einnar nætur, ef um er að ræða fleiri en þrjú tjöld og ef til stendur að tjalda á ræktuðu landi.

Ef um er að ræða tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða og þéttbýlis.

Hvar má ekki tjalda?

Eigandi lands eða rétthafi getur takmarkað eða bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af. Ef landeigandi eða rétthafi lands hefur útbúið sérstakt tjaldsvæði á sínu landi er honum heimilt að beina fólki þangað og taka gjald fyrir þjónustuna. Eins ef tjaldsvæði er í nágrenni eignarlandsins getur eigandinn beint fólki þangað.

Á friðlýstum svæðum geta verið takmarkanir á því hvort heimilt sé að tjalda þar. */VH*

Sömu reglur gilda um næturgistingu í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði utan skipulagðra tjaldsvæða og þéttbýlis.

Af einstaka þjóðernum fjölgaði Bandaríkjamönnum, Kanadamönnum, Bretum, Þjóðverjum, Svíum og Frökkum mest á milli ára.

Ferðamenn á Íslandi:

Tæplega 700.000 ferðamenn frá áramótum

Um 186 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í júní síðastliðnum samkvæmt talningum Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða nærri 50 þúsund fleiri en í júní í fyrra. Þá hafa brottfarir Íslendinga aldrei mælst jafn margar í einum mánuði.

Erlendum ferðamönnum heldur því áfram að fjölga. Aukningin nemur 36,8% á milli ára í júní og frá áramótum nemur hún 35,8%. Nú hafa tæplega 700 þúsund erlendir ferðamenn komið frá áramótum, 183 þúsund fleiri en á sama tíma í fyrra.

Fjórar þjóðir áberandi

Í fréttatilkynningu frá Ferðamálastofu segir að rúmur helmingur ferðamanna í nýliðnum júní voru af fjórum þjóðernum. Bandaríkjamenn voru langfjölmennastir eða tæp 30% af heildarfjölda. Næstir komu Þjóðverjar (9,3%), þar á eftir fylgdu Bretar (8,7% og Kanadamenn (7,0%).

Af einstaka þjóðernum fjölgaði Bandaríkjamönnum, Kanadamönnum, Bretum, Þjóðverjum, Svíum og Frökkum mest á milli ára. Þessar sex þjóðir báru uppi aukninguna í júní að miklu leyti. Af þeim var hlutfallsleg fjölgun mest frá Kanada en ferðamannafjöldinn þaðan ríflega tvöfaldaðist í júní.

Mikil fjölgun Bandaríkjamanna

Þegar litið er til fjölda ferðamanna í nýliðnum júní má sjá verulega fjölgun frá árinu 2010. Mest áberandi er fjölgun Bandaríkjamanna, úr 9 rúmlega í 69 þúsund. Þá hefur Mið- og Suður-Evrópubúum fjölgað úr um 17 þúsund í 40 þúsund á sama tíma. Fjöldi Breta hefur nærri þrefaldast. Heldur minni aukning hefur verið frá Norðurlöndunum en þó tæp 50%.

Hlutfall N-Ameríkana hækkar en Norðurlandabúa lækkar

Samsetning ferðamanna eftir markaðssvæðum hefur breyst töluvert frá árinu 2010. Í júní síðastliðnum voru Norðurlandabúar um 10,5% ferðamanna en hlutfall þeirra af heild hefur lækkað verulega síðustu ár, hefur farið úr 24% ferðamanna árið 2010. Hlutdeild N-Ameríkana hefur hins vegar farið vaxandi, var 17,2% af heild árið 2010 en var komin í 36,8% í ár. Hlutdeild annarra markaðssvæða hefur verið á líku róli á tímabilinu 2010 til 2016.

Ferðir Íslendinga utan

Um 67 þúsund Íslendingar fóru utan í júní síðastliðnum eða 19.300 fleiri en árið 2015. Um er að ræða 40,4% fleiri brottfarir en í júní 2015. Hafa brottfarir Íslendinga aldrei mælst fleiri í einum mánuði frá því að talningar Ferðamálastofu hófust en fyrra met var 54.800 í júní árið 2007. Ekki er ólíklegt að Evrópumótið í knattspyrnu hafi hér talsverð áhrif en í því sambandi er vert að slá þann varnagla að hugsanlega er óvenju algengt að um fleiri en eina brottför sé að ræða hjá sömu einstaklingum. Slíkt er þó ekki hægt að segja fyrir um með neinni vissu.

Uppskeruhátíð Ferðaþjónustu bænda

Ferðaþjónustubændur ætla að halda uppskeruhátíð 24.-25. október á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Þetta er í fyrsta sinn sem uppskeruhátíðin er haldin úti á landi en í ár voru aðalfundir haldnir í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um dagskrá verða sendar út fyrri hluta septembermánaðar en félagsmenn á svæðinu munu vera innan handar við skipulagninguna. Þeir sem vilja tryggja sér gistingu strax, eru hvattir til að hafa samband við Hildi Ýr á Hótel Laugarbakka í netfangið hotel@laugarbakki.is.

Norrænt þing kvenfélaga haldið í Vestmannaeyjum:

Bæta verður aðstæður fæðandi kvenna í dreifðum byggðum

„Það er óásættanlegt að konur þurfi að dvelja langdvölum fjarri heimilum sínum meðan þær bíða fæðingar eða séu sendar milli sjúkrastofnana, þannig að börn þeirra fæðist jafnvel í misjöfnum veðrum úti á þjóðvegum. Slíkt er bæði áhættusamt og óöruggt fyrir konur og ófædd börn þeirra," segir í ályktun um bættar aðstæður fæðandi kvenna og minnkandi fæðingartíðni og samþykkt var á norrænu þingi kvenfélaga sem haldið var í Vestmannaeyjum í liðnum mánuði.

Fram kemur í ályktun þingsins að fæðingartíðni fari lækkandi á Norðurlöndum, sem leiði af sér að öldruðum fjölgi og ójafnvægi í aldursdreifingu eykst. Inn í þá þróun spili margir þættir og megi þar nefna tekjuóöryggi foreldra og fáar fæðingardeildir, einkum í hinum dreifðari byggðum.

Telur þingið að til að sporna við þessari óheillaþróun þurfi að bæta aðstæður fæðandi kvenna og jafnframt að viðhalda gæðum þjónustunnar víða í hinum dreifðu byggðum og þar sem náttúruöflin geta verið óvægin. „Að lifa í sátt við náttúruna snýst m.a. um að viðhalda byggð um land allt," segir enn fremur.

Elisabeth Rusdal frá Noregi, fráfarandi formaður Nordens Kvinnoförbund, og Guðrún Þórðardóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands og nýr formaður Nordens Kvinnoförbund.
Mynd / Kvenfélagasambandið

Markmiðið að efla kynni og miðla reynslu

Á þinginu tók Guðrún Þórðardóttir, forseti Kvenfélagasambands Íslands við formennsku í Nordens Kvinnoförbund, NFK. Norræn þing kvenfélaga eru haldin á hverju sumri og skiptast Norðurlöndin á að halda þau, kvenfélagasambönd landanna skiptast einnig á um skipulagningu og framkvæmd þeirra. Markmiðið með þingunum er að efla kynni og miðla reynslu meðal kvenfélagskvenna auk þess að taka ákvarðanir fyrir félagsheildina. Allar kvenfélagskonur eru velkomnar á þingin. Um 110 konur sóttu þingið í Vestmannaeyjum. Fjölmargir fyrirlestrar voru fluttir á þinginu en þema þess var „Lifað í sátt við náttúruna".

Næsta þing verður haldið í Sandefjord í Noregi í júní árið 2017. */MÞÞ*

Sandsteinshellar á Ægissíðu við Hellu í Rangárþingi ytra:

Merkar minjar um sögu manngerðra hella sem brýnt er að varðveita

– Háskólanemar vinna að rannsókn og hyggjast útbúa hljóðleiðsögn

Sandsteinshellar á Ægissíðu við Hellu í Rangárþingi ytra eru merkar minjar um sögu manngerðra hella hér á landi. Notkun þeirra hefur aldrei verið skráð með skipulegum hætti né heldur hefur mikilvægi þeirra í menningu og landbúnaði aldrei verið rannsakað. Á liðnu vori fengu þau Árni Freyr Magnússon og Álfrún Perla Baldursdóttir, nemendur við Háskóla Íslands, styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að rannsaka þessar minjar og gera upplýsingar um þær aðgengilegar fyrir almenning. Þau vinna nú að því að safna saman heimildum, bæði munnlegum og skriflegum og útbúa ítarlegt fræðsluefni um hellana, en stefnt er að því að gera þá aðgengilega fyrir ferðamenn á svæðinu, allan almenning og háskólasamfélagið.

Hugmyndin að búa til hljóðleiðsögn

Upphaf þessa má rekja til þess að Stracta hótel var reist og tekið í notkun á Hellu og fóru eigendur þess að huga að afþreyingu fyrir þá ferðamenn sem þar dvelja. Vitneskja um hellana á Ægissíðu var fólki á svæðinu kunn. Forsvarsmenn Stracta hótels höfðu samband við Þórhall Ægi Þorgilsson, bónda á Ægissíðu 4, afa Álfrúnar, og spurðust fyrir um ástand hellanna og hvort möguleiki væri á að ferðamenn gætu skoðað þá. Þórhallur Ægir hafði sjálfur oft farið með hópa skólabarna til að skoða hellana. Leist honum vel á hugmyndina, en hellarnir voru ekki í því ásigkomulagi að hægt væri að fara með mikinn fjölda fólks ofan í þá. Úr varð að hann sótti um styrk og fékk fé til að loka hellunum þannig að þeir varðveittust betur en ella.

Skagahellir, sem enn þann dag í dag er notaður sem kartöflugeymsla.

Flestir hellarnir á Ægissíðu standa undir skemmdum og þarfnast viðhalds og viðgerða. Nú þegar eru hafnar framkvæmdir við Hlöðuhelli og Fjárhelli sem standa í Hellistúni.

„Við höfum nú í sumar unnið að þessu verkefni, höfum safnað saman ýmsum heimildum sem til eru og hugmyndin er að útbúa hljóðleiðsögn sem hægt verður að hlusta á í farsíma eða öðrum tækjum. Þannig geta ferðamenn sjálfir skoðað hellana og fengið um þá upplýsingar," segir Árni Freyr. Samhliða því verki er í samstarfi við Stracta hótel á Hellu unnið að því að koma í veg fyrir frekari skemmdir á hellunum, en þeir eru flestir í því ástandi að vera ósýningarhæfir sökum vanrækslu.

Tólf hellar í landi Ægissíðu

Árni segir að í landi Ægissíðu séu 12 hellar, allir manngerðir, en ekki er með vissu vitað um aldur þeirra eða hvers vegna þeir voru gerðir. Nokkrir af þessum 12 hellum hafa hrunið, en 5 standa eftir og hægt að gera þá sýningarhæfa. Því verki er ólokið. Tveir af hellunum er enn í notkun, Skagahellir og Búrhellir, báðir nýttir sem búr, m.a. eru í þeim geymdar kartöflur. Hina hellana var hætt að nota fyrir búsmala og hey á árunum eftir 1970, sá síðasti var tekinn úr almennri notkun árið 1975.

Langeldur og skáli

Árni segir að þegar íbúðarhúsið á Ægissíðu 2 var byggt árið 1966 hafi komið í ljós rústir af langeldi og skála umhverfis hann. Úr skálanum lá op ofan í Búrhelli, en innangengt hefur verið úr skálanum og í hellinn, en þar mátti sjá för eftir 7 keröld. „Hellirinn er líklegast jafngamall skálanum. Íslendingar hættu að nota langelda á 14. öld svo draga má þá ályktun að hellirinn sé að minnsta kosti það gamall en allt eins er líklegt að hann sé eldri. Þessi vitneskja skipar hellunum í hóp með allra elstu mannabústöðum sem enn standa hér á landi," segir Árni. Íbúðarhúsið var byggt yfir landnámsbæinn og er innangengt úr því og yfir í Búrhelli, þannig að einungis er hægt að komast inn í hann með því að fara um kjallarann í Ægissíðu 2.

Liður í viðamiklu þróunarverkefni

„Það má eiginlega ekki seinna vera að hefja rannsókn á þessum hellum, notkun þeirra hefur minnkað til mikilla muna og sögur um þá og notagildi þeirra eru nú einungis þekktar meðal eldra fólks. Við höfum verið að ræða við eldri borgara hér á svæðinu og skrá niður munnmælasögur áður en þær falla í gleymsku," segir Árni. „Þessi rannsókn miðar svo að því að byggja upp ferðamannastað sem fyrr á árum var vinsæll en hefur fallið í gleymsku eftir að bændur hættu að sýna þá. Okkar rannsókn er hluti af viðamiklu þróunarverkefni með þátttöku landeigenda, fyrirtækisins Stracta Travel á Hellu, Minjastofnunar Íslands og fræðimanna við Háskóla Íslands. Ætlunin er að byggja upp áningarstað fyrir ferðamenn á Ægissíðu þar sem hægt verður að skoða hella, ganga um svæðið og njóta útsýnis," segir hann.

Eykur aðdráttarafl svæðisins

Árni nefnir að Einar Benediktsson skáld hafi á sínum tíma, á árunum eftir þarsíðustu aldamót, haft mikinn áhuga fyrir hellunum, en hann var sýslumaður Rangárþings á árunum 1904 til 1907. Kannaði hann m.a. hellana á Ægissíðu. Einar var þeirrar skoðunar að Ísland hefði verið numið á undan norrænum mönnum og nefndi í því sambandi t.d. Fönikíumenn, Rómverja og Papa. Það sem rennur stoðum undir kenningar af því tagi segir Árni þá staðreynd að hellar hafi ekki verið notaðir sem mannabústaðir í Skandinavíu, en vel þekktir sem slíkir á Írlandi. „Kenningar af þessu tagi er erfitt að sanna, en þessir hellar eru engu að síður ákveðin vísbending. Það er ánægjulegt að áhugi fyrir þeim og varðveislu þeirra hefur aukist á ný, en það má rekja til aukins ferðamannastraums hingað til lands og leit okkar að ýmsu því sem merkilegt getur talist og kann að auka aðdráttarafl svæðisins," segir Árni.

Þau Árni og Álfrún eru með síðu á Facebook, Hellarnir á Ægissíðu, en þar má finna nánari upplýsingar um hellana.

/MÞÞ

Álfrún Perla Baldursdóttir og Árni Freyr Magnússon, nemendur við Háskóla Íslands, fengu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að rannsaka þær merku minjar sem hellarnir í Ægissíðu eru. Myndir / Ólöf Þórhallsdóttir



Forhleðsla Fjárhellis.

Fjóshellir.

Hvaðan kemur nafnið Ægissíða?

Hellarnir á Ægissíðu eru einna þekktustu manngerðu hellarnir á Íslandi og hafa löngum verið viðkomustaður fræðimanna, skólabarna og ferðamanna. Bæjarstæðið er fornt en bæjarnafnið er þó hvorki í Landnámu eða í fornsögum. Ægissíðu er fyrst getið í máldaga Oddakirkju frá 1270 en bærinn er þó að öllum líkindum mun eldri (Árni, Guðmundur og Hallgerður 1991, 148).

Nafnið „Ægissíða" hefur vafist fyrir mönnum en bærinn stendur 18 kílómetrum frá sjó og nafnið því líklegast ekki tilkomið frá norrænu goði Ægi eða ægi í merkingunni sjór (Árni, Guðmundur og Hallgerður 1991, 147).

Landnámsbærinn Hrafntóftum standa fyrir neðan Ægissíðu, nær sjónum, og því ómögulegt að Ægissíða hafi staðið við sjó við landnám (Baldur Þórhallsson 2016).

Áningarstaður eða reykt ærsíða?

Fjórar aðrar skýringar hafa verið gefnar fyrir nafngiftinni á bænum. Í fyrsta lagi sé nafnið tilkomið vegna tengingarinnar við sjóinn. Ekki vegna þess að bærinn stendur við sjóinn heldur hafi verið siglt frá sjónum upp Rangá og að Ægissíðufossi sem er örlitlu neðar í ánni en þar sem bærinn stendur.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram að „Ægi" sé komið af því að æja. Bærinn stendur við vaðið yfir Ytri-Rangá og því hafa margir ferðalangar í gegnum tíðan komið við á Ægissíðu á leið sinni um landið.

Í þriðja lagi má finna ástæður nafngiftarinnar í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Þjóðsagan er á þá leið að í harðæri endur fyrir löngu hafi jörðin verið seld fyrir eina reykta ærsíðu. Eftir það hafi bærinn fengið nafnið Ærsíða sem með tíð og tíma breyttist í nafnið Ægissíða.

Af keltneskum toga?

Í fjórða lagi má nefna að til er sú skýring að nafnið sé af keltneskum toga. Í forn-írskum sögum er fjallað mikið um undirheimaguði eða hulduþjóð sem búa í hellum og fornsögulegum grafhýsum Írlands. Bústaðir hulduþjóðarinnar nefndust síde (et. síd). Hulduþjóðin eða guðaþjóðin var kennd við dvalarstað sinn og nefndist aes síde. Þessar hulduverur líktust álfum en keltar gerðu ekki skýran greinarmun á guðum, goðsagnahetjum, álfum og dísum. Írskar þjóðsögur segja því af ae síde, undirheimaþjóð eða hellisbúum. Hugsanlega gæti Ægissíða dregið nafn sitt af þessum írsku hellisbúum (Árni, Guðmundur og Hallgerður 1991, 147).

Eða er það ef til vill bara tilviljun að bær sem þekktur hefur verið fyrir hella skuli bera nánast sama nafn og eldfornir keltneskir hellisbúar? Orðatengslin benda mögulega til þess að hellarnir á Ægissíðu séu eldri en bærinn sjálfur og að þeir hafi verið grafnir snemma á öldum. Bærinn hafi svo dregið nafn sitt af hellunum þegar hann var reistur.

Dæmi um vel heppnaða endurheimt votlendis, Dagmálatjörn í landi Múla í Biskupstungum, sem var endurheimt árið 1998 á vegum Votlendisnefndar sem var þá starfandi. Mynd / Sunna Áskelsdóttir

Endurheimt votlendis er hluti af sóknaráætlun í loftslagsmálum:

Einföld framkvæmd og útkoman yfirleitt mjög góð

„Sú reynsla sem fengist hefur af endurheimt votlendis hér á landi er almennt jákvæð, framkvæmdin er oft einföld, útkoman góð og hún endist vel," segir Sunna Áskelsdóttir, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar, en hún hefur jafnframt umsjón með verkefni um endurheimt votlendis hjá stofnuninni.

Ríkisstjórnin samþykkti haustið 2015 sóknaráætlun í loftslagsmálum og er endurheimt votlendis einn liður í þeirri áætlun. Unhverfisráðuneytið fól Landgræðslunni að hafa umsjón með framkvæmdinni í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Markmið með endurheimt votlendis er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu votlendi og efla lífríki þeirra.

Landgræðslan auglýsti á liðnu vori styrki til endurheimtar votlendis, átta umsóknir bárust frá aðilum sem óska eftir samstarfi. Bessastaðir er fyrsta jörðin sem þátt tekur í verkefninu, en aðrar jarðir eru Kasthúsatjörn í Garðabæ, Bleiksmýri í Krýsuvíkurlandi, Stokkseyrarsel í Árborg, Hólar í Öxnadal, Teigarhorn í Berufirði auk svæðis skammt utan við kaupstaðinn á Djúpavogi.

Votlendi gegnir mikilvægu hlutverki

Sunna segir losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu votlendi á Íslandi árið 2013 hafa verið metna á 11,7 milljónir tonna CO^2 ígildi. Þessi tala byggi á viðmiðum Vísindanefndar loftslagssamningsins (IPCC) um losun á flatareiningu og sé í ágætu samræmi við niðurstöður innlendra rannsókna. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi árið 2013 var 16,6 milljónir tonna CO^2 ígilda.

Sunna Áskelsdóttir.

„Votlendi býr oft yfir mikilli frjósemi, fjölbreyttu lífríki og eiginleikum til að miðla næringu og vatni. Votlendi á landi getur dempað flóðasveiflur á vatnasviðum. Jarðvegur þess er mjög kolefnaríkur og geymir verulegan hluta af kolefnisforða jarðar. Á jörðinni þekur votlendi um 3% yfirborðs lands en það geymir 20–30% alls lífræns kolefnis á landi," segir Sunna. Að teknu tilliti til losunar er ávinningur af endurheimt votlendis áætlaður um 24,5 t CO^2 ígildi ha-1 ár.

Sunna segir framræslu votlendis hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér, þar megi nefna skerta getu lands og vistkerfa til að hreinsa og miðla vatni, t.d. að tempra flóð. „Aðgengi búfénaðar að vatni minnkar, búsvæði votlendisplantna, fugla, fiska og annarra dýra breytist eða tapast sem leiðir til minni líffræðilegrar fjölbreytni," segir hún.

34 þúsund km af framræsluskurðum hér á landi

Alls hafa að sögn Sunnu verið grafnir um 34 þúsund km af framræsluskurðum hér á landi. Þar af eru 20 þúsund km innan túna, bæði þeirra sem eru í notkun og þeirra sem hafa verið aflögð. Áætlað er að um 4.200 km^2 votlendis hafi verið framræstir. Af túnum landsins eru framræst svæði áætluð um 720 km^2 og þar af eru um 570 km^2 innan þeirra túna sem nú eru í notkun. Ræktaðir skógar og birkiskógar ná alls yfir um 36 km^2 á framræstu landi. Framræst land utan núverandi túna og skóga er áætlað um 3.600 km^2. „Því má ætla að mikið af framræstu landi sé ekki nýtt til ræktunar í dag en hvert svæði og tilvik fyrir sig er skoðað sérstaklega," segir Sunna.

Ekki áhugi á endurheimt votlendis á landi sem er í annarri nýtingu

Hún segir nytjar á framræstu votlendi mikilvægan hluta af nútíma landbúnaði, enginn áhugi sé fyrir að endurheimta votlendi sem sé í annarri nýtingu og þá þurfi einnig að huga vel að aðliggjandi svæðum. Þannig þurfi í hverju tilviki að huga að því hvort endurheimt votlendis á einum stað geti með einhverjum hætti haft neikvæð áhrif og möguleika annars staðar, t.d. á landbúnað.

Sunna segir þá sem sóttust eftir samstarfi við Landgræðsluna vera á mismunandi stað í ferlinu. „Á einum stað hefur þegar verið fyllt upp í skurði en aðgerðir ekki hafnar annars staðar og mat á aðstæðum ekki að fullu lokið. Í hópi samstarfsaðila eru t.d. landeigendur og sveitarfélög, en öll verkefnin snúast um að hækka grunnvatnsstöðu mýrlendis, annaðhvort með því að stífla skurði eða fylla upp í þá," segir Sunna en fram undan er einnig að skoða svæði á ríkisjörðum sem hentað gætu í þetta verkefni. Áhugasamir landeigendur geta enn haft samband við Landgræðsluna vilji þeir endurheimta votlendi á sínu landi.

/MÞÞ

Hið opinbera setur gott fordæmi við endurheimt votlendis:

Mokað ofan í skurði á Bessastöðum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, reið á vaðið á dögunum og hóf að ýta niður skurðruðningum ofan í gamla framræsluskurði til að endurheimta votlendi á Bessastöðum. Gárungarnir höfðu á orði að innflutningsgjöfin til Guðna Th. Jóhannessonar yrði mýri. Við verkið naut forsetinn aðstoðar Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra og Árna Bragasonar landgræðslustjóra. Þar með var ýtt úr vör verkefni við endurheimt votlendis sem er hluti af sóknaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Leitast verður við að endurheimta votlendi á hluta Bessastaða. Mynd / UOA

Votlendið á Bessastaðanesi var ræst fram á síðustu árunum fyrir 1970 í því skyni að rækta tún til heyskapar. Auk þess að takmarka losun kolefnis er hvatinn til endurheimtar votlendis í landi Bessastaða að auðga fuglalíf, sem er afar fjölbreytt á Bessastaðanesi en alls hafa 36 fuglategundir verið taldar á nesinu. Meðal annars er þar að finna brandönd og flórgoða sem og talsvert æðarvarp sem hefur aukist í seinni tíð.



Valgeir og Hrefna í Árnesi II:

Minjasafnið Kört og æðardúnn

Hrefna Þorvaldsdóttir og Valgeir Benediktsson í Árnesi II hættu sauðfjárbúskap fyrir fimm árum en stunda enn æðarrækt í Árnesey. Þau hafa rekið minja- og handverkshúsið Kört í Trékyllisvík í nítján ár.

Valgeir hefur alltaf haft áhuga á sögu og viðað að sér gömlum munum úr sveitinni. Lengi skreyttu munirnir heimili þeirra hjóna eða voru í geymslu. Árið 1997 létu þau gamlan draum rætast og reistu sýningarhús undir munina. Húsið sem kallast Kört er nefnt eftir skeri í Trékyllisvík og er að mestu úr rekavið. Fyrir tíu árum var húsið stækkað um ríflega helming og sett upp salerni.

Munir úr sveitinni

„Ég hef verið að safna munum nánast alla mína ævi og langflestir þeirra eru héðan úr sveitinni eða tengjast sögu hennar," segir Valgeir. „Ég var því kominn með töluvert safn þegar við Hrefna ákváðum að reisa minjasafnið. Í kjölfar þess að safnið var opnað fór talsverð skriða af stað og það barst mikið af áhugaverðum og fallegum munum. Húsið varð því fljótlega of lítið og það því stækkað. Okkur eru reyndar enn að berast munir og með sama áframhaldi verður núverandi hús líka of lítið."

Nánast allt skráð í Sarp

Leitast hefur verið við að skrá sögu allra munanna sem eru á safninu. Rakel, dóttir þeirra, er þjóðfræðingur að mennt og hefur unnið ötullega að skráningu munanna. „Stór hluti munanna, sem flestir eru frá 19. og 20. öld, er skráður samkvæmt skráningarkerfi Sarps sem er eina viðurkennda skráningarkerið fyrir söfn á Íslandi," segir Hrefna.

Samkvæmt lauslegri talningu úr gestabók heimsækja um 3.500 manns safnið á ári. Gestirnir eru því væntanlega fleiri því ekki allir sem heimsækja safnið skrifa í hana.

Dúntekja í Árnesey

Þrátt fyrir að vera hætt sauðfjárbúskap nýta Valgeir og Hrefna ásamt sambýlingum sínum, Ingólfi Benediktssyni og Jóhönnu Ósk Kristjánsdóttur í Árnesi II, æðarvarp í Árnesey.

„Við leigjum Árnes I sem er kirkjujörð og þeirri leigu fylgja meðal annars nytjar af eyjunni en við eigum hálfa eyjuna ásamt Ingólfi og Jóhönnu. Dúnninn sem færst úr henni er misjafn milli ára en ætli hreiðrin í eyjunni séu ekki nálægt 2.000," segir Valgeir.

Mikil vinna er í kringum varpið og dúntekjuna því eftir að dúninum hefur verið safnað er hann hreinsaður og segir Hrefna að þau eyði öllum sólardögum á sumrin í að hreinsa hann.

Lausari við

Þegar Valgeir og Hrefna hættu sauðfjárbúskap tók Elísa, dóttir þeirra, og maður hennar, Ingvar Bjarnason, við búinu auk þess sem Elísa er skólastjóri í Finnbogastaðaskóla. Ingvar og Elísa ætla að bregða búi í haust og flytja til Hafnarfjarðar.

Valgeir og Hrefna segjast ætla að vera í Árnesi í vetur með nokkrar kindur en verði svo lausari við í framtíðinni. „Við ætlum ekki að flytja burt en verðum hugsanlega ekki hér allt árið eins og áður. Við ætlum að vera áfram með safnið og nytja eyjuna en hætta með kindurnar," segir Hrefna.

Framkvæmdir við virkjun Hvalár tímabundin lausn

Valgeir segir að fækkun íbúa í Árneshreppi sé skelfileg þróun. „Það binda margir vonir við að virkjun Hvalár geti snúið þeirri þróun við og blásið nýju lífi í sveitarfélagið. Að mínu mati munu framkvæmdir við virkjunina hafa tímabundin áhrif og auka íbúafjöldann meðan á þeim

Hrefna Þorvaldsdóttir og Valgeir Benediktsson í Árnesi II.

Elísa Valgeirsdóttir, fráfarandi skólastjóri við Finnbogastaðaskóla, við minja- og handverkshúsið Kört.

Handavinna íbúa í Árneshreppi.

stendur. Starfsmenn við virkjunina verða að öllum líkindum karlmenn en ekki fjölskyldufólk og þegar framkvæmdunum lýkur flytja þeir burt.

Mér finnst það með ólíkindum að Vegagerðin skuli ekki grípa þennan bolta á lofti og fara í samstarf við virkjunaraðilana um uppbyggingu á veginum frá Veiðileysu að virkjunarstaðnum í Ófeigsfirði. Slíkt gæti haft jákvæð áhrif á byggðaþróun hérna. Það er eins og Vegagerðin sé algerlega steinrunnin stofnun sem veit varla á hvaða öld við lifum.

Alþingi gæti líka komið þarna að og breytt vegaáætlun í haust á þann veg að flýta framkvæmdum við Veiðileysuháls svo hægt verði að bjóða það verk út nú í vetur svo að framkvæmdir geti hafist þar í vor."

Matráður í Finnbogastaðaskóla

Hrefna hefur verið matráður í Finnbogastaðaskóla í fjöldamörg ár og það hefur veitt henni mikla gleði að vinna með öllu þessu unga fólki sem þar hefur stundað nám. Það verður því mikill söknuður ef ekki verður áfram starfandi skóli í sveitinni að hennar sögn. „Vonandi sjá einhverjir sér tækifæri í að setjast hér að og skólahald verði hér áfram enda er skólinn einn af grunnstoðum samfélagsins."

Sambland margra þátta sem veldur fækkun íbúa

Valgeir segir ástæðuna fyrir fækkun íbúa í hreppnum vera samblandmargra þátta sem erfitt sé að sporna við.

„Einangrun sem orsakast af samgönguleysi er þó að mínu mati helsta ástæðan. Börnin í skólanum eru líka orðin svo fá og á mismunandi aldri og fólki finnst þau þurfa meiri félagsskap jafnaldra sinna. Atvinnumöguleikar fyrir fólk hér eru heldur ekki þeir sömu og annars staðar og stundum er bara vinna fyrir annan aðilann ef um par er að ræða. Þetta er því flókið mál og ekki fundist lausn á því enn.

Ekki veit ég hvað hafa verið haldnir margir fundir eða ráðstefnur um framtíð Árneshrepps, þar sem mikið er talað um þann menningararf sem hér sé að finna og þurfi að varðveita. Lítið hefur komið út úr því enn sem komið er.

Ágætlega unnin þingsályktunartillaga um þetta var lögð fram í þinginu og fékk jákvæða umfjöllun. En einhvers staðar strandaði málið og engin á Alþingi hefur haft dug í sér til að taka það upp aftur.

Stærsti áhrifavaldurinn að því að byggð sé hugsanlega að leggjast af í Árneshreppi er algerlega galið viðhorf Vegagerðarinnar til samgangna við hreppinn. Það er ekki nokkur von til þess að ungt fólk láti það yfir sig ganga að vera haldið í gíslingu án vegasambands í nærri þrjá mánuði á ári. Á Íslandi er heldur engin vitræn byggðastefna og það er kannski vandinn í hnotskurn." */VH*

Finnbogastaðaskóli á Ströndum.

Árneshreppur á Ströndum:

Kennsla í Finnboga-staðaskóla næsta vetur

Áfram verður kennt í Finnbogastaðaskóla á Ströndum í vetur en um tíma leit út fyrir að skólahald myndi leggjast af vegna skorts á nemendum.

Íbúar Árneshrepps á Ströndum hafa haft talsverðar áhyggjur af því undanfarnar vikur að engin kennsla yrði í Finnbogastaðaskóla næstkomandi vetur. Skólinn hefur um árabil verið með fámennustu skólum landsins og vegna brottflutnings tveggja barnafjölskyldna úr hreppnum var einungis einn nemandi skráður í skólann.

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, segir að nýverið hafi fjölskylda með þrjú börn á grunnskólaaldri ákveðið að flytja í hreppinn og því sé grundvöllur fyrir áframhaldandi skólahaldi tryggður.

Núverandi skólastjóri hefur sagt starfi sínu lausu og hættir í haust. Eva segir að þegar hafi nokkrar umsóknir um stöðuna borist og nú sé verið að fara yfir þær. */VH*

Sigursteinn kyndir íbúðarhúsið í Litlu-Ávík með rekavið.

Sigursteinn Sveinbjörnsson, fjár- og rekabóndi í Litlu Ávík:

Viðarvinnslan úr rekavið góð aukabúgrein

Sigursteinn Sveinbjörnsson bóndi hefur búið í Litlu-Ávík alla sína ævi og er með um 220 kindur. Auk þess að vera með fjárbú sagar Sigursteinn við sem rekur á land við Litlu-Ávík. Þrátt fyrir að vera 78 ára gamall er Sigursteinn að gera upp fjárhúsin og segist ekki vera hættur búskap þrátt fyrir að hann hafi fækkað fénu.

„Rekinn hefur minnkað talsvert síðasta áratuginn og ég saga líka minna en ég gerði áður vegna aldurs," segir Sigursteinn. „Áður fyrr sagaði ég mest girðingastaura en eftir að ég keypti bandsög í samstarfi við Úlfar Eyjólfsson, bónda í Krossnesi, 1994 saga ég mest borð og plankavið. Eftirspurn eftir girðingarstaurum hefur dregist saman og innflutningur á þeim aukist. Aftur á móti hefur eftirspurn eftir borðum og plankavið aukist talsvert á sama tíma og dregið hefur úr reka. Borðin eru vinsæl sem klæðningar í sumarhús og plankarnir sem sperrur og bitar.

Það hafa alltaf verið áraskipti á reka og svo skilst mér að menn tapi minna af rekanum við fleytingar norður í Síberíu og áður fyrr. Reki í dag er því ekkert á við það sem hann var á árum áður og ég á lítið af timbri í dag og stundum kaupi ég því boli af nágrönnum mínum ef mikið liggur við."

Sigursteinn segir að mikið hafi rekið af við árið 1966 og mest af honum hafi farið í girðingarstaura sem voru seldir, notaðir heima fyrir eða til húsbygginga. Minni spýtur voru notaðar til að kynda hús og Sigursteinn kyndir enn íbúðarhúsið í Litlu-Ávik að mestu með rekavið. „Viðarvinnslan hefur því verið ágæt aukabúgrein í gegnum árin."

Sigursteinn Sveinbjörnsson, bóndi í Litlu-Ávík, við gömlu hjólsögina.
MYNDIR / VH

Þrátt fyrir að vera að nálgast áttrætt er Sigursteinn að gera upp fjárhúsin í Litlu-Ávík. Megnið af timbrinu er úr rekavið sem hann sagar sjálfur.

Talsvert er af góðum girðingarstaurum á hlaðinu í Litlu-Ávík.

Fækkar fénu og gerir upp útihúsin

Sigursteinn var með 220 kindur á fóðrum síðastliðinn vetur. Hann segist smám saman vera að fækka fénu en á sama tíma hefur hann verið að gera upp útihúsin og meðal annars að koma upp sjálfvirkum brynningarbúnað fyrir fé. Hann segir ótrúlegan mun að þurfa ekki að bera allt vatn í skepnurnar lengur og kindurnar fljótar að læra að drekka af stút.

Sigursteinn sér um allar rúningar sjálfur en viðurkennir að þær séu erfiðari í dag en fyrir tíu árum en á sama tíma segir hann að þær haldi sér í þjálfun.

„Ég byrjaði að gera útihúsin upp 2009 og er að mestu búinn með þau að utan og er nú byrjaður að gera þau upp að innan og að endurnýja slár, jötur og milligrindur. Ég gerði upp einn þriðja af húsinu í fyrra og ætla að gera upp einn þriðja af því á þessu ári og vonandi klára ég það á því næsta ef ég endist," segir Sigursteinn Sveinbjörnsson bóndi að lokum. */VH*

COOL - LITE
SÓLVARNARGLER
ispan@ispan.is • ispan.is
ÍSPAN GLER OG SPEGLAR

Ferðaþjónustan og salernisvandinn: Lausnin var hönnuð fyrir rúmum 30 árum:

Fullbúin salernishús smíðuð í Saurbæ í Dölum

– húsasmíðameistari og sauðfjárbóndi býðst til að framleiða 100 hús með hraði

Ferðaþjónustan hefur vaxið hratt síðustu misseri. Hingað til lands streyma ferðamenn og allir þurfa þeir þjónustu. Innviðirnir svokölluðu eru hins vegar ekki allir nógu traustir til að mæta þessari miklu ferðamannabylgju. Vegakerfið er óburðugt, það vantar bílastæði og ágangur á náttúruna er víða að verða helst til mikill. Salernisaðstaða er lítil og engan veginn í takti við ferðamannafjöldann. Umræðuna um skort á salernum við þjóðvegi og fjölsótta ferðamannastaði þekkja allir. Margir hafa tjáð sig um vandann og jafnvel ráðherrar hafa staðið á gati, þegar spurt er hvar allir ferðamennirnir eigi að ganga örna sinna. Hver bendir á annan og hægt gengur að fjölga almenningssalernum um landið. Bændablaðið hitti að máli arkitektana hjá ARGOS, Arkitektastofu Grétars og Stefáns í Reykjavík og húsasmíðameistara úr Saurbæ í Dölum sem um árabil hafa boðið upp á lausnir í þessum efnum. Að þeirra mati eru byggingarnar ekki vandamálið heldur reksturinn sem fáir virðast vilja sinna.

Húsin geta þjónað mörgum hlutverkum, t.d. sem klósett, sturtur, landvarðarhús, skeiðvallarhús, fuglaskoðunarhús o.fl. Mynd / ARGOS



Húsin eru byggð á einfaldri timburgrind. Teikning / ARGOS

Vatnajökulsþjóðgarður. Myndir / ARGOS

Allt fylgir með – tilbúið til notkunar.

Grétar Markússon, Kári Lárusson og Stefán Örn Stefánsson. Mynd / TB

Frétt í Morgunblaðinu frá 16. des. 1984. Sigurvegarar í hugmyndasamkeppni um búnað á tjaldsvæðum.

Minnsta einingin. Mynd / KL

Auðvelt er að flytja húsin.

Samkeppni um búnað á tjaldsvæðum árið 1984

Árið 1984 efndi Ferðamálaráð Íslands til samkeppni um búnað fyrir tjaldsvæði, s.s. þvottaaðstöðu, salernisaðstöðu og baðaðstöðu, sorpílát og jafnvel smáhýsi með svefnaðstöðu fyrir útivistarfólk. Áhersla var lögð á hagkvæmni en að öðru leyti voru keppendum gefnar mjög frjálsar hendur um efnisval og gerð búnaðar. Lauk samkeppninni síðla árs 1984 en alls bárust 19 tillögur. Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson arkitektar, Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur og Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt unnu til 1. verðlauna í samkeppninni. Þeir kynntu til sögunnar einingahús sem hafa verið framleidd æ síðan, fyrst í Búðardal og síðan í Saurbæ í Dölum, fyrst undir nafni Burkna ehf. og síðar, eða frá árinu 1998, hjá Trésmiðju Kára Lárussonar ehf.

Aðspurður um tilefni þess að samkeppnin var haldin fyrir 32 árum segir Stefán Örn Stefánsson að á þeim tíma hafi umræðan verið önnur en í dag. „Hún var mjög ólík því sem nú er. Það voru svo miklu minni umsvif í öllu en hins vegar var einhver vakning hjá sveitarfélögum að koma sér upp tjaldsvæðum og geta tekið á móti ferðamönnum. Það má segja að Ferðamálaráð hafi verið aðeins á undan sinni samtíð á þessum tíma.“

Stefán segir að svolítil umræða hafi skapast á meðal arkitekta um þetta málefni á sínum tíma en hún hafi ekki verið mjög mikil. „Ferðamálaráð hélt samkeppnina og hvatti til að meira yrði gert. Fljótlega komu beiðnir frá aðilum í Dalasýslu um að smíða húsin okkar. Það var í raun að frumkvæði Kaupfélags Hvammsfjarðar að framleiðslan hófst. Kannski sáu menn möguleika fyrir sér á einhverri framleiðslu sem gæti orðið atvinna á svæðinu. Við gerðum verkteikningar af húsunum sem hafa enst að mestu leyti fram á þennan dag.“

Einfaldar byggingar sem hægt er að stækka

Stefán segir að það sem hafi ráðið ferðinni í hönnuninni var að hafa húsið frekar einfalda smíði og fallegt að sjá. „Markmiðið var að húsin gætu þjónað mörgum hlutverkum, t.d. sem klósett, sturtur, landvarðahús, skeiðvallarhús, fuglaskoðunarhús og svo framvegis. Jafnframt væri þetta sama gerðin sem hægt væri að „prjóna við“ ef þyrfti. Útlitið væri áþekkt og menn þekktu því að hverju þeir gengju.“

„Hugmyndin að baki húsunum er þessi svokallaði laupur, það er að segja grind sem er hugsuð þannig að hún sé ferhyrningur sem geti annað hinum ýmsu þörfum. Grunneiningin er 2,4 x 2,4 metrar og hægt er að raða þeim saman. Grindin stendur á steyptum undirstöðum, forsteyptum stólpum. Það er hægt að einangra húsin ef menn vilja, loft og gólf með hefðbundnum hætti og útveggina með 30 mm pressaðri steinull,“ segir Stefán. Húsin eru hugsuð fyrir vatnssalerni þar sem er rennandi vatn og hægt að koma við rotþró. Það er hægt að hafa ljós inni en gluggar eru á húsunum sem veita birtu inn í rýmið.

Einingahúsin eru byggð upp af burðarvirki úr tré, hornstoðum og bitum í gólfi og undir þaki. Þökin eru úr þykkum krossviði, klædd þykkum, svörtum asfaltpappa með sendinni áferð. Í algengustu gerðinni eru tveir salernisklefar með handlaugum í öðrum helmingi hússins en vaskbekk í hinum. Skjólveggir ganga þá út frá hornum og eru notaðir til lokunar yfir vetrartímann. Mörg tilbrigði eru til við þessa gerð, meðal annars einingar sem ætlaðar eru fötluðu fólki. Stökum einingum má raða saman að vild en einnig er hægt að fella tvær eða þrjár einingar saman undir heilu þaki.

Þyrfti að fjöldaframleiða 100 hús með hraði

Kári Lárusson rekur trésmiðju sem kennd er við hann sjálfan í Saurbæ í Dölum. Auk þess býr hann með um 100 kindur á bænum Tjaldanesi. Hann hefur síðustu 18 ár smíðað húsin eftir upprunalegu teikningunum. „Í gegnum tíðina hefur smíðin verið kölluð „Saurbæingar“ af gárungunum í sveitinni,“ segir Kári sem að öllu gamni slepptu segir húsin ekki eingöngu nýtileg til salernisnota. „Smíðuð hafa verið landvarðarhús í sama stíl, geymsluhúsnæði í kirkjugarða, sem dómhús fyrir hestamannafélög, fyrir fuglaskoðara o.fl. Ein eining er minni sem er um 1,5 x 1,5 metri með einu klósetti. Þetta er einingin sem þyrfti að fjöldaframleiða – svona 50–100 stykki með hraði á næstu mánuðum!“ segir Kári, sem vísar þar í stórauknar þarfir fyrir almenningssalerni í kjölfar aukins ferðamannafjölda.

Um 300 húseiningar verið smíðaðar

Stefán segir að Stykkishólmur hafi verið eitt af fyrstu bæjarfélögunum sem keyptu einingahúsin. „Þeir voru með þriggja eininga hús á tjaldstæðunum hjá sér. Í Kópavogi voru húsin m.a. notuð sem aðstöðuskúrar fyrir unglingavinnuna. Síðustu ár hefur Vatnajökulsþjóðgarður fengið nokkur hús. Þeir hafa jafnvel flutt þau á milli svæða. T.d. þegar þarf að stækka á einum stað þá er hægt að tengja þau saman. Við höfum ekki nákvæma tölu á byggðum húsum en ætli fjöldinn sé ekki kominn á þriðja hundraðið,“ segir Stefán.

„Alveg frá byrjun hefur þetta verið sami timburramminn með sömu timburklæðningunni. Hún var yfirleitt máluð í sömu litunum og svo var steindur þakpappi á þakinu. Hann er heillímdur á krossviðarplötu inni við kjöraðstæður,“ segir Stefán.

„Ég var í bölvuðum vandræðum með pappalögnina til að byrja með, en náði svo góðum tökum á aðferðinni. Pappalögnin er það eina sem er vandasamt við þessa framleiðslu, en pappinn hefur dugað mjög vel og límingin virðist svínhalda,“ segir Kári. Stefán bætir því við að þarna sjáist vel hvort það séu vanir menn eða ekki sem standa að smíðinni.

Húsin ekki til á lager

Stefán segir að húsin hafi verið auglýst á sínum tíma í Sveitarstjórnarmálum og öðrum ritum. „Það skilaði ekki miklu satt best að segja. Fjárhagsáætlanir voru gerðar á haustin, svo var ekkert gert en á vorin byrjuðu menn að hringja.“ Kári skýtur því inn í að gjarnan hafi verið hringt í kringum sauðburð og menn viljað fá hús í hvelli, alveg hissa á því að það væru ekki 10–15 hús á lager.

Auðvelt að flytja og setja niður

„Það er mjög auðvelt að flytja húsin á vörubílspalli og komin góð reynsla á það. Hægt er að flytja tvær samsettar einingar og það hefur oft verið gert,“ segir Kári. „Ég hef alltaf



Umhverfisvænar salernislausnir þar sem úrgangurinn nýtist sem molta í uppgræðslu. Teikning / Þórður H. Ólafsson

Þar sem ekki er rennandi vatn og möguleiki á rotþró:

Tilraunaverkefni í Vikraborgum

Þar sem ekki er rennandi vatn og mögulega ekki hægt að koma fyrir rotþróm vandast salernismálin. Arkitektarnir hjá ARGOS, en það heitir arkitektastofa þeirra Stefáns Arnar Stefánssonar og Grétars Markússonar, hafa í samvinnu við Ragnhildi Gunnarsdóttur hjá verkfræðistofunni Eflu unnið að hönnun aðstöðu sem leysir þessi vandamál.

„Fyrsta tilraunaverkefnið okkar er í Vikraborgum við Öskju. Það er nokkuð stórt og er unnið fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Í Vikraborgir koma 15–20 þúsund manns um háannatímann en töluverð umferð er þarna nær allt árið um kring. Á svæðinu verða upplýsingar fyrir ferðamenn, aðstaða fyrir landvörð og salernishús. Svokallaðar seyrutunnur verða notaðar og verður saur og þvag aðskilið. Þar með minnkar lyktin auk þess sem sérstök loftun er þannig að ekki fari ólykt inn í rýmið. Að hausti er tunnan sett í geymslu og látin standa yfir veturinn og tóm tunna sett í staðinn. Að vori er svo innihald tunnunnar sett í kar sem er með loki og örlítilli loftun. Þá verður til molta hægt og bítandi þar til niðurbrot er orðið þannig að hægt er að nota efnið í uppgræðslu. Það þarf að ná ákveðnu niðurbroti til þess að það sé leyfilegt og það sama gildir um þvagið,“ segir Stefán.

Á húsinu í Vikraborgum verða sólarsellur sem sjá fyrir rafmagni. Viftur lofta út og svo eru rafmagnsljós. Byggingarnar verða komnar í gagnið á næsta ári.

lagt áherslu á það að kaupendur séu búnir að ganga frá undirstöðunum þannig að það sé hægt að hífa húsin beint á sinn stað. Húsin eru þannig útbúin að það eru festingajárn á hverju horni og bolti í ró sem gengur niður úr. Menn eru enga stund að stilla húsið af, en að því loknu er boltinn rafsoðinn í plötu sem er í undirstöðunni. Niðursetningin á húsunum er einföld, þægileg og fljótleg. Ef menn þurfa að færa húsið til, er suðan skorin upp og húsið híft af undirstöðunum á flutningatæki.“

Aðspurður um byggingarkostnaðinn segir Kári að hann sé breytilegur eftir því hvernig húsin eru útbúin. Í einföldustu einingunum fara um 280 vinnustundir og allt smíðað inni á verkstæði. „Húsin eru afhent alveg fullbúin til niðursetningar, máluð, með dúki á gólfum, vöskum og salernum, speglum, snögum, merkingum, pumpum á hurðum og fleiru. Það er ekkert eftir nema setja húsin niður og tengja þau. Ef menn vilja leggja rafmagn þá er það gert á staðnum,“ segir Kári.

ARGOS hefur útfært húsin að vilja kaupendanna í sumum tilvikum. „Hjá Vatnajökulsþjóðgarði hafa húsin verið klædd með lerkiklæðningu sem fær að veðrast. Ramminn er hins vegar málaður,“ segir Stefán. Þá hafi gluggarnir þróast úr því að vera hefðbundnir trégluggar yfir í það að vera klæddir með áli. Lengi vel var það þannig að klæðningin var heft á húsin en Kári notar ryðfríar skrúfur í dag. „Þetta er virðulegt, líkt og hnoð í herskipi úr fyrri heimsstyrjöldinni,“ segir Kári.

Jöfn eftirspurn hefur verið eftir húsunum, ef frá eru talin tvö eftirhrunsár að sögn Kára. „Það datt alveg niður salan eftir bankahrunið, en yfirleitt hef ég haft nóg að gera. Það hafa þó komið tímar þar sem lítið var að gera og svo aðrir þegar maður var svefnléttur af stressi yfir afhendingardeginum, sem nálgaðist stundum hraðar en ég hafði gert ráð fyrir, - en alltaf reddaðist það nú.“



Starfsfólk á ARGOS - Arkitektastofu Grétars og Stefáns ásamt Kára Lárussyni húsasmíðameistara sem hefur smíðað húsin síðustu 18 ár. Frá vinstri: Grétar Markússon arkitekt, arkitektanemarnir Pétur Grétarsson og Guðrún Harðardóttir, Stefán Örn Stefánsson arkitekt og Kári. Mynd / TB

Fjöldi útfærslna er á einingahúsunum og hægt að raða þeim saman á mismunandi hátt. Myndir / ARGOS

Viðhaldi er því miður ábótavant

Kári segir að viðhaldið á einingahúsunum sé ekki krefjandi, ef menn ganga vel um og sinna því með reglubundnum hætti. „Ég hef aldrei fengið neina kvörtun út af þessum húsum. Í örfá skipti hef ég verið beðinn um varahluti og oftast getað sinnt þeim beiðnum. Því miður sýnist mér að á mörgum stöðum sé húsunum lítið eða ekkert haldið við,“ segir hann og nefnir dæmi um hús á fjölförnum ferðamannastað, þar sem þykkur mosi sé á þakinu og húsið aldrei málað eftir að það var sett upp í kringum 1990.

„Það þarf auðvitað að halda húsunum við en að mínu mati eru þau frekar létt í viðhaldi,“ segir Kári. Honum mislíkar þegar menn vanda sig ekki við endurmálun húsanna. „Mér hefur stundum blöskrað eftir að hafa vandað mig eins og kostur er við málunina inni á verkstæðinu og jafnvel verið með nöldur við starfsmenn mína, ef mér hefur ekki líkað áferðin. Og koma svo seinna að þeim sömu húsum eftir endurmálun og sjá þau illa leikin eftir fólk sem hefur greinilega verið með fimm tommu þakkúst í málningarvinnunni sem aðalverkfæri. Ég hef séð þetta á nokkrum stöðum, sem er alveg hrikalegt!“

Stefán bætir við að ekki megi gleyma hinum stöðunum, þar sem umhirða og viðhald er til mikillar fyrirmyndar, sem skilar sér auðvitað strax í betri umgengni gesta um húsin og aðstöðuna.

Einhver þarf að bera ábyrgð

Aðspurðir um það hvaða lausnir henti í dag til að leysa stóra salernisvandann við þjóðveginn og á helstu ferðamannastöðum eru þeir sammála um að aðgerða sé þörf. Stefán segir að oft verði menn flóttalegir í framan þegar kemur að því að reka almenningssalerni.

„Það gildir eiginlega það sama um hvað þú gerir ef þú ætlar þér að koma upp svona húsi eða af öðru tagi. Mestu máli skiptir að það sé einhver sem rekur þau af einhverju viti. Einhver þarf að taka að sér reksturinn og bera ábyrgð á honum. Maður kannast við það að sveitarstjórnir hafa verið mjög áfram um að byggja salernishús en síðan ekki söguna meir. Það skiptir alveg sköpum fyrir notkunina að einhver sjái um að sinna húsunum. Þegar þau eru þrifin og haldið við þá verður umgengnin góð. Ef ekki þá fer allt í voða.“

Getur Vegagerðin fóstrað kamrana?

Kári telur að eina vitið sé að Vegagerðin sjái um rekstur salernishúsa meðfram vegunum. „Vegagerðin veit best hvar ætti að setja þau niður, hún sæi um að kaupa þau og reka.“ Stefán bendir á að Vegagerðin sé með ýmislegt viðhald og starfsemi á vegunum. „Starfsmenn eru að keyra vegina, skipta út stikum, holufylla og fleira nær allan ársins hring. Hingað til hefur þeim ef til vill ekki fundist að salernin ættu að vera á þeirra könnu. Í Noregi rekur Vegagerðin svona þjónustu,“ segir Stefán að lokum.

/TB

Búskapur er heyskapur

Lífland býður upp á fjölbreytta flóru af gæðavörum sem tryggja góðan heyfeng

Rúlluplast	Verð kr.	Rekstrarvörur til stæðugerðar	Verð kr.	Net og bindigarn	Verð kr.
Megastrech - Grænt 75 cm x 25µm x 1500 m	10.950	Advance Grass íblöndunarefni 150 g duga í 50 tonn af fóðri	12.349	Total Cover rúllunet 3.600 m	25.490
Megastrech - Hvítt 75 cm x 25µm x 1500 m	10.950	Undirplast verð á 100 m² (12x50 m, 14x50 m, 16x50 m)	1.754	VITO rúllugarn 750 m/kg 2 rúllur í pakka	4.500
Megastrech - Svart 75 cm x 25µm x 1500 m	10.800	Yfirplast verð á 100 m² (10x50 m, 12x50 m, 14x50 m, 16x50 m)	5.077	VITO stórbaggagarn 150 m/kg 2 rúllur í pakka	8.100
Unterland - Hvítt 75 cm x 25µm x 1500 m	10.950	Varnarnet verð á 1 m² (8x10 m, 12x15 m)	194	VITO stórbaggagarn 130 m/kg 2 rúllur í pakka	8.200
Unterland - Hvítt 50 cm x 25µm x 1800 m	8.950	Sandpokar stk	199		

Lífland áskilur sér rétt til verðbreytinga án fyrirvara. Öll verð án vsk.

Sala og ráðgjöf | Sími 540 1100 | www.lifland.is | lifland@lifland.is | Reykjavík | Lynghálsi | Akureyri | Óseyri | Borgarnes | Borgarbraut | Blönduós | Efstubraut | Hvolsvöllur | Stórólfsvelli

LÍFLAND

Raggagarður orðinn eitt af kennileitum Vestfjarða

– Mikil velvild og ómæld vinna sjálfboðaliða á bak við uppbygginguna á þessum fjölskyldugarði í Súðavík

„Við finnum fyrir mikilli velvild, það er ótrúlegt hversu margir hafa verið tilbúnir að leggja okkur lið við þetta verkefni og hafa tekið jákvætt í þetta framtak. Eftir blóð, svita og tár hefur þetta tekist og garðurinn er afar fallegur og vinsæll, sannkallaður Fjölskyldugarður Vestfjarða og eitt af kennileitum fjórðungsins," segir Vilborg Arnarsdóttir, upphafsmaður þess að Raggagarður í Súðavík reis á gömlu leikskólalóðinni í gamla bænum. Hún hefur, ásamt eiginmanni sínum, Halldóri Má Þórissyni, auk stjórnar garðsins, einnig viðhaldið honum, aukið og bætt við hann á þeim 11 árum sem liðin eru frá því hafist var handa.

Frá upphafi hefur verið framkvæmt fyrir tæplega 37 milljónir króna í garðinum og þeir fjölmörgu sjálfboðaliðar sem lagt hafa hönd á plóg hafa unnið yfir 2.800 vinnustundir við garðinn. Þá hafa um 140 aðilar styrkt verkefnið með framlögum. Garðurinn var formlega opnaður í byrjun ágúst árið 2005.

Raggagarður heitir eftir syni Vilborgar, Ragnari Frey Vestfjörð, sem lést í bílslysi í ágúst árið 2001, þá rúmlega 17 ára gamall.

Hrífur fólk með sér

„Þetta verkefni hefur átt hug og hjarta Vilborgar öll þessi ár, hún var ákveðin í því að koma þessum garði upp og ákafi hennar og jákvæðni hefur hrifið fólk með, það eru allir til í að taka þátt og vinna að þessu verkefni. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því," segir Halldór Már, sem um árin hefur ekki legið á sínu liði við uppbygginguna, m.a. sett saman hvert einasta leiktæki sem er í garðinum og lagar þau þegar þarf. „Hann hefur hvatt mig áfram og verið mín stoð og stytta öll þessi ár. Það gefur manni kraft til að halda áfram," segir Vilborg.

Raggagarður er eins konar skemmtigarður fyrir alla fjölskylduna. Þar eru borð og bekkir fyrir tæplega 90 manns í sæti og tvö stór veislugrill. Salerni er á staðnum með aðgengi fyrir fatlaða. Leiksvæðin skiptast upp eftir aldri barnanna, á einu þeirra eru tæki ætluð yngstu börnunum, frá 2 ára aldri, þar fyrir ofan nokkru eldri börn, eða frá 8 ára, og efst eru tæki ætluð fyrir 12 ára börn og eldri. Í svonefndum Orkulundi eru þjálfunartæki fyrir orkubolta, leiktæki þar sem orkumiklir krakkar eiga auðvelt með að fá útrás.

Listaverk á Boggutúni

Nýjasta svæðið í Raggagarði er útivistarsvæði á svokölluðu Boggutúni, en það var opnað í fyrrasumar í tilefni af 10 ára afmæli garðsins. „Þetta er eins konar sælureitur og hentar vel fyrir hópa, félagasamtök, starfsmannafélög eða ættarmót til að halda fjölskyldudag. Þessi aðstaða er mikið notuð, en nú í sumar geta hóparnir leigt kofa og veislugrill á útivistarsvæðinu og á því er líka svið, útbúið sem bátur til að minna okkur á mikilvægi sjávarútvegs á Vestfjörðum," segir Vilborg. Á Boggutúni eru ekki leiktæki, en tilvísun er á svæðinu í vestfirska náttúru, sögu og þjóðtrú. Þar má finna Álfastein, Dvergasteina, Grjótaþorp og holugrjót frá Hvítanesi, nokkur listaverk sem Gerður Gunnarsdóttir gaf garðinum, hringborð með 12 sætum en á þeim eru nöfn allra bæja og þorpa í fjórðungnum.

Gosbrunnur í tjörninni

Einnig er þar lítil tjörn með vatnssnigli og brú. Ragnar Freyr átti sinn þátt í að búa til snigilinn góða, en vorið 1996 kom listamaður í Súðavíkurskóla í tengslum við listaviku og hann ásamt fleiri nemendum, m.a. Ástu Ezradóttur, tók þátt í að útbúa sumargrillsvæði í gömlu sundlauginni. Þau útbjuggu svonefndan Vatnssnigil. Í verkið var notaður snigill, bobbingur og efni úr járni sem soðið var saman og útbúinn gosbrunnur með aðstoð fullorðna fólksins. Gosbrunnurinn lá lengi vel ónotaður á botni gömlu sundlaugarinnar á Súðavík eða þar til Vilborg tók hann í sína vörslu og geymdi í bílskúr, einmitt í því augnamiði að nýta síðar í garðinum. Hann sómir sér þar vel, en Finnbogi Bernódusson hjá Mjölni í Bolungarvík lagfærði hann, sauð undir hann góðan standara og betri stút fyrir vatnið. „Mér þykir óskaplega vænt um að verkið er komið upp og það sómir sér vel á nýjum stað," segir Vilborg.

Raggagarður er fallegur og vinsæll, sannkallaður Fjölskyldugarður Vestfjarða og eitt af kennileitum fjórðungsins.

Halldór Már Þórisson og Vilborg Arnarsdóttir í Raggagarði.

Ungir sem aldnir taka gjarnan þátt í vinnudögum í Raggagarði.

Myndir / Úr safni VA

Samverustundirnar dýrmætar

Hún segir að markmið með garðinum sé m.a. að hlúa að fjölskyldum, efla útiveru og hreyfingu og stuðla að því að fólk eigi ánægjustundir saman. „Garðurinn á að vera vettvangur fyrir góðar samverustundir, þar sem fólk getur leikið sér með börnum sínum eða barnabörnum og glaðst á góðum degi, það er það besta og dýrmætasta sem lífið gefur þegar upp er staðið," segir Vilborg. „Lífið getur breyst á einu augabragði, það hef ég fundið á eigin skinni og því er mikilvægt að njóta góðu stundanna."

Vissulega segir hún að verkefnið sé umfangsmikið og að baki garðinum liggi mikil vinna fjölda fólks, styrkir og velvilji fólks og fyrirtækja innan og utan Vestfjarða. „Það skiptir máli að halda alltaf áfram þótt á móti blási, gefast ekki upp. Það hefur gefið mér mikið hversu allir sem ég hef leitað til hafa tekið mér vel, eru tilbúnir að stökkva með mér á þennan vagn og taka þátt, hver á sinn hátt, það er gríðarlega mikilvægt að finna þennan velvilja," segir hún.

Fjögur tonn af kleinum

Vilborg fjármagnaði framkvæmdir við garðinn með styrkjum héðan og þaðan en að auki lagði hún fram eigið fé, bakaði kleinur til fjölda ára og seldi. „Mér reiknast svo til að ég hafi bakað um 4 tonn af kleinum, þær seldi ég hingað og þangað og notaði afraksturinn til að greiða eitt og annað í kringum garðinn. Eitt sinn á ferlinum hefur garðurinn verið í skuld, líklega 30 til 40 þúsund krónur, og við áttum ekki fyrir henni. Ég fór í bankann með kleinupoka og spurði bankastjórann hvort ég fengi ekki yfirdrátt til að brúa bilið, ég þyrfti að baka slatta af kleinum og koma í sölu til að greiða skuldina. Það er alltaf hægt að finna leiðir og ég dáist í raun að því hvað margir hafa sýnt mér mikið umburðarlyndi um árin. En vissulega höfum við gefið til baka, garðurinn er á sínum stað, eins konar þjóðargjöf sem allir geta fengið að njóta," segir hún.

Vilborg og Halldór hafa verið búsett á Akureyri undanfarin þrjú ár. Vilborg dvaldi í gamla heimabænum yfir sumarið fyrstu árin eftir brottflutninginn en núorðið fara þau til Súðavíkur í byrjun sumars til að koma garðinum í stand fyrir sumarið. Krakkar í vinnuskólanum þar í bæ hafa unnið í garðinum sem og ungmenni frá Bolungarvík og Ísafirði.

Enn verk að vinna

Stefnt var á að ljúka framkvæmdum við Raggagarð fyrir 10 ára afmæli hans í fyrrasumar en ekki tókst að klára að setja upp rekaviðaskóginn á Boggutún, enn vantar um 20 rekaviðarstaura frá Ströndum eða Hornströndum. „Ég hef verið að biðla til landeigenda um að fá staura með rótarhnyðjum á endanum og vona að það skili árangri," segir Vilborg. Þá nefnir hún að enn sé nægt pláss á Boggutúni fyrir fleiri útilistaverk, vilji listamenn setja þar niður verk sitt er það auðsótt mál.

„Við eigum svo eftir að leggja 50 metra göngustíg í garðinn, setja upp fleiri merkingar og eitt og annað smálegt. Næsta verkefni er svo að ljúka við sögubókina um Ask og Emblu sem taka á móti gestum garðsins, við innganginn í Raggagarð. Þessir svanir segja sögur að vestan og var ætlunin að þetta yrði sögu- og litabók fyrir börn. Nú er bara að finna góðan teiknara til að teikna svanina á ferð og flugi."

Leita bakhjarla

Fastur kostnaður við rekstur garðsins er nokkur, m.a. trygging, lýsing, sláttur, salernisaðstaða, viðhald og fleira. Tekjur fást með sölu á dósum sem fólk skilur eftir sig í þar til gerðum tunnum en einnig er söfnunarbaukur á staðnum sem fólki er frjálst að gefa í. „Þetta gefur um 100 til 120 þúsund krónur í tekjur á ári, en það vantar aðeins upp á til að endar nái saman. Nú er ég flutt á brott og hætt að baka kleinur upp í það sem á vantar," segir Vilborg, en henni hefur dottið í hug að leita bakhjarla til að reksturinn gangi upp. „Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort einhver áhugasöm fyrirtæki eða félagasamtök vilji gerast bakhjarlar garðsins til þriggja ára í senn til að hjálpa okkur með rekstrarkostnaðinn sem er um 400 þúsund krónur á ári. Vonandi gengur það upp, þannig að áfram verði sómi að þessu fallega útivistarsvæði Vestfirðinga," segir hún.

/MÞÞ

Vogue
fyrir heimilið
bíður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

VIÐARVÖRN

ÞEKJANDI • HÁLFÞEKJANDI • PALLAOLÍA

WOODEX Á ÍSLANDI Í 50 ÁR

malis - vörn til frambúðar

TEKNOS

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS

Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

opa
Arjen sankari

FINNSKI OPA SAFTPOTTURINN

Berjasaft, rabarbarasaft og ávaxtasaft verður leikur einn að búa til í honum ásamt ýmsum örðrum möguleikum.

Ferkari upplýsingar í síma 897-4573 og steini@muurikka.is.

www.MUURIKKA.is

Junkkari sturtuvagnar

Til afgreiðslu strax

10 tonna sturtuvagn á kr. 1.280.000- án vsk.
(kr. 1.587.200- með vsk.)

13 tonna sturtuvagn á kr. 1.680.000- án vsk.
(kr. 2.083.200- með vsk.)

Aukabúnaður: Upphækkanir á skjólborð.

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR

- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

Vinnuþjarkur!

GRZZLY 700 EPS FJÓRHJÓL MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU
Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26" dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra. **Verð frá kr. 1.990.000,- m/vsk.**

Bjóðum einnig vandaðar fjórhjólakerrur í öllum stærðum.
Verð frá kr. 149.900,- m/vsk.

BJÓÐUM ALLA ALMENNA VERKSTÆÐISÞJÓNUSTU!
Tímapantanir í síma 540 4900

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Á ferðalagi um Japan:

Hof, vatn, mosi og grjót

– Higashi Honganji-hofið og Shosei-en-garðurinn í Kyoto

Meginhofið og tilbeiðslustaður þeirra sem tilheyra eystri Shin-búddisma er eitt af stærstu timburhúsum í heimi, 76 metrar að lengd, 58 metrar að breidd og 38 metrar að hæð. Myndir / VH

Kyoto, fyrrverandi höfuðborg japanska keisaraveldisins, er einstaklega falleg borg og meðal annars þekkt fyrir hallir, hof og fallega garða. Þar er hægt að eyða mörgum vel skipulögðum dögum og skoða ekkert annað.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Fæstir eru þó eins miklir sérvitringar og tíðindamaður Bændablaðsins og undanlátssöm samferðakona hans sem vörðu allri heimsókninni til Kyoto í að skoða, hof og garð.

Þegar gengið er út um einn útganginn á aðallestarstöðinni í Kyoto blasir við snældulaga útsýnisturn ofan á Kyoto Tower-hótelinu. Higashi Honganji-hofið og Shosei-en-garðurinn eru í sömu átt og turninn. Ekki er nema fimm mínútna gangur að hofinu og tíu mínútur í garðinn eftir að farið hefur verið yfir götuna í átt að útsýnisturninum og beygt til vinstri. Hofið og garðurinn eru prýðileg sýnishorn fyrir þá sem vilja kynnast slíkum dásemdum á einum til tveimur klukkustundum og verja svo deginum í að skoða eitthvað annað af öllu því sem borgin hefur upp á að bjóða.

Saga hofsins

Higashi Honganji-hofið er annað af meginhofum Shin-búddisma í heiminum. Á máli heimamanna kallast það Austurhofið eða Hinn heiðvirti herra Austur.

Hofið, sem er byggt á grafreit frá 12. öld, var sett á fót árið1602 eftir að einn af mörgum stríðsherrum Japans klauf Shin-búddaregluna í herðar niður og skipti henni í tvær einingar til að draga úr völdum hennar. Eftir það er talað um austur- og vestur--Shin-búddisma.

Um miðbik 20. aldar logaði austurreglan í pólitískum og fjárhagslegum deilum og klufu margir meðlimir hennar sig burt og stofnuðu eigin reglur. Í dag eru meðlimir Higasgi Honganji-reglunnar ríflega 5,5 milljónir.

Eitt stærsta timburhús í heimi

Garðurinn umhverfis hofið og aðrar byggingar sem tengjast því, minni hof, og heimili munka, er tæpir tíu hektarar að stærð.

Meginhofið og tilbeiðslustaður þeirra sem tilheyra austur-Shin-búddisma og allt snýst um í garðinum er eitt af stærstu timburbyggingum í heimi, 76 metrar að lengd, 58 metrar að breidd og 38 metrar að hæð. Núverandi hof er frá 1895. Þakið er gert úr 175 þúsund handgerðum steinskífum og haldið uppi af 90 súlum úr tré.



Þegar gengið er út af aðallestarstöðinni í Kyoto blasir við snældulaga útsýnisturn ofan á Kyoto Tower-hótelinu. Higashi Honganji-hofið og Shosei-en-garðurinn eru í sömu átt.

Sagan segir að það hafi tekið 16 ár að reisa hofið og að 1,3 milljónir manna hafi tekið þátt í byggingu þess.

Drekagosbrunnur í hofgarðinum.

Shosei-en-garðurinn

Handan við götuna, eilítið í austur, gegnt aðalinnganginum að Higashi Honganji-hofinu, er hálfgerður leynigarður sem er vel fyrirhafnarinnar virði að leita uppi og heimsækja. Garðurinn kallast Shosei-en eða Kikoku-tei og til að komast að honum þarf að fara inn á litla hliðargötu þar sem er meðal annars verslun sem selur alls konar smávörur.

Ein af mörgum steinbrúum í garðinum.

Nafnið Kikoku-tei er dregið af appelsínutrjáalundum sem eitt sinn umluktu garðinn en eru nú að mestu horfnir. Aftur á móti hefur töluvert af appelsínutrjám verið plantað í garðinn undanfarna áratugi.

Elsti hluti garðsins er sagður vera frá 10. öld og eru tjarnirnar í honum að mestu óbreyttar frá þeim tíma. Stærstur hluti garðsins, eins og hann er í dag, var byggður 1641 og hugsaður sem afdrep og hvíldarstaður fyrir heimsþreyttanæðsta prest stórrar búddareglu í Kyoto.

Allar byggingar í garðinum brunnu til grunna í eldsvoðanum 1858 og 1864, og núverandi hús eru byggð á árabilinu 1865 til 1868.

Í garðinum er auk þess íbúðarhús, tehús, lítið hof, tjarnir, grjóthleðslur, stein- og timburbrýr, fallega mótaðar furur, appelsínu- og kirsuberjatré, fossar og lækir, mosavaxnir steinar og óvenju stór grasflöt fyrir japanskan garð.

Talið er að hönnuður garðsins hafi verið Ichikawa Jozan aðalsmaður, listamaður og meistari í tesiðum.

Í dag er garðurinn hluti af Higashi

Kirsuberjatrén rétt í þann mund að blómstra.

Sala jarða og fasteigna

Skoða og verðmet jarðir og aðrar eignir um allt land

- Fagleg þjónusta löggilts fasteignasala
- Góð kynning á eignum í vefmiðlum og dagblöðum
- Vönduð ljósmyndataka af eignum, m.a. loftmyndir

Einkunnarorð Mikluborgar eru gæði, fagmennska og árangur í starfi, en mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð starfsmanna og gagnkvæman ávinning allra hlutaðeigandi í viðskiptunum.

Hjá okkur geta eigendur fasteigna verið öryggir um að eign þeirra fái hámarkskynningu og einstaka þjónustu. Við leggjum mikla áherslu á að vera áberandi í störfum okkar með auglýsingum í blöðum og á netinu.

Nánari upplýsingar veitir
Jón Rafn Valdimarsson
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

Elsti hluti garðsins er sagður vera frá 10. öld og eru tjarnir í honum að mestu óbreyttar frá þeim tíma.

Honganji-hofinu og var um tíma heimilisgarður æðstaprestsins eða ábót hofsins.

Óvenjuleg grjóthleðsla og skrautfiskar

Við innganginn að garðinum er óvenjuleg og falleg hleðsla sem er hlaðin úr afgangsgrjóti sem notað var í grunna húsanna og við mótun garðsins. Í einum hringlaga steini í hleðslunni má sjá tvö göt. Steinninn mun upphaflega hafa verið hluti af kornmyllu sem var í garðinum.

Framan við hús sem er rétt við innganginn í garðinn og var eitt sinn íbúðarhús er tjörn með skrautfiskum og handan þess er lundur með fallega mótuðum furum.

Frá innganginum er hægt að ganga hring um garðinn um trjágöng, meðfram lækjum, yfir bogalagaðar steinbrýr og kíkja inn í litla manngerða hella.

Stærsta tjörnin í garðinum þekur um einn sjötta af flatarmáli hans og er í laginu eins og hálfmáni. Sagan segir að bakkar tjarnarinnar eigi að líkja eftir sjávarströndum í Norður-Japan og að upphaflega hafi verið fluttur í hana sjór úr Ósakaflóa til að fullkomna verkið.

Einn af aðalkostum garðsins er hversu fáir eru þar á ferli og því upplagt afdrep fyrir heimsþreytta og vegmóða ferðamenn til að hvíla lúin bein og endurnærast.

Aðalinnngangurinn að Higashi Honganji séður frá tröppum hofsins.

Hleðsla við innganginn að Shosei-en-garðinum.

Prjónafólk óskast!

Rammagerðin leitar að prjónafólki í skemmtilegt verkefni sem krefst nákvæmni og reynslu af prjónaskap.

Hafið samband við Guðbjörgu í tölvupósti: gudbjorg@rammagerdin.is, eða í síma: 535 6689 milli klukkan 11 og 12.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst.

RAMMAGERÐIN
Síðan 1940

Rammagerðin er ein elsta gjafavöruverslun landsins og hefur selt íslenskt handverk og hönnun síðan 1940.

KOMDU ÚT ÞVÍ AÐ SÓLSKINIÐ VILL SJÁ ÞIG

KUHN

Eigum til afgreiðslu strax í vorverkin Kuhn pinna og hnífatætara

Fyrirliggjandi á lager sláttuvélar, heyþyrlur og stjörnumúgavélar

Heyvinnutækin frá KUHN komin!

Kynnið ykkur hagstætt verð!

KUHN
gæði í gegn

VÉLFANG *VERKIN TALA*

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

Gamli traktorinn

Lanz Bulldog – gæða traktor

Lanz Bulldog dráttarvélar voru framleiddar af þýska fyrirtækinu Heinrich Lanz AG í Mannheim í Baden-Württemberg Þýskalandi. Framleiðsla Lanz hófst 1921 en var hætt 1960.

Kosturinn við Lansinn, eins og vélarnar voru kallaðar hér á landi, var að þær voru einfaldar að gerð og auðvelt var að gera við þær ef eitthvað bilaði. Fyrstu vélarnar voru 6,3 lítra, eins strokka og tólf hestöfl. Seinna var boðið upp á öflugri 10,3 lítra, og 55 hestafla vélar. Einnig þótt kostur að mótorinn gekk fyrir margs konar olíu og meira að segja notaðri smurolíu.

Eftirlíkingar

Þrátt fyrir að Lansinn hafi verið líkur öðrum dráttarvélum, SF Vierzon í Frakklandi, Landini á Ítalíu og HSCS í Ungverjalandi,

sem framleiddar voru í Evrópu á svipuðum tíma, þótti hann betri.

Ekki leið á löngu þar til farið var að framleiða eftirlíkingar af Lansinum undir ýmsum nöfnum. Í sumum tilfellum voru eftirlíkingarnar framleiddar með leyfi Heinrich Lanz AG en ekki í öðrum.

Frakkar settu á markað dráttarvél sem kallaðist Le Percheron árið 1939 með leyfi Lanz. Sá traktor var 25 hestöfl og til ársins 1956 voru framleidd 3.700 slíkir. Á árunum 1948 til 1952 voru framleiddir í Austurríki 860 traktorar sem kölluðust KL Bulldog og voru Lanz „look alike“.

Ursus verksmiðjurnar í Póllandi framleiddu 45 eintök af sinni gerð af Lanz árið 1947 sem kallaðist C-45. Tíu árum seinna setti Ursus svo á markað C451 og alls voru 55 þúsund slíkir framleiddir til 1965. Argentínska útgáfan af Lansinum kallaðist El Pampa og voru 3.760 slíkir settir á markað í Suður-Ameríku frá 1951 til 1960.

John Deere tekur Lanz yfir

Landbúnaðartækjaframleiðandinn John Deere keypti framleiðsluréttinn af Lanz árið 1956 og hét dótturfyrirtækið þess sem tók við framleiðslu Lanz dráttarvéla John Deere-Lanz.

Hluti framleiðslu John Deere-Lanz var á Spáni undir heitinu Lans Iberica og frá 1956 til 1963 runnu 17.100 slíkir af færiböndum þar í landi.

Lanz Bulldog er með allra vinsælustu dráttarvélunum sem hannaðar og framleiddar hafa verið í Þýskalandi. Alls munu hafa verið framleiddar 220 þúsund dráttarvélar undir heitinu Lanz og í Þýskalandi er heitið Lanz víða notað sem samheiti yfir dráttarvélar.

Lanz-ins gang

Á heimasíðu Landbúnaðarsafns Íslands segir að upp úr miðbiki síðustu aldar hafi komið til landsins afar merkileg dráttarvél, þýskrar gerðar. Hún hét Lanz Alldog. Vélin var merkileg sakir framúrstefnulegrar hönnunar. Dráttarvélin var byggð á öfluga grind, þar á sat ökumaðurinn, aftast, og hafði mótorinn sér á vinstri hönd. Verkfærin voru síðan hengd á grindina sem einnig gat borið mikinn kassa er sturta mátti úr fram fyrir vélina.

Talsvert er enn til af þessum vélum hér á landi og margar þeirra gangfærar. Búvélasafnið hýsir eina fyrir Byggðasafnið í Görðum. Sú er úr búi Sveinbjarnar Beinteinssonar allsherjargoða frá Draghálsi. Hún er gangfær en nokkuð lúin. */VH*

Mynd / Hlédís Sveinsdóttir

Búverkin á Fossi

Flestir sem hafa verið í sveit sem börn eiga minningar um búleiki. Stór bú og lítil bú voru byggð út við hól og fyrirmyndirnar jafnvel sóttar um alla sveit. Börnin léku sér með leggi, kjálka, völur, skeljar, fiskibein og steina ásamt fleiru. Allir áttu sín hlutverk og sinn bústofn þar sem ímyndunaraflið réði gangi leiksins. Þó nú sé tækniöld og flest börn alist upp við óteljandi tölvuleiki og margs konar afþreyingu eiga búleikirnir ennþá upp á pallborðið. Fyrir allnokkru viku þó leggir og skeljar fyrir plastmótuðum skepnum, leikfangabílum og litlum dráttarvélum.

Hún Sveindís Helga unir sér í leik við eftirmynd af útihúsunum á Fossi í Staðarsveit sem Binni frændi hennar smíðaði. Á bænum búa afi og amma Sveindísar og þar er líka smalahundurinn Blossi sem rólegur gætir búsins á meðan sú stutta sinnir búverkunum. /TB

Sælkerahöll í Holtagörðum

– fyrirmynda leitað í Danmörku og í Bretlandi

Fasteignafélagið Reitir hyggst opna veitinga- og matarmarkað að erlendri fyrirmynd í Vogahverfinu í Reykjavík. „Við erum að auglýsa eftir aðilum sem vilja taka þátt í þessu með okkur og höfum þegar fengið fyrirspurnir frá áhugasömum smásölum,“ segir Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Reita.

Áformað er að opna veitinga- og matarmarkaðinn í Holtagörðum undir nafninu Sælkerahöllin.

Friðjón segir að fyrstu viðbrögð lofi góðu, en um 1.500 fermetra svæði verði til að byrja með ráðstafað undir starfsemina. „Við höfum möguleika á að stækka ef áhuginn reynist mikill,“ segir hann. Básafyrirkomulag verður í Sælkerahöllinni þar sem 12 fermetra rými eða stærra er í boði.

Sælkerahöllin verður í anda Torvehallerne í Kaupmannahöfn og Borough Market í London þar sem matur, menning og umhverfi tvinnast saman í skemmtilegri upplifun gesta. „Það er vaxandi eftirspurn eftir t.d. lífrænum vörum og matvælum beint frá býli, fólk vill í meira mæli fá að vita eitthvað um þann mat sem það kaupir, ekki bara grípa eitthvað frosið í næsta stórmarkaði,“ segir Friðjón.

Stóru verslunarrýmin, sem mjög voru í tísku í eina tíð, eiga undir högg að sækja, annars konar fyrirkomulag sé að ryðja sér til rúms, líkt og það sem fyrirhugað er að setja upp í Holtagörðum þar sem margir einyrkjar koma saman undir sama þaki og bjóða hollar og góðar vörur, skapa lifandi markaðsstemningu með lífi og fjöri. Áhersla verður á ferskleika, íslenska matargerð og hráefni beint frá framleiðendum og eins er gert ráð fyrir að hægt verði að njóta veitinga á staðnum eða grípa þær með.

Mikill fjöldi þegar á ferli á þessum slóðum

Friðjón bendir á að Holtagarðar gegna nú stóru hlutverki sem samgöngumiðstöð en um hana fari um 600 þúsund ferðamenn á ári. Í húsinu eru líka verslanir og önnur starfsemi sem heimamenn sækja í miklum mæli. Þá búa um 14 þúsund manns í Laugarnes- og Laugaráshverfi, Heimum og Vogum og veruleg fjölgun íbúða ráðgerð á næstu árum. Á markaðnum gæti því orðið skemmtilegt samspil heima- og ferðamanna. Til að auka enn á upplifun gesta markaðarins er ætlunin að bjóða upp á afþreyingu, sýningar, tónleika eða aðra listviðburði.

„Nú bíðum við viðbragða og munum fara yfir umsóknir í haust og sjá hvert þetta leiðir. Ef allt gengur að óskum stefnum við á að opna í kringum næstu áramót,“ segir Friðjón. */MÞÞ*

Í Sælkerahöllinni verður hægt að kaupa ferskvöru beint af framleiðendum líkt og í Torvehallerne í Kaupmannahöfn. Myndir / TB

Verður stemningin svona í Holtagörðum? Til að auka á upplifun gesta markaðarins er ætlunin að bjóða upp á afþreyingu, sýningar, tónleika eða aðra listviðburði.

Boðið verður upp á básа til leigu í Sælkerahöllinni.

Bluetooth heyrnarhlífar!

Heyrnarhlífar með útvarpi og ***bluetooth*** *tengingu við síma.*

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

Gólf - Einstök hönnun

léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Þolir 4000kg öxulþunga

Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

FJALLA KOFINN

Marmot®
SUMARDAGAR
20.-24. júlí.

20-50% afsláttur
af öllum Marmot fatnaði

20% afsláttur af öllum barnafatnaði

30% afsláttur af öllum hlaupafatnaði

30% afsláttur af stuttbuxum og bolum

Marmot®
ÞÚ FINNUR MUNINN!

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

Leifs Eiderdown

Mig vantar Æðardún til útflutnings

215.000,- verður lægsta nettó útborgun.
Verði markaðsverð hærra, verður útborgun hærri.
Hafið samband við mig í 893-8554
eða leifm@simnet.is

PERUZZO FYRIR BÆNDUR

CANGURO PRO 1600 SLÁTTUVAGN

Sláttuvagn til að slá og gefa grænfóður inanndyra
Hentar einnig til að halda hreinu kringum bæinn
Slær 160cm og tekur 1900 lítra í graskassann

VETRARSÓL
Askalind 4, Kópavogi
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Kýrnar í Holtseli hafa aðgang að grænfóðri skammt frá fjósinu. Þar er rafgirðing færð tvisvar til þrisvar á dag. Mynd / GJG

Frjáls útivera kúnna í Holtseli

– hraustari kýr, hærri nyt auk vinnusparnaðar við þrif og fóðrun, segir bóndinn

Á bænum Holtseli í Eyjafjarðarsveit hefur til langs tíma verið rekið myndarlegt kúabú og hefur löngum þótt glæsilegt heim að líta, enda ábúendur þar engir nýgræðingar í búskap. Búið hefur síðustu áratugi verið eitt af stærri mjólkurframleiðslubúum á Eyjafjarðarsvæðinu og alla tíð þótt afar glæsilegt, byggingum vel við haldið og umhverfið snyrtilegt.

Þarna búa hjónin Guðrún Egilsdóttir og maður hennar, Guðmundur Jón Guðmundsson. Þau voru á sínum tíma brautryðjendur í framleiðslu á heimagerðum ís, og reka enn ísgerð og fallegt ísréttaveitingahús á fjósloftinu.

Ísframleiðslan hófst 23. apríl 2006 og eru ábúendur í Holtseli fyrstir íslenskra bænda til að framleiða mjólkur- og rjómaís úr eigin mjólk.

Í Holtseli er rekin Beint frá býli-verslun sem býður upp á ýmsar vörur „Beint frá býli“-framleiðenda úti um land allt.

Mjaltaþjónn bætist í búskapinn

Fyrir tæpu ári síðan var breytt um mjaltatækni og keyptur Delaval mjaltaþjónn af Bústólpa ehf. og var kosið að hafa sk. stýrða umferð eins og algengast er með þessa tegund mjaltaþjóna.

Kýrnar í Holtseli eru greinilega hrifnar af tækninýjungum því það var eins og þær hefðu verið mjólkaðar í mjaltaþjóni í tugi ára og voru engin vandamál sem dúkkuðu upp þegar þær fóru að mjólkast með nýrri og annarri tækni.

Aðspurður um það hvernig til hefði tekist þegar mjaltaþjónn var tekinn í notkun að leyfa kúnum áfram að ganga við opið, segir Guðmundur að það hefði gengið vel.

„Við höfum í nokkur ár leyft kúnum að hafa opinn aðgang að fjósinu allan sólarhringinn þar sem þær hafa bæði haft hey og fóðurbæti og eru þær vanar að nýta sér það. Þær rölta út og inn nokkrar ferðir á dag. Ef veður er ekki gott kjósa þær að liggja inni, einnig á nóttunni.

Kýrnar ganga frjálsar út og inn

Þegar við tókum í notkun nýjan mjaltaþjón síðastliðið haust höfðum við dálitlar áhyggjur af því að erfitt yrði að leyfa kúnum að fara út á sömu forsendum og áður, en þær áhyggjur voru með öllu ástæðulausar. Núna lokum við aldrei fjósinu og kýrnar ganga frjálsar út og inn.

Fyrstu 1–2 vikurnar sóttum við þær einu sinni til tvisvar á dag og rákum þær inn, en flokkunarhliðið við mjaltaþjóninn hleypti þeim út sem ekki voru komnar með mjaltaheimild. Það að hafa flokkunarhlið gerir þetta allt saman mikið þægilegra og auðveldara á allan átt. Og forsenda þess að hægt sé að leyfa kúnum að ganga frjálsar,“ segir Guðmundur og bætir við að þau hafi jafnvel séð kýr sem ekki vildu fara út fara inn beint aftur, þær hafi valið.

„Nú erum við nánast alveg hætt að þurfa að skipta okkur af kúnum til að reka þær í mjaltir. Þær kjósa að koma inn að kvöldinu og liggja inni yfir nóttina, en byrja að tínast út snemma á morgnana að mjöltun loknum. Það fer svo eftir veðri hvað þær eru fljótar að koma sér á beit. Ef kalt er í veðri eða rigning kjósa þær oft flestar að liggja inni mestan part dagsins, skjótast kannski stutta stund á beitina. Þar sem þær hafa aðgang að grænfóðri skammt frá fjósinu. Þar færum við rafgirðingu tvisvar til þrisvar á dag,“ segir Guðmundur.

Guðrún Egilsdóttir og Guðmundur Jón Guðmundsson í Holtseli. Mynd / BBL

Holtsel í Eyjafirði að vetrarlagi. Mynd / GJG

Hver er helsti ávinningur frjálsrar útiveru?

„Við teljum útivist og hreyfingu ekki síður nauðsynlega fyrir kýrnar en mannfólkið og okkar reynsla er sú að mörg vandamál séu úr sögunni þegar kýrnar komast út á vorin. Auðvitað er æskilegt að bithaginn sé ekki langt frá fjósinu svo kýrnar eigi auðvelt með að rölta á milli að vild,“ segir Guðmundur.

Hann telur ávinninginn við útiveru kúnna vera hraustari kýr og hærri nyt auk vinnusparnaðar við þrif og fóðrun. „Það er okkar skoðun og byggð á reynslu,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson í Holtseli.

/Kristján Gunnarsson ráðgjafi

Frakkland með rúmlega tvöfalda mjólkurframleiðslu á við Norðurlöndin

Þrátt fyrir að síðasta ár hafi verið afar gott framleiðsluár á Norðurlöndunum og heildarframleiðslan hafi endað í 12,3 milljörðum lítra þá er það hjóm eitt við hlið franskrar mjólkurframleiðslu. Franskir bændur einir framleiða nefnilega árlega um 25 milljarða lítra mjólkur og er landið sjöundi stærsti mjólkurframleiðandi í heiminum!

Frönsk mjólkurframleiðsla er afar mikilvæg fyrir þarlendan efnahag og stendur undir miklum útflutningstekjum landsins. Við mjólkurframleiðslu og -iðnað starfa í kringum 250 þúsund manns sem gerir atvinnugreinina þá næststærstu í landbúnaði, á eftir kjötframleiðslu. Síðastliðið ár hefur verið afar erfitt þegar horft er til mjólkurframleiðslunnar í Frakklandi vegna lágs afurðaverðs en talin er hætta á að rúmlega þriðja hvert kúabú þurfi að loka vegna taprekstur.

65 þúsund kúabú

Fimm stærstu mjólkurframleiðslulönd Evrópusambandsins eru Þýskaland, Frakkland, Stóra-Bretland, Holland og Pólland en þessi lönd standa undir um 64% allrar mjólkurframleiðslu aðildarlandanna. Franskir kúabændur framleiða árlega um 25 milljarða lítra mjólkur og eru einungis þýskir kollegar þeirra með meiri framleiðslu. Sé þetta mjólkurmagn sett í samhengi má t.d. benda á að frönsk kúabú framleiða á rúmlega tveimur dögum ársframleiðslu íslenskra kúabúa! Alls eru um 65 þúsund kúabú í landinu og er meðalbúið með um 55 mjólkurkýr. Afurðasemi kúnna er að jafnaði heldur lítil þegar horft er til helstu samkeppnislandanna en meðalnytin er að jafnaði um 7.000 lítrar á árskúna og framleiða kúabúin að jafnaði um 380 þúsund lítra árlega.

Ótal móttökuaðilar mjólkur

Það sem vekur athygli þegar mjólkuriðnaðurinn í Frakklandi er skoðaður er hve margir aðilar vinna úr mjólk í landinu. Alls eru starfandi um 500 móttökuaðilar mjólkur og er því meðalinnvigtunin tæplega 50 milljónir lítra á hvern aðila. Þó gefur þessi tala ekki rétta mynd enda eru nokkrar afurðastöðvar með langstærsta hluta mjólkurmagnsins og taka rúmlega 30 afurðastöðvar við um 60% mjólkurinnar að jafnaði. Reyndar er frönsk mjólkurframleiðsla nokkuð frábrugðin að uppbyggingu miðað við mjólkurframleiðsluna í öðrum löndum Norður-Evrópu og stór hluti af þeim fyrirtækjum sem starfa í úrvinnslu mjólkur í landinu er í einkaeigu. Þekktust þessara fyrirtækja eru stórfyrirtækin Danone og Lactalis, en bæði eru með starfsstöðvar víða um heim og eru umsvif þeirra í Frakklandi því einungis hluti starfsemi þeirra. Þau eru bæði það stór að þau teljast til stærstu afurðafyrirtækja í mjólkurvinnslu í heiminum og er einungis svissneska fyrirtækið Nestlé stærra en hin áðurnefndu frönsku fyrirtæki. Á listanum yfir 20 stærstu fyrirtæki í úrvinnslu mjólkur í heiminum, metið út frá árlegri veltu, eru þau frönsku í sérflokki en auk Danone og Lactalis eru bæði fyrirtækin Sodiaal og Savencia á listanum og saman standa þessi fjögur fyrirtæki undir 23,4% af heildarveltu fyrirtækjanna á topp 20 listanum. Fimm bandarískar afurðastöðvar koma þar á eftir með 19,6% og svo Nestlé eitt og sér frá Sviss með 12,5%.

Enn fleiri í úrvinnslunni

Mjólkin fer til vinnslu hjá ótrúlegum fjölda aðila, en alls eru skráðir um 1.250 framleiðsluaðilar mjólkurafurða í Frakklandi. Þar af eru reyndar um fjórðungur sem er með afar lítið magn eða minna en 10 þúsund lítra árlega. Þessir aðilar eru flestir í sérostagerð en fyrir því er rík hefð í Frakklandi og úrval osta sem framleiddir eru í Frakklandi með því mesta sem þekkist í heiminum.

25.000 frönsk kúabú í hættu

Eins og áður segir þá hefur lágt afurðastöðvaverð í Evrópusambandinu nú leitt til þess að staða tugþúsunda kúabúa aðildarlandanna er gríðarlega erfið og sér í lagi í Þýskalandi og Frakklandi. Svartsýnustu spárnar gera þannig ráð fyrir því að allt að 25 þúsund frönsk kúabú séu í verulegum vandræðum og að á aðeins fjórum árum muni þarlendum búum fækka úr 65 þúsund í 40 þúsund. Þannig er talið að það séu a.m.k. 5 þúsund kúabú sem eru rekin með stórfelldu tapi og að tapið nemi 12-13 krónum á hvert framleitt kíló mjólkur. Til viðbótar vantar annað eins svo búin hafi fyrir launum eigenda og afskriftum og því liggur fyrir að búin þola ástandið ekki mikið lengur. Eigi að koma í veg fyrir að þessi stóri hópur kúabúa fari í gjaldþrot vonast þarlendir bændur eftir viðbótar stuðningi yfirvalda eða verulega hækkuðu afurðastöðvaverði, en á því eru taldar litlar líkur eins og staðan er í dag. Talið er að afurðastöðvaverðið þurfi að hækka um nærri 50% frá því sem nú er og fara í 40 evrusent eða um 54 krónur svo reksturinn geti borið sig.

Þurfa að auka samvinnuna

Í flestum löndum Evrópu hefur orðið vart við stóraukna samvinnu kúabúa síðustu árin. Þau skref hafa gert það að verkum að mörgum hefur tekist að mæta að hluta til lækkandi afurðastöðvaverði með lægri kostnaði t.d. við öflun aðfanga með aukinni samvinnu svo sem við fóðuröflun. Samvinna hefur ekki beint verið aðalsmerki franskrar mjólkurframleiðslu en nú er svo komið að margir framámenn franskra kúabænda telja að leið bændanna til móts við nýja tíma felist einmitt í aukinni samvinnu líkt og þekkist í mörgum öðrum löndum.

Mótmæla allir sem einn

Það má vel vera að franskir kúabændur séu ekki mikið fyrir það að vinna saman en þegar kemur að því að mótmæla hika þeir ekki við að standa saman. Þá fylkja þeir liði á dráttarvélum sínum og aka niður í borgir og bæi og vekja þannig athygli á málstað sínum. Oft gerist það einnig að þeir hella niður mjólk og ná slíkar aðgerðir nánast umsvifalaust inn í helstu fjölmiðla. Þetta gerðist t.d. þegar fram komu hugmyndir um að heimila kúabú með fleirum en eitt þúsund kúm í þeim tilgangi að auka hagræði við mjólkurframleiðsluna. Þeim hugmyndum mótmæltu kúabændur víða um land og töldu vegið að þeim hefðum og gildum sem hafa verið í þarlendri mjólkurframleiðslu til þessa. Auk þess vildu þeir meina að slík bú hefðu umhverfismengandi áhrif og fleiri neikvæða þætti. Fóru þeir fram á að sett yrði þak á bústærð í landinu og að þá ætti að miða við að hámarki 500 kýr á hverju búi. Enn sem komið er eru þó ekki mörg frönsk kúabú sem hafa margar kýr og eru t.d. ekki nema 4% kúabúa landsins með fleiri en 100 kýr.

Áhugaverð viðbrögð stjórnvalda

Tíð mótmæli franskra kúabænda vegna lágs afurðaverðs hafa vakið verulega athygli í landinu og hafa nú stjórnvöld t.d. greitt út svokallaðar neyðarbætur til kúabænda landsins og nam upphæðin að jafnaði 7 þúsund evrum á hvert kúabú eða um 950 þúsund íslenskum krónum. Þá hafa Frakkar einnig breytt kröfum til upprunamerkinga bæði á kjöti og mjólkurvörum þess efnis að frá og með 1. janúar næstkomandi skulu allar vörur vera með skýrar upplýsingar um upprunaland þeirra. Þessi krafa hefur alls ekki farið vel í fyrirtæki sem eru í innflutningi en bændur styðja auðvitað heilshugar við þessi áform og það sem er ekki minna athyglisvert er að frönsku neytendasamtökin gera það einnig! Þessi ráðstöfun ein og sér er talin að muni gera það að verkum að sala á matvælum sem upprunnin eru í Frakklandi muni aukast verulega og skila sér þannig beint og óbeint til þarlendra bænda. Þessi aðgerð gengur raunar þvert á grunnstoð Evrópusambandsins um hinn innri markað en Frakkar náðu þessu í gengum Evrópuþingið og hafa nú fleiri lönd fikrað sig í sömu átt og má þar nefna bæði Ítalíu, Portúgal og Litháen sem hafa tilkynnt til Evrópusambandsins að þau ætli að gera sambærilegar kröfur í þeim tilgangi að reyna nú að verja landbúnað sinn með kröfum um skýrar upprunamerkingar matvæla. Hvort þessi ráðstöfun muni ná að bjarga frönskum kúabændum skal ósagt látið en vissulega áhugaverð leið til þess að hvetja til kaupa á þarlendum matvælum.

Helstu heimildir:
Eurostat, Rabobank, IFCN og IDF

Snorri Sigurðsson
sns@seges. dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S
Danmörku

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Æðardúnsþvottur
Þvoum æðardún
Gerum gömlu
æðardúnssængina
sem nýja
Geymið auglýsinguna
hafrafell@gmail.com
893-2928
Morgunrodi


fánar
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar
þjóðfánar • borðfánar • bannerar
MERKIS MENN
UMHVERFISMERKINGAR SKILTAGERÐ
www.merkismenn 544 2030

Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.

Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:

Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Hindber eru til margra hluta nytsamleg, hvort sem í eftirréttinn, ísinn eða í saft og sultur. Myndir / EHG

Hindberjaplönturnar eru smáar í byrjun en vaxa hratt og geta breitt mikið úr sér.

Ofurfæðan hindber

Hindber eru af brómberja- og rósaætt og eru að margra mati ofurfæða enda innihalda þau mikið magn andoxunarefna, C-vítamína ásamt A og B-vítamínum. Þau innihalda í raun meira magn C-vítamína en appelsínur, eru trefjarík, innihalda lítið af kaloríum og eru rík af fólínsýru.

Um 200 hindberjaplöntutegundir eru til í heiminum. Plönturnar eru gríðarlega öflugar og er í raun erfitt að halda þeim í skefjum því þær breiða úr sér með síðuskotum sem koma upp rétt við aðalplöntuna. Hindber eru sæt á bragðið og henta við ýmis tækifæri, sem eftirréttur með rjóma, í ís, saft, sultur og eða í salat. Hvert ber samanstendur af nokkrum litlum ávöxtum sem settir eru saman af einu fræi sem er þakið rauðu ávaxtakjöti. Klasi af slíkum ávöxtum verður síðan að heilu hindberi. Hvert hindber getur innihaldið á bilinu 100–120 fræ. Hindber geta verið rauð, fjólublá, gyllt eða svört á lit, þau gylltu eru sætasta tegundin og eru mjög bragðgóð.

Villihindber gegn reiði og gráti

Samkvæmt grískri goðafræði voru það hindber sem hjálpuðu Júpíter frá því að verða svikinn af sínum eigin föður. Satúrnus, sem var afbrýðisamur og hafði fyrir vana að borða börn sín. Þegar Júpíter var nýfæddur var hann sendur í skjól til Krítar þar sem Ida nokkur hugsaði um hann. Hún gaf honum hunang og geitamjólk til matar en það besta sem hún gat gefið honum voru hvít villihindber sem uxu í fjöllunum. Þau slógu á bæði grát og reiði en Júpíter hafði mikið skap. Þess vegna gerður Rómverjar hann að guði þruma og eldinga. Sem ungbarn var skap Júpíters svo mikið að móðirin hafði sent hann í burtu með nokkra djöfla, sem nefndust korybantar sem gátu með þrumuhávaða trommuslætti og eldgnístandi dansi yfirgnæft öskrin svo faðir hans gæti ekki komist á snoðir um hvar drengurinn var falinn.

Dag einn yfirgnæfði þó Júpíter yfir djöflunum og það var einmitt þá sem Ida greip til villihindberjanna í þeirri von að það myndi róa hann niður. Á meðan hún tíndi átti hún á hættu að skaða sjálfa sig á þyrni stráðum runnunum. Slíkt gerðist og blóðið rann niður á berin sem gaf þeim hinn rauða lit. Berin gerðu það að verkum að þau þögguðu niður í skapsmunum Júpíters, felustaður hans var áfram leyndur og hann óx upp og varð konungur guðanna. Upp frá þessu hafa guðirnir séð til þess að hindber séu ávallt rauð á lit.

Lækningamáttur hindberjaplantna

Ida var verðlaunuð ríkulega fyrir sína viðleitni af bæði guðum og manneskjum. Júpíter þakkaði henni fyrir umhyggju sína með því að senda hana til himna þar sem hún lifir um ókomna tíð sem stjörnumyndin Litli-Björn. Fólk kallaði fjöllin á Krít, þar sem Júpíter var alinn upp, Ida-fjöllin og berin sem voru svo skapgerðar-stillandi rubus idaeus eða rauðu berin hennar Idu.

Rubus er heiti úr latínu og kemur af ruber sem þýðir rauður og er sameiginleg lýsing á plöntufjölskyldu sem samanstendur af nokkur hundruð tegundum. Innan þeirra eru meðal annars brómber og moltuber.

Samkvæmt Hippokrates (460–370 f.Kr.), voru hindber ræktuð bæði til matar- og lyfjagerðar í Grikklandi á hans tíma. Rómverjar voru einnig uppteknir af lækningamætti hindberjaplantna. Pedanioa Dioscorides, sem var læknir í rómverska hernum fyrstu árin eftir fæðingu Krists, safnaði saman kunnáttu um heilandi plöntur við Miðjarðarhafið. Í bókinni De Matria Medica eru nákvæmar lýsingar á um fimm hundruð plöntum og hvað hægt væri að nota þær í. Hindberja- og brómberjaplöntur sagði hann meðal annars geta læknað munnangur, linað þjáningar við ristilbólgum, vera góðar gegn lús, gyllinæð og fleiri kvillum. Einnig höfðu plönturnar góða virkni gegn hjartakvillum. Þegar hálfþroskaðra berja var neytt átti það að stöðva niðurgang og blómin höfðu sömu virkni ef þau voru innbyrt saman með víni vel að merkja.

Hindber í fæðingu, rétt fyrir blómstrun.

Gott gegn hálsbólgu og munnsárum

Hindber eru full af andoxunarefnum og C-vítamíni ásamt fleiri fæðubótarefnum. Menn uppgötvuðu snemma lækningamátt plantnanna. Þannig tuggðu Rómverjar blöðin til að losna við munnsár og hindberjasaft var talið geta komið í veg fyrir hálsbólgu. Te af hindberjablöðum er hægt að nota við fleiru en munnsári og bólgnum hálskirtlum því innan jurtafræða eru þau talin geta læknað niðurgang og linað túrverki. Efni í blöðunum gerir það að verkum að slímhimnan dregur sig saman. Aðrir hafa haldið því fram að í berjunum séu efni sem komi í veg fyrir krabbameinsmyndun og vírussýkingar.

Einnig er mælt með hindberjatei fyrir ófrískar konur því það vinnur gegn flökurleika á meðgöngu og hefur góð áhrif á grindarbotnsvöðvana sem getur haft það að verkum að fæðingin gengur betur fyrir sig. Teið flýtir einnig fyrir bata á kviðnum eftir barnsburð. Í kínverskum jurtafræðum eru óþroskuð, þurrkuð ber notuð gegn getuleysi á meðan þroskuð ber áttu að virka styrkjandi fyrir sjónina.

Vegur hindberjanna hefur farið víða og virðast vinsældir þeirra aukast með hverju árinu enda eru bragðgæði þeirra mikil og góð. Ekki skemmir heldur fyrir hversu rík þau eru af bætiefnum og hvað hægt er að nota þau sem bragðauka í marga mismunandi rétti. */ehg*

Berin þroskast fljótt og því þarf að hafa hraðar hendur á uppskerutímanum.

Hindberjaheiti á öðrum tungumálum

Sænska – Hallon, Skogshallon
Danska – Hindbær
Finnska – Vattu, Vadelma, Vaapukka
Enska – Raspberry, Red raspberry, European red raspberry, Wild raspberry
Þýska – Himbeere, Waldhimbeere
Franska – Framboise, Framboisier, Ronce du Mont Ida
Spænska - Frambueso
Japanska - Ezo-ichigo

Hindberjauppskriftir

Hindberjasíróp
300 g hindber
3 dl vatn (300 g)
120 g sykur

Aðferð:
Sjóðir vatn og ber og látið sjóða örlítið þar til berin eru orðin lin. Pressið berin í gegnum síu og kastið steinunum. Sjóðið saftið með sykrinum og látið blönduna sjóða þar til sírópið verður passlega þykkt. Hellið á hreinar og heitar flöskur. Kælið og geymið í ísskáp. Passar vel með eftirréttum og sem bragðaukandi í ýmsa drykki.

Hindberjaedik
Krukka með þéttu loki er fyllt með ferskum hindberjum og síðan er krukkan fyllt með ediki (ýmist eplasíder-, hvívíns- eða venjulegt 7% edik). Lokið krukkunni vel og passið að ekki sé ediksull á henni. Látið standa í kæli í 3–4 vikur og snúið henni við nokkrum sinnum. Síið edikið frá og hellið á hreinar flöskur, geymið í kæli. Gott er að nota edikið sem salatdressingu í sósur og í maríneringu.

Spá metuppskeru á korni:

Rússar ætla að auka framleiðsluna gríðarlega

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) spáir að heildar kornframleiðsla í heimunum á þessu ári verið ríflega tveir milljarðar tonna.

Núverandi spá er talsvert hærri en sú sem var gefin var út í upphafi árs. Helsta ástæða þess að uppskeran er talin vera meiri en ætlað var er metuppskera í Rússlandi.

Veðurfar á árinu hefur víða verið hagstætt fyrir kornrækt og er búist við mjög góðri uppskeru í Bandaríkjunum, Kína og Indlandi. Útlitið er aftur á móti lakara í Tyrklandi.

Talið er að heimsuppskera á hrísgrjónum verði rétt tæp 500 milljón tonn.

Spár FAO gera ráð fyrir að heildaruppskera á korni muni aukast um 25% á næstu 15 árum.

Árið 2015 ræktuðu Rússar 105 milljón tonn af korni en áætlanir þar í landi gera ráð fyrir að auka uppskeruna í 111 milljón tonn árið 2017 og í 130 milljón tonn á næstu fimmtán árum. Þær áætlanir gera ráð fyrir að kornræktarland í Rússlandi aukist úr 46 milljón í 49 milljón hektara.

Rússland er stærsti framleiðandi og útflytjandi óerfðabreytts korns í heiminum í dag.

Gangi áætlanirnar eftir verður korn önnur stærsta útflutningsvara Rússa á eftir olíu.

/VH

Neil Young hefur haldið tónleika víða um Evrópu í sumar og kynnt nýju plötuna sína, Earth.

Tónlist:

Neil Young rokkar fyrir Móður Jörð

Hipparokkarinn baráttuglaði Neil Young er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum. Í sumar hefur hann verið á tónleikaferð um Evrópu. Með honum í för er hópur aðgerðasinna sem kallast Global Village eða Heimsþorpið.

Hópurinn sem fylgir Young hefur sett upp sýningar í nokkrum borgum þar sem lögð er áhersla á að vekja fólk til vitundar um mál sem tengjast landbúnaði og fæðuframleiðslu.

Á sýningunum má meðal annars fræðast um lífræna ræktun og þá hættu sem stafar af erfðabreyttum matvælum og lyfjanotkun í landbúnaði. Málefni sem eru Neil Young hugleikin.

Earth og The Monsanto Years

Young, sem gaf út sína fyrstu plötu árið 1968, hefur haldið tónleika víða um Evrópu í sumar og kynnt nýju plötuna sína, Earth, sem er óður hans til Jarðarinnar. Hljómsveitin sem spilaði með honum kallast Promise Of The Real og er meðal annarra skipuð tveimur af sonum Willie Nelson.

Young hefur oft látið málefni líðandi stundar koma sér við og boðað ást og frið í lögum sínum. Á síðasta ári gaf hann út plötu sem heitir The Monsanto Years og inniheldur baráttulög til höfuðs risalandbúnaðarfyrirtækinu Monsanto sem meðal annars framleiðir og selur erfðabreytt fræ og plöntueitur.

Farmaid

Árið 1985 hélt Young, ásamt Willie Nelson og John Mellencamp, tónleika sem kölluðust Farmaid og rann ágóðinn til bænda í vanda. Í framhaldi af því stofnaði hann samtökin Farmaid sem hafa að markmiði að styðja við bændur í Bandaríkjunum. Samtökin hafa lagt ríflega 50 milljón bandaríkjadali til stuðnings bændum í vanda. Þau hafa einnig lagt fé í að kynna lífræn matvæli beint frá býli.

/VH

Mikið úrval aukahluta

BIRCHMEIER

Profi Star 5 fyrir garðinn
Spray-Matic 5P fyrir olíuefni
Clean-Matic 5E fyrir alkalísk efni
Clean-Matic 5P fyrir sýruefni

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

Made in Switzerland

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Til sölu jörðin Skógar í Flókadal, Borgarbyggð

Umtalsverðar veiðitekjur.

Jörðin Skógar er sunnan Flókadalsár. Bláfinnsvatn er í útnorðurmörkum, og Skógavatn, sem að mestu er í Skógalandi, er á mörkum Hæls og Skóga. Í þessum vötnum var stunduð veiði, einkanlega Skógavatni. Í Flókadalsá er töluverð laxveiði og eru veiðitekjur Skóga u.þ.b. 2.8 millj. á ári en eignarhluti er um 12%. Jörðinni fylgir einnig veiði- og beitarréttur á Arnarvatnsheiði.

Land jarðarinnar er allt slétt og víða vel gróið. Land Skóga sem talið er vera um 350 hektarar Húsakostur er allur gamall, en mjög snyrtilegur og að því er séð verður mjög vel um hirtur. Íbúðarhúsið hefur verið mikið endurnýjað en látið halda að mestu sínu upprunalega útliti. Góðar girðingar eru á jörðinni.

Stutt í margar af helstu náttúruperlum Borgarfjarðar.

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
magnus@fasteignamidstodin.is sími 550-3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Hitablásarar og rafstöðvar

öflugir vinnuþjarkar frá Zipper og Holzmann

Hitablásari
HDK 15T - 15Kw
brennir steinolíu og dísil

Rafstöð 7,5 kw - STE8000

Rafstöð 1,36 kw - STE3000

Hitablásari
HDK 30T - 30Kw
brennir steinolíu og dísil

Rafstöð 1,3 kw - STE2000

Eigum einnig fyrirliggjandi fleiri tegundir rafstöðva

IÐNVÉLAR

IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur

Hin volduga valurt

Á þeim tímum þegar skærur og vopnaskak var meira í návígi, vopnin frumstæð og meira gerð til að lumbra á náunganum, þótt menn hafi nú samt beitt þeim í fullri trú um að þau myndu alveg ganga frá honum. Stundum tókst það.

En mikill meirihluti þeirra sem féllu í valinn á vígvellinum voru fremur hálfdauðir en aldauðir í lok bardagans. Lemstraðir og sárir lágu þeir eftir og myndu hafa borið þar beinin ef ekki hefðu komið til læknar, oftast konur, sem kunnu sitt fag til að binda um benjarnar, spelka saman bein og hlúa að þeim sem lifðu af bardagann. Þá gilti að hafa græðandi jurtir við höndina. Valurtin var ein af þeim og dregur reyndar sitt norræna nafn af þessu notagildi. Það hefur meira að segja haldið sér í íslensku og þótt Danir kalli hana nú „kulsukker“ þá eiga þeir enn til valurtarheitið einhvers staðar í gömlum bókum.

Tuttugu og fimm til þrjátíu tegundir

Í ættkvíslinni *Symphytum*, sem kallast einu nafni valurtir á íslensku eru á milli 25–30 skrásettar og viðurkenndar tegundir. Ættkvíslarheitið er dregið af grísku sagnorði yfir að sameina eða græða saman. Mörkin á milli tegunda eru oft óljós vegna þess hve auðveldlega þær víxlfrjóvgast hver með annarri þar sem vaxtarsvæði þeirra skarast. Ættkvíslarheitið er dregið af grísku sagnorði yfir að sameina eða græða saman. Flestar koma þær við sögu grasalækninga, hver á sínu svæði. Og það var ekki lítið sem valurtirnar gátu áorkað.

Þrjár bera af

En eiginlega eru valurtir grasalækninganna bara þrjár. Sú sem kölluð hefur verið „hin eiginlega“ valurt, *Symphytum officinale*, kemur upphaflega úr héruðum Suðausturevrópu. Til hennar hefur verið vísað frá upphafi ritaðrar lækna- og ræktunarsögu. Önnur valurtartegund, *Symphytum asperum*, sem kölluð hefur verið burstavalurt á íslensku kemur frá Vesturevrópu. Báðar hafa þær verið fluttar til og ræktaðar í lyfjajurtagörðum gömlu apótekaranna. Þar sem þær hittust æxluðust þær gjarna saman svo að upp kom blendingstegundin benjavalurt, *Symphytum* × *upplandicum*.

Hún var fyrst greind í Upplöndum Svíþjóðar og dregur hið fræðilega viðurnefni sitt af því. Þessi blendingur er næsta fjölbreytilegur og á í vandræðum með að halda sér við sem sjálfstæð tegund. Þar sem báðar foreldrategundirnar vaxa í námunda hún með þeim svo að afkomendurnir fá þá svip þess foreldris sem lagði frjóduftið til. Benjavalurtinni gengur ekki vel að frjóvga sjálfa sig og mynda þroskuð fræ. Þó kemur það fyrir en er samt nokkuð einstaklingsbundið. Flestar benjavalurtir eru því ófrjóar og dreifast ekki út með fræi.

En allir litlir rótarbútar sem losna frá rótinni hafa getu og hæfileika til að mynda brum og blöð og verða þannig að sjálfstæðum plöntum. Því getur verið erfitt að losna við benjavalurtina þaðan sem hún hefur einu sinni náð að koma sér fyrir. Annars er það regla að allar valurtartegundir þroska mikið fræ og sá sér út meira en flestum þykir góðu hófi gegna.

Þessar þrjár eru enn ræktaðar sem lyfjajurtir. Þær tvær fyrri samt frekar lítið vegna þess hve óviðráðanlegar þær eru með fræfallinu.

Valurt – gróskuleg og hrjúf blöð.

Benjavalurtin ríkir á Íslandi

Benjavalurtin er sú valurtanna sem helst má rekast á hér í görðum. Valurtin, burstavalurtin og líklega tvær til þrjár tegundir annara valurta hafa borist hér í garða en eru ekki algengar. Benjavalurtin er hinsvegar nokkuð algeng. Einkum hjá fólki sem ræktar hana sem „áburðarverksmiðju“, og iðkar ræktun án verksmiðjuáburðar.

Fáar plöntur eru betur til þess fallnar né bjóða upp á aðra eins ofgnótt af næringarefnum í moltugerðina eða jafnvel í áburðarlög sem nota má blandaðan við vökvunarvatnið í hvert sinn sem matjurtirnar eru vökvaðar. Kem að því í lokin.

Allra meina bót

Elstu heimildir um valurtir sem græðijurtir og vitað er um eru frá því um árið 400 fyrir okkar tímatal. Grikir og Rómverjar notuðu valurtina til að stöðva blæðingar úr svöðusárum, lækna lungnakvilla, græða sár og beinbrot. Blöð og rót voru tekin og gerður úr þeim grautur sem lagður var yfir ljót sár. Til inntöku voru gerð seyði sem áttu að vinna á öllum innanmeinum. Valurtarbakstrar, smyrsl og seyði sem lögð voru við húð voru talin ráða bót á skinnákomum, endurnýja og mýkja húðina.

Enski læknirinn Nicholas Culpeper tók saman mikið rit um læknisdóma sina og lyfjagrös árið 1789 og segir þar um valurtina – lauslega þýtt, stytt og staðfært:

„Hún heyrir undir plánetuna Satúrnus og stjörnumerkið Steingeit. Valurtin hjálpar þeim sem spýta blóði eða hafa blóðug þvaglát. Rótin, soðin í víni sem síðan er drukkið, hjálpar við innvortis meinum, lagar krönk lungu, losar slím og eflir blóðflæði til höfuðsins. Slær á magaólgu og kviðverki kvenna á klæðaföllum. Síróp gert af rótinni gagnast við flestum slæmskum, innvortis sem útvortis. Mauk af rót eða blöðum stöðvar blóðflóð samstundis og flýtir fyrir að sár grói. Valurtin er svo samandragandi að skurðir og beinbrot gróa fljótt og vel.“

Og svo segir Culpeper að plantan sé það kröftug að kjötbitar sem soðnir eru með valurt hlaupi saman og verði að heilu stykki á ný. Svo mikil var trúin, en varla hefur Culpeper sannreynt þessa kenningu!

Nútíminn

Enn þann dag í dag eru gerðar ýmiss konar heilsuvörur úr valurtunum. Hún er notuð af grasalæknum og hómópötum. Úrval afurðanna er nokkuð umfangsmikið og töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar á gildi valurta sem lækningajurta. Víst er um að þær innihalda hátt hlutfall af alkólíðanum allantóníni og nokkurt magn af sútunarsýru. Hvort tveggja hefur mildandi, samandragandi og græðandi áhrif á sár sem gengur illa að gróa.

Auk þess er urmull annarra efna í plöntunum. Þau er ekki hægt að sundurliða hér. En hafið hugfast að nota ekki plöntur, þótt þær séu mjög rómaðar lækningajurtir, til lækninga án samráðs við lækna. Og inntaka á valurt er sögð geta haft mjög slæm áhrif á lifur og nýru. Í sumum löndum er jafnvel bannað að selja valurtarafurðir til inntöku vegna þess.

Áburðarverksmiðjan

Þótt valurtin sé kannski ekki alveg áreiðanleg sem lækningajurt, fyrir leikmenn að minnsta kosti, þá er verðmæti hennar sem hráefni í „líf-rænar” áburðarblöndur mjög hátt. Valurtina er auðvelt að rækta. Hún kýs gjarna frjóa jörð, jafnan raka og þolir vel að standa í skugganum. Auðveldast er að fjölga henni með rótarbútum eða skiptingu.

Ef fara á út í valurtarækt af fullri alvöru með áburðarframleiðslu í huga duga tvær til þrjár plöntur fyrir meðalstóran garð. En í stórrækt þarf um það bil 100 plöntur í 100 fermetra reit til að framleiða áburðarefni í eins hektara akur. Valurtina er hægt að verka í moltu og sem áburðarlög. Í fyrra tilvikinu er valurtin skorin og lögð í moltubinginn, söxuð eða marin eftir getu og síðan blandað saman við annað efni í honum. Þar er valurtin fljót að moltna niður og sameinast moltunni sem fyrir er. Þurrkuð, mulin valurt er líka góð sem moltuhvati.

Áburðarlögur

En vinsælla og jafnvel hagstæðara er að gera lög úr valurtinni. Þá eru plönturnar marðar og troðið þétt ofan í hæfilega stór ílát, ef menn eru stórhuga þá má gjarna nota stór pallettuker, dunka eða tunnur með víðu opi að ofan og útbúnaði fyrir afrennsliskrana næst botninum. Eins miklu af valurt og hægt er troðið í ílátið og síðan fyllt á með vatni. Þetta er svo látið standa utandyra þar sem sól nær að skína á. Lokið er haft lauslega á eða einhver dula sem ver ílátið gegn regni lögð yfir.

Eftir nokkra daga byrjar gerjun í ílátinu. Valurtin rýrnar og safinn úr henni sameinast vatninu. Vökvinn verður dökkur og illa þefjandi, minnir kannski mest á úrhrærða mykju. Þegar þetta byrjar að gerast, það tekur oftast 14-20 daga eftir lofthita, má láta safann renna undan. Hann er síðan blandaður til helminga eða jafnvel 1:10 með vatni sem svo er vökvað með eins og við á með reglulega áburðargjöf.

Valurtarlögurinn inniheldur inniheldur áburðarefnin NPK nokkurn veginn í hlutföllunum 1,8-0,5-5,3 auk allra snefilefnanna, stórra sem smárra og urmuls af góðkynja örverulífi. Hægt er að bæta valurt og vatni í ílátin eftir því sem lækkar í þeim. En vegna hættu á að ílátin springi eða rifni í frostum er ekki gott að hafa þau full undir vetur. Að lokinni uppskerutíð er því betra að tæma ílátin, vökva þá gjarna leginum yfir gróðurbeðin og setja gumsið í moltuna.

Benjavalurt í blóma.

VÍS ÚTBOÐ

McHale Fusion 3 rúllubindisamstæða

Tækið er staðsett í Þjónustumiðstöð VÍS við Smiðshöfða 3 í Reykjavík og er þar til sýnis milli kl. 8.30 og 16.30 virka daga.

Útboð stendur til kl. 13 þann 25. júlí 2016.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboðum skal skilað á útboðsvef VÍS
utbod.vis.is

DRÁTTARVÉLAR Á FERÐ

Flest dráttarvélaslys á vegum úti verða þegar vél mætir öðru ökutæki eða keyrir út af. Gætið að því að fara ekki of nærri lausum vegköntum og hagið akstri eftir aðstæðum.

Hvað getur þú gert til að auka öryggi í umferðinni?

Notaðu speglana og fylgstu með umferðinni á eftir þér.

Notaðu stefnuljós.

Er ljósabúnaður í lagi?

Sjáðu til þess að stefnu- og bremsuljós sjáist vel.

Ekki gleyma að slökkva á vinnuljósum á vegum úti.

Aktu með varúð.

Forðastu hraðar beygjur.

Forðist akstur dráttarvéla á vegum þegar umferðarþunginn er mikill.

Stillið hraða miðað við farm og bremsueiginleika dráttarvélarinnar.

Akið með ámoksturstæki í lágri stöðu, um 20-30 cm frá jörðu, og gætið þess að þau hindri ekki útsýni úr vélarhúsi.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

PÖRT hönnun

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

MULTIONE®

Klettur kynnir með stolti nýtt tæki úr MultiOne SD línunni

Í nýjasta afbrigði **MultiOne** situr stjórnandinn á **aftari hluta** vélarinnar, sem er gríðarlega **sveigjanleg** og lipur þegar pláss er af skornum skammti. Þessi fyrirferðarlitla vél lyftir rúmlega sinni **eigin þyngd** en lyftigeta er frá 1200-2650 kg. – **geri aðrir betur.**

Með tilkomu MultiOne SD eru möguleikarnir enn fleiri þegar velja á tæki við hæfi, hvað varðar staðsetningu stjórnanda á tækinu. Hjá Kletti færðu lausnir fyrir allar aðstæður.

Hafðu samband við sölumenn í síma **590 5156** og kynntu þér möguleika þessara þægilegu og fjölhæfu véla.

KLETTUR Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100

KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA

ÁRNASYNIR

Bækur

Fjallgöngur á Gjögraskaga

Út er komin glæsileg bók undir nafninu **Fjöllin í Grýtubakkahreppi.** Höfundur er Hermann Gunnar Jónsson, sjómaður á Grenivík, en Bókaútgáfan Hólar er útgefandi. Þetta er föngulegt rit þar sem lýst er ferðum Hermanns á nánast alla fjallatinda og fjallaskörð á Gjögraskaga. Hermann hefur með þessu ritverki opnað fyrir mönnum bæði stórgerða og smágerða fegurð óbyggðanna austan Eyjafjarðar og vestan Flateyjardals. Þessu hlutverki gegna ekki síst 259 fallegar og vel valdar ljósmyndir. Efni bókarinnar er tvískipt. Annars vegar lýsir Hermann fjallaverkefni sínu er hann í landlegum hóf að ferðast um fjöllin í heimabyggð sinni. Þetta er eins konar dagbók um ferðir Hermanns síðastliðin ár. Hins vegar eru nákvæmar gönguleiðalýsingar á fjöllin á svæðinu, oft aðrar leiðir en þær sem lýst er í fjallaverkefninu. Öllum þessum landlýsingum fylgja mjög góð landakort með örnefnum og einnig GPS-upplýsingar um vegalengd og hækkun leiðanna.

Texti Hermanns er lipur og fellur vel að myndum og kortum. Hann hefur með þessu ritverki skipað sér í raðir eyfirskra rithöfunda. Það er merkilegt að fylgjast með því hvernig sjómaðurinn stígur á land og hoppar síðan á hæstu fjallatoppana. Maður hefði fremur búist við að hann héldi sig við ströndina og láglendið, en Hermann hefur greinilega viljað takast á við erfiðara og meira ögrandi verkefni og hann leitaði upp brekkurnar til fjalla. Sjómaðurinn

Séð niður í Afvik, Hóls- og Bakkadal allt til Þorgeirsfjarðar af vesturtindi Dýjahnjúks. Mynd / Bjarni E. Guðleifsson

Hermann Gunnar frá Hvarfi í Bárðardal breytist þá í landkönnuð og rithöfund. Þetta minnir á það er verkamaðurinn Tryggvi Emilsson á áttræðisaldri lagði frá sér hakann og skófluna, skrifaði æviminningar og varð skyndilega eftirtektarverður rithöfundur. Á sama hátt afklæðist Hermann á besta aldri sjóklæðunum, reimar á sig gönguskóna, setur upp bakpokann, hverfur til fjalla og breytist í landkönnuð og rithöfund.

Við Hermann þekkjum vel þá gleðitilfinningu sem það getur veitt manni að standa á tindinum og horfa yfir fegurð landsins til allra átta. Oft hugsar maður til þess með eftirsjá að maður sé líklega einn að njóta stórkostlegrar fegurðar margra ferkílómetra – fleiri mættu vera á fjöllum og njóta fegurðarinnar. Reyndar kemur í ljós við lestur bókarinnar að Hermann hefur verið einn í flestum ferðunum sem hann lýsir. Það er kannski ekki til fyrirmyndar, en hefur sem betur fer gengið slysalaust

Þessa bók þurfa allir íbúar Grýtubakkahrepps að eignast eða glugga í. Hún á reyndar erindi við miklu fleiri en íbúa þess svæðis vegna þess að lýsingarnar gagnast ekki síður aðkomumönnum sem eru ókunnugir svæðinu og vilja skoða landið gangandi, og þeim fer ört fjölgandi. Við væntum þess að Hermann láti ekki staðar numið hér heldur skrifi meira um fjöll og firnindi af sömu frásagnargleði, einlægni og áhuga og hann hefur gert í þessari nýútkomnu bók.

Hermann Gunnar og Bókaútgáfan Hólar: Til hamingju með fallegt bókverk.

/ Bjarni E. Guðleifsson

Ný bók að vestan fyrir erlenda ferðamenn:

Hvernig eiga erlendir gestir að haga sér á Íslandi?

Ný bók á ensku eftir séra Vigfús Ingvar Ingvarsson á Egilsstöðum, er komin út hjá Vestfirska forlaginu. Nefnist hún Travelling Safely in Iceland - Hearing the Land Speak. Í henni er margvíslegur fróðleikur fyrir erlent ferðafólk. Áhersla er lögð á sérstöðu Íslands sem ferðamannalands og þær áskoranir sem fylgja því að ferðast um landið – breytileg og stundum óblíð veðrátta, vegakerfi af misjöfnu tagi og ýmsar hættur og hindranir. Mörg alvarleg slys á erlendum ferðamönnum hérlendis tengjast einmitt ókunnugleika á aðstæðum. Höfundur hefur nokkuð fengist við leiðsögn erlendra ferðamanna og gert sér far um að tala við þá og heyra sjónarmið þeirra



Hrífandi náttúra Íslands er kynnt og leiðbeint er um umgengni við hana og grein gerð fyrir nokkrum sérkennum íslenskrar menningar og mannlífs. Í lokakaflanum er svo fjallað um íslenskt mál. Þar eru allmörg orð eða orðstofnar sem koma oft fyrir í örnefnum, útskýrð í máli og myndum. Dæmi: Lækjargata. Hvers vegna ber gatan það nafn? Þá er fjallað um ýmis skilti við veginn.

Auk margvíslegra hagnýtra upplýsinga fyrir ferðafólk er í bókinni leitast við að fræða um tengsl náttúru, þjóðar og tungu hérlendis. Gamansamar og lýsandi teikningar eftir Ómar Smára Kristinsson greiða efninu leið til lesenda.

Í stuttu máli: Hvernig eiga erlendir gestir að haga sér á Íslandi? Hagnýt ráð og leiðbeiningar á einu bretti. Bók sem líklega á sér ekki hliðstæðu á íslenskum bókamarkaði í dag. Í henni er að finna í samþjöppuðu formi nánast allt sem erlendur ferðamaður þarf að vita um Ísland áður en hann leggur land undir fót.

Hér er ekki fjallað um peninga. Né hvernig á að græða sem mest á ferðamönnunum. Sennilega hefðu margir Íslendingar einnig gott af að kynna sér þessa handhægu bók.

Veröld í vanda

Umræða um umhverfismál á breiðum grunni sem höfðar til almennings hér á landi hefur aldrei náð að verða kröftug og því full ástæða til að fagna hverju nýju blómi sem þar springur út. Á enga held ég sé hallað þó að tvö nöfn séu nefnd sem merkisberar þessarar umræðu hérlendis. Hjörleifur Guttormsson á ritvellinum og Stefán Gíslason í útvarpi.

Fyrir áratug hóf Bókmenntafélagið útgáfu á sérstökum bókaflokki um þessi mál. Þessi útgáfa hefur verið undir styrkri stjórn Trausta Jónssonar veðurfræðings. Í ársbyrjun voru komnar út fjórar bækur í þessum bókaflokki, hver annarri meiri úrvalsrit.

Nú í sumarbyrjun kom síðan fimmta bókin út. Heitir hún Veröld í vanda og er höfundurinn Ari Trausti Guðmundsson. Bókin er allumfangsmikil, fast að 300 síður. Um þessa bók er ætlun mín að fara örfáum orðum hér á eftir.

Endurvakið bókarform

Ari segist með þessari bók gera tilraun til að vekja nýtt bókarform hér á landi, umræðubækur (debattböker). Þetta bókarform á sér hins vegar áratuga sögu á Norðurlöndunum og hefur slík bókaútgáfa og umræður í kjölfar þeirra oft haft talsvert mótandi áhrif á þjóðfélagsumræðu í þessum löndum. Mögulega hafa slíkar bækur ekki náð lestri hér vegna þess að Íslendingum er tamast að taka flestar stærri ákvarðanir sínar með hundasundsaðferðum en ekki grunnskoðun málanna. Frá tíma okkar Ara og Trausta í Noregi um og uppúr 1970 þegar slík bókaútgáfa blómstraði þar mjög má minna á bækur Georg Borgström, umhverfis- og heimspekirit Arne Næs og MIT skýrsluna svo aðeins séu nefnd rit sem varanlega mótuðu upphaf víðtækrar umhverfisumræðu þar í landi. Tækist að koma á slíkri bókaútgáfu hérlendis yrði það veruleg þjóðarbót.

Umhverfisumræða í víðu samhengi

Í bókinni fer Ari mjög vítt um völl. Víkur nánast að umhverfisumræðu á flestum sviðum þjóðfélagsins. Hann skrifar þarna mjög læsilegan stíl og skilur lesendur eftir með óteljandi umhugsunarefni að lestri loknum. Að mínu viti er efnismeðferðin hins vegar alltof breytileg. Þegar verst lætur fæ ég grun um að hann hafi gert lítið meira en hresst upp á eitthvert gamalt handrit að sjónvarpsþætti sem hann hefur áður flutt en ekki tímt að henda. Á miklu fleiri stöðum er umfjöllun hins vegar mjög skipuleg og Ari miðlar gríðarlega mikilli þekkingu til lesenda. Í heild þykja mér efnistökin í fyrri hluta bókarinnar snöggtum lakari en í síðari hlutanum þar sem Ari nær víða frábærum sprettum að mínu viti. Ástæða er til að taka fram að ég tel mig þekkja það til Ara og fyrri skrifa hans og veit að þegar honum tekst best upp fara fæstir í fötin hans í þeim efnum. Með það í huga er þetta skrifað. Vonbrigðin með kafla þar sem ég veit að hann hefði getað gert miklu betur verða því talsverð.

Landbúnaður og sjávarútvegur

Af fjórtán köflum bókarinnar helgar hann hvor sinn kaflann landbúnaði og sjávarútvegi. Að mínu viti hefði hann betur látið það ógert. Það er vegna þess að báðar þessar greinar byggja á samspili manns og náttúru. Að geta gefið nokkurt réttmætt yfirlit um umhverfismál í tengslum við þessar umfangsmiklu greinar getur því aldrei orðið nema kák með örstuttum greinum. Til þess þyrfti fólk sem hefði óvanalega yfirsýn, yfirsýn sem Ara greinilega vantar að hluta. Vegna mjög takmarkaðrar umræðu um umhverfismálin í tengslum við þessar undirstöðugreinar er mér til efst að nokkur einn einstaklingur hérlendis búi yfir slíkri þekkingu. Henni verður aðeins komið á svið með samvinnu fleiri aðila.



Umhverfismál eru í brennidepli í nýrri bók Ara Trausta Guðmundssonar.

Það sem til viðbótar hefur til þessa háð því hvað mest að slík umræða þróaðist hér á landi er sú árátta alltof margra mikilla sérfræðinga á ákveðnum þröngum sviðum innan þessara greina að fara að fimbulfamba og ályktа langt út fyrir sitt sérsvið um efni innan greinanna sem þeir oftast upplýsa um leið að þeir hafa mjög takmarkaða þekkingu á. Frá þessum óvana verða menn að vinna sig til að umræða geti skilað árangri.

Loftslagsmál og fólksfjölgun

Þó að Ari fari vítt um völl í þessari bók sinni eru viss meginatriði sem mér finnst hann horfa nánast alveg framhjá eða skauta létt yfir áhrifin af. Þarna á ég við annars vegar loftslagsmálin og hins vegar fólksfjölgunarvandamálin. Það er áreiðanlegt að við þurfum ekki að lifa nema rúman áratug enn þar til loftslagsmálin verða orðin hinn ráðandi málaflokkur heimsumræðunnar. Að horfa nánast alveg fram hjá því hve fólksfjölgunarvandamálið er enn stór þáttur á mörgum heimssvæðum er viss barnaskapur. Þessir tveir þættir í sameiningu munu innan áratugar leiða af sér flóttamannastrauma þar sem þeir sem valdið hafa víða áhyggjum á síðustu misserum eru barnaleikir í samanburði það sem þá verður. Munum það að flest umhverfisvandamálin þekkja ekki landamæri. Að ræða landbúnaðar- og sjávarútvegsmál án tengsla við áhrif þessara tveggja þátta saman er ofureinföldun. Fæðuöflun mannkyns á næstu áratugum er ekki horfið vandamál, það er mikill misskilningur.

Eitt af því sem Ari gerir nokkuð af er að skýra hið tiltölulega flókna ákvarðatökuferli sem Íslendingum hefur tekist að byggja upp í mörgum málaflokkum sem tengjast umhverfismálum þó að dugnaðinn til að vinna að sama skapi að slíkum málunum skorti yfirleitt alltaf. Nú játa ég mig vanvita í slíkum stofnanaflækjum. Það vakti því mikla undrun að sjá Ara ræða um RALA á síðu 72 í bókinni. Stofnun sem borin var til grafar fyrir meira en áratug. Vonandi er þetta undantekning því að nokkuð dregur það úr gildi upplýsinganna sem hann telur sig þarna draga saman sé mikið um hliðstæðar villur. Vanþekking mín á stofnanauppbyggingu kerfisins gerir mig vanhæfan um að meta það.

Nokkrar misráðnar nýjungar

Í bókinni eru nokkrar nýjungar hjá Ara sem gera bókina frábrugðna mörgum öðrum bókum. Ljóðakveðskap sínum dreifir hann á milli bókarkafla og gefur það bókinni ferskan blæ því að margt af því sem Ari gerir á því sviði er lipurlega gert þó að vegurinn til Nóbelsverðlauna á því sviði sé áreiðanlega langur.

Önnur nýbreytni er að hann kallar ýmsa þekkta aðila víða að úr þjóðfélaginu til að bregðast við hverjum kafla bókarinnar. Þetta eru yfirleitt snotrir stílar á bilinu 1–2 síður og meirihluti þeirra frekar pappírssóun (aukinn umhverfisvandi) en að þeir bæti nokkru við bókina. Á því eru samt undantekningar. Sigrún Helgadóttir skrifar frábæran pistil eftir 11. kaflann og það á einnig við um pistil Guðmundar Halldórssonar eftir 6. kafla. Ástæða er líka til að benda lesendum á að lesa pistilinn á eftir 13. kafla til að sannreyna hverskonar nátttröllatrú er enn að finna á meðal hluta fjármálaspekúlanta hér á landi.

Ari nefnir einnig í formála að hann hafi ákveðið tvær nýjungar í þessari bók sinni, báðar að mínu viti jafn afkáralegar og skemma bókina umtalsvert að mínu viti.

Annað er það að birta engar töflur í bókinni. Allir sem lesið hafa eitthvað um þessi efni þekkja það að margoft þarf að bera saman eða skoða í samhengi margskonar niðurstöður mælinga og rannsókna. Yfirlit um slíkt er alla jafna langsamlega best að lesa í töflum. Slíkar upptalningarunur í bókartexta eru oftast langar og leiðinlegar og spilla honum oftar en ekki.

Hitt atriðið er að hann birtir engar skýringarmyndir með textanum. Hvar hann hefur fengið þessa fráleitu hugmynd væri fróðlegt að vita. Hinir stóru ferlar í náttúrunni eru mjög margir jafnvægis- eða hringferlar og þeir verða held ég flestum miklu skýrari á myndrænu formi en löngum texta.

Þó að eitt og annað hafi verið að bókinni fundið, sem er enn sárara að sjá í ljósi þess hvaða snillingur hélt um pennann, hlýt ég að hvetja alla lesendur til að lesa þessa bók. Að heildargæðum stenst hún ekki samanburðinn við fyrri bækur bókaflokksins. Hún er hins vegar stútfull af upplýsingum og spurningum. Þess vegna á hún að geta orðið frjósamur umræðugrunnur í þessum mikilvægasta málaflokki samtímans. Það mun það sem henni er öðru fremur ætlað.

/ Jón Viðar Jónmundsson

Lesendabás

Tölum af virðingu um landbúnaðinn og bændur

Mér fellur illa umræðan nú um landbúnaðinn okkar. Umræða sem nú spinnst útfrá fréttum um meint brot MS á samkeppnislögum. Ég ætla hér ekki að fjalla um þessi meintu brot MS, því ég tel að það sé rétt að við fáum fyrst að vita hvort einhver hafi eitthvað brotið af sér. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur áður fellt úr gildi ákvörðun samkeppniseftirlitsins, sem nú tekur nákvæmlega sama málið upp aftur.

Ég ætla hér ekki heldur að ræða fyrstu tilsvör forsvarsmanna MS, sem mér þykja þó afar vanhugsuð og óheppileg. Það sem mig langar að ræða er mikilvægi landbúnaðarins fyrir okkur neytendur, fólkið í landinu, og hvers vegna við eigum að fylkja okkur saman og standa vörð um þessa atvinnugrein.

Landbúnaðurinn og innlenda matvælaframleiðslan eru okkur svo gríðarlega mikilvæg. Þessi grein er líka stunduð af strangheiðarlegu fólki, bændum landsins, og því margt afar vanhugsað og ósanngjarnt sem maður les nú á samfélagsmiðlum.

Við sem þjóð eigum að sjálfsögðu eins og allar aðrar þjóðir að hafa í forgang að tryggja okkar innlendu matvælaframleiðslu. Tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og um leið að hafa stjórn á matvælaöryggi.

Þess utan er landbúnaðurinn forsenda byggðar á mjög stórum svæðum landsins. Landbúnaðarvörurnar okkar eru líka hollari og af meiri gæðum en gengur og gerist víðast hvar annars staðar. Landbúnaðurinn kemur einnig víða við í samfélaginu okkar. Þannig er hann t.d. ein af grunnforsendum þess að við getum stundað ferðamennsku með þeim hætti sem nú er gert.

Matvælaverð með því lægsta sem finnst í okkar vestræna heimi

Íslensk frameidd matvæli eru ekki einusinni dýr. Matvælaverð á Íslandi er með því lægsta sem finnst í okkar vestræna heimi þegar verðlag er skoðað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fólks. Og ef við skoðum það af skynsemi þá liggur þar einmitt hundurinn grafinn. Við getum ekki leyft okkur að hlaupa til og flytja inn vörur frá öðrum löndum þótt þær séu einhvers staðar ódýrari þá og þá stundina. Matvörur sem eru undirverðlagðar eða stórlega niðurgreiddar í því landi á þeim tíma. Matvörur sem framleiddar eru af fólki sem fær bara brot af þeim launum sem Íslendingar fá fyrir að vinna slíka vinnu. Ef við hlaupum eftir slíku þá lifir engin framleiðsla hér til lengdar og er löngu komin á hausinn þegar við svo virkilega þurfum á henni að halda. Svona hentistefna sæmir ekki siðmenntaðri þjóð.

Hvað gengur versluninni til?

Matvöruverslunin í landinu er sá aðili sem mest elur á þessari skoðun, þ. e. að lækka megi matarverð hér með innflutningi. Sú er bara alls ekki raunin og eru margar ástæður fyrir því. Versluninni gengur það eitt til að ná stjórn á þessum völuflokkum þannig að hún sé í stöðu til að ráða álagningunni og geta aukið sína afkomu. Ef það sem forsvarsmenn verslunar segja væri satt þá ætti vöruverð hér á fötum, skóm og ýmsum öðrum varningi að vera miklu lægra en það er í dag. Það hefur nefnilega aldrei verið sett nein hagræðingarkrafa á verslunina eða opinber verðlagning á innfluttar vörur.

Stuðningur við neytendur

Stuðningur við íslenskan landbúnað er stuðningur við neytendur. Þeir sem þekkja til vita að tilkoma stuðnings við landbúnaðinn er í raun stuðningur við neytendur. Lækkað verð á nauðsynjavörum sem komið var á til að bæta hag þeirra tekjulægri. Þeir sem það vilja vita, vita líka að landbúnaðurinn skilar samfélaginu til baka margfaldri þeirri upphæð sem í dag rennur til landbúnaðarins í formi beingreiðslna.

Hagkvæmari mjólkurvinnsla og lægra verð til neytenda

Það er heldur ekki að ástæðulausu að búvörulög voru sett, lög sem heimila mjólkurvinnslufyrirtækjunum með verkaskiptingu og samvinnu, að vinna að hagsmunum bænda og neytenda. Ástæðan er afar einföld, með þessu móti má ná fram mun hagkvæmari mjólkurvinnslu og lægra verði til neytenda á hollum gæðavörum landbúnaðarins. Þessu hafa líka fylgt miklar kvaðir fyrir bændur þar sem greinin hefur verið undir opinberri verðlagningu allan þann tíma. Gegnum þá verðlagningu hefur verið tryggt mikið aðhald á greinina og stórar hagræðingarkröfur verið settar fram sem skilað hafa neytendum og bændum mjög miklu.

Hólmgeir Karlsson.

Leggjumst á sveif með bændum nú og tökum upplýsta umræðu um landbúnaðinn, gildi hans fyrir samfélagið og neytendur áður en við köstum okkur á þennan sleggjudómavagn sem tröllríður fjölmiðlum og samfélagsmiðlum.

Hólmgeir Karlsson,
framkvæmdastjóri Bústólpa

Vísindaskáldskapur Sveins Runólfssonar

Barátta bænda í Landbroti fyrir náttúrulegu rennsli vatns í læki og lindir hefur staðið yfir í áratugi. Eftir að aur og vatn barst nær þjóðveginum í kringum miðja síðustu öld hafa ríkisstofnanir reist varnargarða sem hindra náttúrulegt flæði Skaftár út á Eldhraunið í þeim tilgangi að vernda veg og mosa. Með þessari aðgerð hefur rennsli Skaftár út á Eldhraun verið skert sem leitt hefur af sér takmarkað rennsli þess vatns sem kemur undan hrauninu.

Í greininni „Hernaðinum gegn Eldhrauni verður að linna“ úr síðasta tölublaði Bændablaðsins fer Sveinn Runólfsson mikinn og staðhæfir margt um vatnaveitingar bænda í Landbroti út á Eldhraunið undanfarna áratugi. Gerir hann það án þess að færa fram rök, benda á skýrslur eða ályktanir máli sínu til stuðnings, þó hann segi að gögnin séu til. Kemur það spánskt fyrir sjónir að heiðursmaður sem setið hefur í virðulegu embætti landgræðslustjóra til áratuga skuli láta slíkt frá sér fara í virtum fréttamiðli.

Deilurnar um vatnsþurrð lindarlækja í Landbroti ná lengra aftur en elstu menn muna. Grenlækur og Tungulækur eru eldri en Eldhraunið sjálft. Er sú staðreynd óumdeilanleg, það sýna gömul kort og frásagnir skýrt. Skaftáin bar aur í Eldgjárhraunið og lækirnir runnu sinn veg. Skaftáreldahraunið rann yfir stórt landsvæði og enn runnu lækirnir. Þessir lækir sem lengst af hafa verð með merkari sjóbirtingsám á landinu. Þá eru bleikjustofnar þessa vatnasvæðis ein af grunnstoðum í íslensku bleikjueldi. Frá þessu landsvæði komu merkir menn í sögu rafvæðingar landsbyggðarinnar. Ber þar að nefna Bjarna í Hólmi, Sigfús á Geirlandi og Eirík í Svínadal. Bjarni í Hólmi átti fyrsta bíl sveitarinnar og fræg er sagan þegar hann raðaði honum saman part fyrir part niður við Skaftárós og ók honum heim að Hólmi. Þetta voru öflugir menn sem voru kappsamir og bráðgreindir. Þeir lærðu að nýta sér kosti og gæði íslenskrar náttúru þ.m.t. lindarlæki til virkjana til að færa bæjum í samfélaginu bæði birtu og yl. Lindarlæki sem þeir vissu að voru með tryggu vatnsrennsli sem hélst óbreytt allt þar til opinberir aðilar fóru að hefta náttúrulegt flæði Skaftár út á Eldhraunið. Það er því með öllu óskiljanlegt hvað Sveini gengur til með að ýja að því að þeir hafi staðið að virkjanaframkvæmdum við þurra árfarvegi í sinni eigin sveit.

Sveinn ber bændur í Landbroti þungum sökum um ólöglegt athæfi. Að þeir hafi farið inn í annarra manna land og breytt stefnu kvísla og ála til að eiga vatn á rafstöðvar sem þeir reistu við þurra læki. Sú gamla tugga sem hann rifjar upp: „Með lögum skal land byggja og ólögum eyða“ er góð og sönn. Við lifum í réttarríki og ætti endilega að kæra þessar „ólöglegu“ aðgerðir sem hann segir bændur hafa staðið í. Sveini tekst þó að opinbera að málaferlin eru á hendur stjórnsýslunni en ekki bændum og hafa aldrei verið. Þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið af eða skv. beiðni landeigenda, hafa alla tíð verið mótvægisaðgerðir við þeim vatnaveitingum sem ríkisstofnanir hafa staðið fyrir án mats á áhrifum þeirra og án samráðs við landeigendur sem sátu síðan eftir með skert vatnsrennsli.

Engar rannsóknir sýna tengingu vatnsmagns Árkvísla við lindarlækina?

Sveinn segir engar rannsóknir sýna tengingu vatnsmagns í Árkvíslum við lindarlækina. Staðreyndir sýna aftur á móti að fyrirstöðugarðar sem hefta vatn í Árkvíslar hafa veruleg áhrif á vatnsmagn lindarlækjanna í Landbroti. Fyrirstöðugarðarnir sem byggðir voru 1992 drógu fljótlega úr vatnsmagni lindarlækjanna, að Grenlæk meðtöldum, og fór svo að stórir kaflar þeirra stóðu á þurru árið 1998.

Samkvæmt greinargerð Orkustofnunar frá 1997 veitir títtnefndur garður í Árkvíslum 12 til 15 m3/s (u.þ.b 3 Elliðaár) frá hrauninu og í Skaftá aftur og rennur síðan framhjá Kirkjubæjarklaustri. Lækirnir voru þurrari en aurarnir í

Steinn Orri Erlendsson.

Eldhrauni sem birtast í martröðum landgræðslumanna. Það var ekki fyrr en þessi stífla, sem kallaður er flóðvarnargarður, var rofinn að lækirnir runnu á ný. Nú veit ég ekki hvort menn efist um að vatnið úr baðkarinu renni um niðurfallið þegar tappinn er tekinn. Ef svo er, skil ég að þessi tilraun vefjist fyrir þeim.

Í greinargerð Orkustofnunar frá 1997 segir orðrétt um garðinn við Brest.

„Árið 1992 var lokað fyrir þessa veitu að mestu, þar sem sumum þóttu rökin fyrir tilvist hennar og vatnsmagnið orka tvímælis. Greina má breytingar af völdum þeirra aðgerða á rennslissíritum. Eftir að hætt var að beina ánni út á lekasvæði hefur meðalrennsli Skaftár við Kirkjubæjarklaustur, sem var lengst af 35 til 38 m3/s aukist í 50 m3/s síðustu fjögur ár. Þetta þýðir að það hefur alltaf lekið mikið vatn út í hraunið, sennilega svipað og rann út um Brest.“

Aurburður til baga í lækjum?

Rök þeirra sem vilja hefta eða takmarka stórlega það vatn sem fellur úr Skaftá út á hraunið um Árkvíslar eru m.a. að jökulvatnið í Skaftá muni á endanum ná til lindarlækjanna sem koma undan hrauninu og rústa lífríkinu í þeim.

Það vita þeir sem kunnugir

Eldhraun í Vestur-Skaftafellssýslu. Mynd / TB

eru sjóbirtingnum í Skaftárhreppi að hann gerist vart stærri en í Kúðafljóti sem er jökulvatn og að sjóbirtingsstofninn hrundi í Eldvatninu eftir að „jökullinn“ var tekinn af því.

Á Suðurlandi eru stórar jökulár, Ölfusá og Þjórsá. Í þeim eru einna stærstu náttúrulegu laxastofnar landsins. Rétt austar eru lindárnar Eystri- og Ytri-Rangá, í þeim er lítið um náttúrulegan laxasporð og er þeim haldið uppi með seiðasleppingum. Þvert á móti hefur það vatn sem kemur ofan af Eldhrauni að sumri alltaf verið ríkt af snefilefnum, haldið uppi hitastigi Grenlækjar og Tungulækjar og skapað þá einstöku flóru og fánu sem í þeim er. Að taka „jökulinn“ af þessum lækjum er og verður glæpur gegn lífríki þeirra. Stíflugerð opinberra aðila frá 1992 hefur orðið til þess að bleikjustofninn er nánast útdauður. Urriðaveiði hefur dregist saman um tæp 90%. Það ástand sem nú er upp komið með þurrum árfarvegum og þá einkum hrygningarstöðvum á löngum köflum hefur að auki ófyrirsjáanlegar afleiðingar á lífríkið. Hvers eiga komandi kynslóðir að gjalda, Sveinn minn?

Ábyrgð bænda

Landeigendum ber siðferðisleg skylda til að standa vörð um þá náttúru sem er innan eignar þeirra. Það er ótækt að þeir þurfi að standa í eilífðar stappi við stjórnsýslu um að vatni skuli ekki veitt frá þeirra landi.

Það er hneisa að fyrrverandi stórlaxar í náttúruvernd skuli meta gamburmosa ofar auðugum vistkerfum. Mosa sem bændur eyða ekki, heldur náttúrulegt rennsli jökulvatns. Bændur eru ekki að leysa einn umhverfisvanda með því að bæta á annan. Því er bersýnilega öfugt farið.

Það er leiðinlegt að sjá hvernig fyrrverandi landgræðslustjóra tekst að afskræma niðurstöður greinargerða og sögu þessa máls og með því ómerka ritaðar heimildir fræðimanna. Vona ég að honum sjálfum farnist sú gæfa að hans óeigingjarna starf að hinum ýmsu málum, sem snerta þjóðina og ekki síst landsbyggðina alla, verði virt um ókomna tíð. Mál er svo sannarlega að linni.

Steinn Orri Erlendsson,
verkfræðinemi, Seglbúðum.

Fregnir úr Ólafsdal:

Ætla að byggja upp fyrir 400 milljónir króna í Ólafsdal

Framundan eru miklar framkvæmdir Minjaverndar við endurbyggingu flestra húsa sem voru í Ólafsdal á blómatíma Ólafsdalsskólans, í kringum 1900.

Þann 19. ágúst síðastliðinn var gengið frá samkomulagi á milli fjármálaráðuneytisins, Ólafsdalsfélagsins og Minjaverndar um þá endurreisn. Alls munu endurbyggðar 8–9 byggingar sem voru í Ólafsdal. Þar var fastmælum bundið að sögu staðarins og menningarminjum verði áfram gerð góð og aukin skil og mun Ólafsdalsfélagið gegna þar lykilhlutverki. Jafnframt verður frjálst aðgengi almennings tryggt, enda var Ólafsdalsskólinn þjóðskóli í þeim skilningi að þangað komu nemendur hvaðanæva að af landinu og áhrif hans voru mikil á landsvísu. Þær hugsjónir og trú á land og lýð sem endurspegluðust í allri starfsemi Ólafsdalsskólans eiga nú mikið erindi við íslensku þjóðina. Er stefnt að því að endurreisn Ólafsdals verði lokið fyrir 140 ára afmæli Ólafsdalsskólans árið 2020. Áætlaður kostnaður er um 400 milljónir króna. Ólafsdalsfélagið var stofnað í Ólafsdal í júní 2007. Félagið hefur fengið miklu áorkað með stuðningi fjölmargra aðila, auk mikillar sjálfboðavinnu félagsmanna.

Landmótun ehf. vinnur að deiliskipulagi á Ólafsdal fyrir Minjavernd vegna þeirrar uppbyggingar sem fram undan er á húsunum sem voru í Ólafsdal um 1900 og annarrar nýtingar. Þá er hafin fornleifaskráning á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Ólafsdal. Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands, hefur umsjón með skráningunni. Munu framkvæmdir fara í fullan gang á næsta ári. Þá er væntanleg skýrsla um ræktunarminjar í Ólafsdal sem unnin er af prófessor Bjarna Guðmundssyni og Ragnhildi Sigurðardóttur umhverfisfræðingi. Þá er nú haldið áfram með vinnu við fræðslustíg og kortlagningu gönguleiða út frá Ólafsdal o. fl. Til að tryggja heilsársstarfsemi í Ólafsdal og nýta þær fjárfestingar sem lagðar verða í staðinn er síðan mikilvægt að bæta veginn inn Ólafsdalshlíðina samhliða uppbyggingunni, um 6 km vegalengd.

Ólafsdalshátíð haldin 6. ágúst

Ólafsdalshátíðin verður haldin í níunda skipti 6. ágúst, í annað skipti á laugardegi. Aðaldagskráin verður frá kl. 13 til 17. Lína Langsokkur mætir á svæðið til að skemmta börnum á aldrinum 0–99 ára og Drengjakór Íslenska lýðveldisins tekur lagið. Guðrún Tryggvadóttir kynnir sýningu sína, „Dalablóð“, lífrænt vottað Ólafsdalsgrænmeti verður til sölu, glæsilegt Ólafsdalshappdrætti og vandaður handverks- og matarmarkaður. Ókeypis er inn á hátíðina að vanda og eru allir velkomnir að sögn skipuleggjenda. Dagskráin verður kynnt nánar á nýjum vef: www.olafsdalur.is og á www. facebook.com/Olafsdalur Opið er í Ólafsdal alla daga frá kl. 12 til 17 fram til 14. ágúst. Kaffi, vöfflur, Erpsstaðaís o.fl. í boði.

Umsjónarmenn í Ólafsdal 2016

Hjónin Elfa Stefánsdóttir og Haraldur Baldursson verða áfram staðarhaldarar fyrir Ólafsdalsfélagið í Ólafsdal í sumar en þau koma úr Hafnarfirði.

Sjálfboðaliðar í garðvinnu. Fjögur ár eru síðan Ólafsdalsgrænmetið fékk lífræna vottun frá vottunarstofunni Túni. Í vor fór vaskur hópur um 20 karla, kvenna og barna í Ólafsdal og setti niður í garðinn. Þar er meðal annars ræktað grænkál, blómkál, rauðkál, brokkólí, rófur og hnúðkál.
Myndir / Rögnvaldur Guðmundsson

Elfa var m.a. forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Öldunnar en er menntaður gönguleiðsögumaður frá Leiðsöguskólanum í Kópavogi. Haraldur er tæknifræðingur. Hafa má samband í síma 821 9931 og á elfa@hbt.is

Um 400 félagar

Félagar í Ólafsdalsfélaginu eru nú á fjórða hundrað, enda afar spennandi að eiga hlutdeild í ævintýrinu sem fram undan er. Þeir sem eru áhugasamir um að ganga í Ólafsdalsfélagið geta haft samband við Rögnvald Guðmundsson formann Ólafsdalsfélagsins rognvaldur@rrf.is eða í síma 693-2915. Þá má geta þess að ný heimasíða Ólafsdalsfélagsins er www. olafsdalur.is hefur nú verið opnuð.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Ráðunautur í jarðrækt

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í jarðræktarráðgjöf.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Þátttaka í ráðgjafateymi RML sem sinnir jarðræktarráðgjöf í landbúnaði.
- Vinna við almennar jarðræktar- og áburðarleiðbeiningar.
- Ráðgjöf í jarðvinnslu, framræslu og tækni.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. líkanagerð í excel

Menntunar og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking eða framhaldsmenntun á sviði jarðræktar og jarðvinnslu.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins **www.rml.is** þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri **klk@rml.is** og Berglind Ósk Óðinsdóttir **boo@rml.is** starfsmannastjóri.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Til sölu jörðin Gilsá í Breiðdalshreppi

Jörðin með ágætum húsakosti en á Gilsá hefur verið rekið fjárbú með um 370 fjár gæti verið fleira ef það hentar. Greiðslumark í sauðfé 310,8 ærgildi. Helstu byggingar eru íbúðarhús frá 1972 heildar stærð 244,7 m2, fjárhús með áburðarkjallara frá 1965, fjárhús með áburðarkjallara frá 1978, hlaða, véla og verkfærageymsla og hesthús. Landstærð er talin vera um 1600 hektarar og hluti af því fjalllendi. Tún sem nýtt eru í dag um 28 hektarar. Góður vélakostur. Jörðin nýtur hlunninda af Breiðdalsá um 2.7% einnig tekjur af leigu vatnsréttinda og hreindýraarðs alls um 1200 þúsund á ári. Sjá nánar á fasteignamidstodin.is

Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
magnus@fasteignamidstodin.is sími 550-3000 eða 892 6000

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Frá afhendingu viðurkenninga í Eyjafjarðarsveit, frá vinstri eru Ólafur Rúnar Ólafsson sveitarstjóri, Eggert Eggertsson, staðarhaldari að Laugarborg, Anna Guðmundsdóttir og Páll Ingvarsson á Reykhúsum ytri og þá Hákon Bjarki Harðarson, formaður umhverfisnefndar. Mynd af vef Eyjafjarðarsveitar

Umhverfisverðlaun Eyjafjarðarsveitar:

Reykhús ytri og Laugarborg hlutu viðurkenningar

Ábúendur að Reykhúsum ytri og staðarhaldari í Laugaborg tóku á móti umhverfisverðlaunum Eyjafjarðarsveitar fyrir tímabilið 2015 til 2017 nú nýverið. Umhverfisverðlaun Eyjafjarðarsveitar eru afhent annað hvert ár. Markmiðið er að sýna þakklæti fyrir lofsvert framtak til fegrunar umhverfisins og auka umhverfisvitund íbúa sveitarfélagsins.

Hákon Bjarki Harðarson, formaður umhverfisnefndar, afhenti verðlaunin en þau hlutu að þessu sinni Anna Guðmundsdóttir og Páli Ingvarsson á Reykhúsum ytri og hins vegar Laugarborg vegna framlags þeirra til umhverfismála og fegrunar umhverfis.

Rækta jólatré

Anna og Páll hafa í áranna rás látið skógrækt mjög til sín taka og hafa gengið vasklega fram á þeim vettvangi. Þau hafa aflað sér mikillar þekkingar á skógrækt, meðal annars með því að sækja fjölmörg námskeið. Þau hafa með margvíslegum hætti tekið þátt í starfi skógræktarfélaga auk þess að hafa kappkostað að gera skógarsvæðið í landi sínu aðgengilegt með grisjun og stígalagningu. Meðal áhugaverðustu verkefna þeirra þessi misserin er jólatrjárækt og má jafnvel gera ráð fyrir að skógrækt Reykhúsahjóna nái inn í stofur Eyfirðinga þegar á næstu jólum.

Einstök natni og metnaður

Eggert Eggertsson, staðarhaldari að Laugarborg, hefur undanfarin ár sýnt einstaka natni og metnað við fegrun og viðhald Laugarborgar svo tekið er eftir. Laugarborg er áberandi hús í sveitarfélaginu þar sem það stendur og mikilsvert fyrir umhverfið að sómi sé að byggingunni. Tónleikahald hefur löngum verið helsta hlutverk Laugarborgar, en nú hefur húsið í vaxandi mæli orðið eftirsóttara fyrir hvers kyns samkomur og veisluhöld, svo sem brúðkaup og fermingar og mikið um að vera í sumar hjá Eggerti. Ekki er um að efast að framlag hans er snar þáttur í betri nýtingu hússins. Því er umhverfisverðlaunum vel fyrir komið hjá Laugarborg.

Hér taka þau Guðlaugur G. Björnsson og Elsa Birna Bachman Björnsdóttir frá GB bílum við umhverfisverðlaununum en með þeim eru þær Eydís Indriðadóttir sveitarstjóri og Guðrún Elísa Gunnarsdóttir, starfsmaður Flóahrepps.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps 2016

Umhverfisverðlaun Flóahrepps fyrir árið 2016 voru afhent á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Þau fóru að þessu sinni til GB bíla og lögbýlisins Vatnsholts 3. „Við óskum verðlaunahöfum innilega til hamingju með þessa viðurkenningu og þökkum fulltrúum í atvinnu- og umhverfisnefnd sveitarfélagsins fyrir að halda utan um verkefnið og markvissa vinnu við kynningu á „Umhverfisátaki Flóahrepps“ sem nú hefur staðið yfir frá því haustið 2015. Umhverfisátakinu lauk formlega 12. júní, þegar nokkrir íbúar komu saman í Einbúa við snyrtingu og umhirðu svæðisins. Einbúi er einstaklega fallegur staður og tilvalinn til þess að skreppa á í nestis- og útsýnisferðum,“ segir Eydís Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

/MHH

Margrét Rögnvaldsdóttir, Vatnsholti 3, fékk umhverfisverðlaun Flóahrepps fyrir snyrtilegt lögbýli, hún er hér á myndinni með Guðrúnu Elísu og Kolbrúnu Skúladóttur, starfsmönnum á skrifstofu Flóahrepps.

ISE FISH FARM
-All Natural Icelandic-

Fiskeldi Austfjarða hf. óskar eftir að ráða starfsfólk til fiskeldisstarfa að starfsstöð félagsins á Djúpavogi. Störfin felast í vinnu við slátrun eldisfisks og almennri þjónustu við eldið sjálft. Um er að ræða áhugaverð framtíðarstörf fyrir ört vaxandi fyrirtæki. Jafnframt er óskað eftir að ráða menn með skipsstjórnarréttindi og/eða köfunarréttindi.

Áhugasamir einstaklingar hafi samband í gegnum tölvupóst tt@icefishfarm.com eða í síma 775-0502.

Fiskeldi Austfjarða hf.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Ráðgjafi í bútækni

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í bútækniráðgjöf.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Leiðandi starf á sviði bútækni innan RML.
- Vinna við uppbyggingu sérþekkingar á sviði bútækniráðgjafar í landbúnaði.
- Teikningar í CAD umhverfi á landbúnaðarbyggingum.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. vinna við gerð og þróun líkana í excel.

Menntunar og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á landbúnaðarbyggingum og tæknivæðingu þeirra.
- Reynsla eða þekking á teikningum í CAD umhverfi.
- Réttindi til að leggja fram aðal- og séruppddrætti er kostur en ekki skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins **www.rml.is** þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 12 ágúst. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri **klk@rml.is** og Berglind Ósk Óðinsdóttir **boo@rml.is** starfsmannastjóri.

PALMSE VAGNAR



Palmse rúlluvagn
Burðargeta: 12 tonn
Kr. 1.590.000.- án vsk.

AFMÆLISTILBOÐ
Kr. 1.395.000.- án vsk.

Palmse PT150 sturtuvagn
13 tonna burðargeta. Takmarkað magn.

Palmse PT 700 malarvagn
Burðargeta 7 tonn
Kr. 976,000,- án vsk.

Palmse PT5750 vélaflutningavagn
Burðargeta 16 tonn
kr. 1.980.000.- án vsk.

Búvís 2006-2016 · 10 ÁRA
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvis.is

Milwaukee · RYOBI · GEDORE

VERKFÆRA SALAN

TELWIN · Ingersoll Rand · brennenstuhl

Frábær verð!

Wera
Verð 2.990
WERA Skrúfjárnasett 6 stk
Mínus skrúfjárn frá 3.0 - 6.5mm og plús PH1 pg PH2.
WERA 031280

BATO ProfTool
Verð 19.490
Topplyklasett 171stk
Vandað topplyklasett frá BATO með skröllum í stærðum 1/2", 3/8" og 1/4". Fjöldi hluta er 171 stk.
BT 1171

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - 560-8888 - www.vfs.is

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Land Rover Discovery Sport. Myndir / HLJ

Stórir hliðarspeglar sýna vel afturfyrir bílinn.

Lágur dekkjaprófíll.

Framsætin halda vel við bakið.

Land Rover Discovery Sport:

Lúxus-jepplingur sem hentar vel til ferðalaga

Mörgum er eftirsjá í gamla Land Rover, vinsæla jeppanum sem hætt var að framleiða á síðasta ári. Merki Land Rover hefur hins vegar fengið framhaldslíf með meiri lúxusbílum. Fyrir nokkru prófaði ég Discovery Sport sem er að mínu mati meira jepplingur en jeppi vegna þess hversu felgurnar eru stórar og „prófíll“ dekkja er lítill og þar af leiðandi með litla fjöðrun sem jeppadekk.

Kraftmikill með níu þrepa sjálfskiptingu

Strax og sest er inn í bílinn finnur maður fyrir þægindum alls staðar, sætið fellur vel að líkamanum og heldur vel við bak, fótapláss er gott, veghljóð og vélahljóð er lítið inni í bílnum. Öllum stjórntækjum og tökkum sem bílstjóri notar er haganlega komið fyrir á stöðum þar sem gott er að ná til þeirra. Bakkmyndavél er mjög skýr og sýnir vel aftur fyrir bíl (hægt er að vera með kveikt á henni í akstri sem er ekki á mörgum öðrum bílum). 150 hestafla vélin skilar góðri snerpu, er hljóðlítil og togar vel í bröttum brekkum enda er tog vélarinnar 380 Nm á 1.750 snúningum á mínútu. Sjálfskiptingin er níu þrepa og finnur maður nánast aldrei þegar bíllinn skiptir sér, hvorki upp né niður.

Eyðsla góð miðað við kraft vélar

Í prufuakstrinum ók ég holóttan malarveg og er ekki hægt annað en að hrósa fjöðruninni. Hins vegar er belgurinn á dekkjunum full lágur (oftast nefndur á bílamáli: „prófíll“). Hægt er hins vegar að fá Land Rover Discovery Sport afhentan á 17 tommu felgum sem gefur möguleika á hærri og belgmeiri dekkjum í stað 18 tommu felgna sem var undir bílnum sem ég prófaði. Með 17 tommu felgunum er bíllinn 250.000 kr. ódýrari og kosturinn er betri fjöðrun í vegslóðum og á möl. Jeppinn er fyrir vikið með aðeins svagari fjöðrun og aksturseiginleika á bundnu slitlagi. Uppgefin meðaleyðsla samkvæmt sölubæklingi er 5,3 lítrar í blönduðum akstri. Nánast aldrei hefur mér tekist að komast nálægt uppgefinni eyðslu, en á þessum rúmu 200 km sem ég ók bílnum var meðaleyðsla mín 7,6 lítrar á hundraðið sem er að mínu mati mjög ásættanleg eyðsla þar sem mér leiddist ekkert að gefa bílnum vel inn í tíma og ótíma til að finna góðan kraftinn.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.775 kg
Hæð	1.724 mm
Breidd	2.069 mm
Lengd	4.599 mm

Gott pláss í farangursrými

Ef farið er yfir gott og slæmt þá er lítið slæmt að mínu mati fyrir utan 18 tommu felgurnar. Hins vegar var varadekkið í þessum bíl það sem ég kalla „aumingja“ þrátt fyrir að pláss sé fyrir fullbúið varadekk. Speglar á hliðum mjög góðir, hátt undir bílinn, en lægsti punktur er 21,2 cm. Í fyrsta sinn þegar ég hef verið að fletta upplýsingum um nýja bíla tók ég eftir að mesta vatnsdýpt sem bíllinn má fara í er 60 cm djúpt vatn (man ekki eftir að hafa rekið augun í þessar upplýsingar áður). Dráttarkúla kemur sem staðalbúnaður og er dráttargeta bílsins 2,2 tonn. Hiti er í framrúðu og stýri sem ætti að henta íslenskuWm vetraraðstæðum vel. Farangursrými er mjög gott og með einu handtaki leggur maður niður sætin til að auka það enn frekar. Hægt er að velja á milli 12 mismunandi lita á Land Rover Discovery Sport. Verðið á bílnum sem ég ók er 8.190.000 kr. en með því að taka bílinn á 17 tommu dekkjum og felgum lækkar hann um 250.000 krónum.

21,2 cm eru undir lægsta punkt. Sterkleg stálplata er undir vélinni.

Aftursætin eru góð, þægileg og fótapláss nægt.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Stofnsett 1958
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími 550 3000

Til sölu jarðirnar Stóra-Fjarðarhorn Kollafirði ásamt eyðijörðinni Þrúðardal í Strandabyggð.

Á jörðunum er rekið mjög myndarlegt fjárbú með góðum bústofni vélum og húsakosti. Öll uppbygging til fyrirmyndar. Landstærð rúmlega 1800 hektarar. Framleiðsluréttur í suðfé er um 580 ærgildi. Ær, geldingar og hrútar nú um 400. Nægur húsakostur til að fjölga fé umtalsvert. Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar sími 550-3000 /892-6000. Sjá einnig fasteignamidstodin.is.

Tilvísunarnúmer. 10-204

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

70% fólks á aldrinum 15–34 ára er virkt á vinnumarkaði:

Há slysatíðni hjá íslenskum ungmennum

Á heimasíðu Starfsgreinasambandsins frá því 12. apríl síðastliðinn má lesa frétt um nýútkomna samantekt um slys og slysahættu ungmenna á Norðurlöndunum. Skýrslan var unnin með styrk frá Norðurlandaráði en þar eru teknar saman upplýsingar frá Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Íslandi. Það er hins vegar einkennandi að ekki er til greinargóð tölfræði hér á landi um andleg vandamál tengd vinnu, hausverk, húðvandamál, álag á stoðkerfi og svo framvegis. Það er því knýjandi að vinna frekari rannsóknir hér á landi um aðbúnað og hollustuhætti ungs fólks á vinnumarkaði. Þátttaka ungs fólks hér á landi er mun meiri en í nágrannalöndunum, en 70% fólks á aldrinum 15–34 ára er virkt á vinnumarkaði hér á meðan hlutfallið er 42% í Svíþjóð.

Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandaþjóðanna

Við lestur samantektarinnar kemur í ljós að lítið er til af upplýsingum frá Íslandi um slys og slysahættu yngri kynslóðanna. Af því litla sem til er mátti m.a. lesa að næstum helmingi hærri slysatíðni er á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin. Íslensku ungmennin byrja almennt yngri í vinnu og vinna lengri vinnudag. Forvörnum er mjög ábótavant hér á landi en í samantektinni fær Finnland hrós fyrir góðan árangur. Það sem skiptir höfuðmáli í því samhengi er öryggiskennsla í finnskum skólum áður en þátttaka á vinnumarkaði hefst. Við lestur samantektarinnar er sláandi hversu lélegar upplýsingar eru frá Íslandi, en megnið af íslensku upplýsingunum er frá árinu 2007 þegar nýjar og uppfærðar upplýsingar eru frá hinum Norðurlöndunum. Nánar má lesa um samantektina á heimasíðu Starfsgreinasambandsins í frétt frá 12. apríl á vefsíðunni www. sgs.is.

Bréf frá Vinnueftirlitinu

Útdráttur úr bréfi sem Vinnueftirlitið sendi frá sér í vor til fyrirtækja sem málið varðar:

„Í skrá Vinnueftirlitsins fyrir árin 2010–2015 kemur fram að vinnuslys meðal ungs fólks eru algeng en á þessu tímabili voru 420 vinnuslys tilkynnt hjá 18 ára og yngri. Vinnueftirlitið vill því vekja athygli á reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga en hún nær til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Í reglugerðinni er fjallað ítarlega um hvaða störf mismunandi hópar mega vinna og ekki vinna þótt sú upptalning sé ekki tæmandi. Vakin er athygli



Sending SMS-skilaboða og akstur vinnuvéla fara ekki vel saman.

á að ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna með hættuleg tæki eða að hættulegum verkefnum, sbr. 10. gr. og viðauka. Í reglugerðinni er einnig fjallað um áhættumat, leiðbeiningar og kennslu, vinnutíma, kvöld- og næturvinnu og hvíldartíma. Hægt er að nálgast reglugerðina á heimasíðu Vinnueftirlitsins á vefsíðunni: www. vinnueftirlit.is.“

Út að leika og líkamsrækt í leiðinni

Í síðustu viku bauð Ellingsen mér að prófa kajak sem nefnist Triumph Angler á Hafravatni. Báturinn veitir nægt rými fyrir stangveiði án þess að missa sveigjanleika, lipurð og hraða. Hann er tilvalinn fyrir veiðiklær sem vilja samt ekki gefa neitt eftir í gæðum.

Stöðugur og gott að róa

Báturinn sem ég prófaði er ætlaður fyrir einn mann og eftir að hafa fengið lánaðan kajakfatnað og björgunarvesti var ekkert annað en að prófa. Veðrið var gott, nánast algjört logn. Þrátt fyrir nokkrar tilraunir við að rugga bátnum þurfti greinilega mikið til að hvolfa honum. Ef menn eru ákveðnir þá er það þó hægt! Það kom mér á óvart hversu fljótur ég var að ná töluverðri ferð á kajaknum þrátt fyrir að það séu nokkur ár síðan ég reri síðast. Gott pláss er fyrir veiðistöng í kajaknum og má maður hreyfa sig töluvert án þess að eiga á hættu að velta.

Kajakinn sem ég prófaði var án stýris og kostar þá 219.990 kr. Með stýri kostar hann 249.990 kr. Sjálfur mæli ég heldur með kajökum með stýri.

Nóg pláss fyrir afla fyrir aftan sætið.

Fljótur að ná góðum hraða.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	29 kg
Breidd	75 cm
Lengd	409 cm
Burðargeta	160 kg
Verð	249.990 kr. (með stýri)

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: H. ZELL (CC BY-SA 3.0)

42	HÆSTUR	GERVIEFNI	MORÐS	SPRIKL	MÝKJA	■	GOGG	RÓT	UM-TURNUN	GRIND
MAR-FLATUR										
FLUTTI						Á FLÍK / AUMA				
BERJA				VERKFÆRI / BÚA UM						
TINDAR / AÐGÆTIR							FORM / PRÝÐI-LEGUR			
■		HLAUP	SNIÐ-GANGA / TVEIR EINS			SLITNA / Í RÖÐ				FUGL
KVÍÐI					TÍK	VAG / STRITA			MÁLM-HÚÐA	FURÐA	
BEIN					ÞÖKK / BANDA-LAGS			BORÐANDI / BOGI			
TVEIR EINS			SNÍKJUDÝR / BERG-TEGUND				ÁGENGUR / ENDA-VEGGUR				
■		SKRÁ-SETJA / FERÐ				FOLD / GLATA					FEGRA
POTA				HALLMÆLA / VELTA				GORT / VIÐSKIPTI			
FÆGJA					STAGL / MJAKA				HVOFTUR	TVEIR EINS / MAKA	
BRASKA						ÞJAKA / SLÁ				UM-HVERFIS	
■		LUMBRA					MÁLUÐ				
HRÍNA				SKYLDIR			RÍKI Í MIÐ-AMERÍKU				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

41	SKÓLA-MEISTARI	FRÍ	HANGSA	SAMTÖK	■	MJÓG	SARG	DUNDA	YFIRRÁÐ	GLÓÐA
SÓL-HRINGUR	R	O	S	A	B	A	U	G	U	R
FUGL	E	R	L	A	UPPHEFÐ / KVEÐJA	F	R	A	M	I
KJAFI	K	L	Ó	HAND-LAGINN / FROÐA	H	A	G	U	R	S
ILLFÆR	T	O	R	F	Æ	R	FUM / SKRÁNING	F	Á	T
■	T	ÞARMAR	TVEIR EINS	HÆRRA ÞANGAÐ TIL	O	F	A	R	KRINGUM	LOKKA	L	A	Ð	A
GEIGUR	U	G	G	U	R	LEYFI	FLÓN / RYSKINGAR	A	U	L	I	KULNA	FISKA	TVEIR EINS
SAGA	S	Ö	G	N	FYRSTUR / BRJÁL	F	R	U	M	ÍLÁT / ÁTT	S	K	Á	L
GJALD-MIÐILL	K	R	FERÐ / BAUKA	S	K	R	I	Ð	SÆTI / FRÁ-DRÁTTUR	S	T	Ó	L	L
SÁR	U	N	D	FESTING / VESKI	L	Í	M	JAPLA / MATAR-ÍLÁT	M	A	U	L	A	ANGAR
■	D	UTANHÚSS / LABB	Ú	T	I	MÁNUÐUR	M	A	Í	ÓNEFNDUR / Á FÆTI	N	N	LÚKA	I
SÝNI	Ú	R	T	A	K	HÓFDÝR / LYKT	A	S	N	I	EINKAR / MJAKA	A	L	L
DJÖFSI	K	Ö	L	S	K	I	GUSTA / TVÍHLJÓÐI	K	U	L	A	HLJÓM / RÁS	Ó	M
ÚTUNGUN	K	L	A	K	ÓBUNDINN	L	A	U	S	BÆLA NIÐUR	K	Æ	F	A
SRÍÐNI	A	T	VESÆLL	A	R	M	U	R	PÁPI	F	A	Ð	I	R

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

Bærinn okkar

Skammidalur 1 og 2



Jóhann Pálmason og Lára Oddsteinsdóttir keyptu Skammadal 2 og 45 prósenta hlut af Skammadal 1 af þeim bræðrum Guðgeiri og Árna Sigurðssonum í júní árið 2014 og fluttu þangað í lok desember það sama ár. Með í kaupunum fylgdu 7 kýr og 14 ær. Fyrir áttu þau um 40 kindur og nokkur hross.

Býli: Skammidalur 1 og 2.

Staðsett í sveit: Í Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Ábúendur: Jóhann Pálmason og Lára Oddsteinsdóttir

Fjölskyldustærð og gæludýr: Saman eigum við synina Daða Stein, 8 ára og Andra Berg, 6 ára, fyrir átti Jóhann dótturina Hörpu Rún, 19 ára, sem býr á Suður-Fossi hér í sveit og Lára átti Þuríði Ingu, 18 ára og Sigurð Ásgrím, 15 ára, sem búa hér í Skammadal.

Hundurinn á bænum heitir Skotta

Stærð jarðar? Ræktað land tæpir 30 ha, óræktað mýrlendi um 70 ha, auk þess óskipt heiðarlendi.

Gerð bús? Nautgripir, sauðfé og ferðaþjónusta.

Fjöldi búfjár og tegundir? Í dag eru nautin tæplega 80, rúmlega 100 kindur, 9 hross, 10 hænuungar og 1 hundur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Gegningar alla daga í fjósi og fjárhúsi þegar féð er á gjöf. Ferðaþjónustan er svo í miklum uppgangi hér í Mýrdalnum og njótum við góðs af því, svo henni þarf að sinna því eftir því sem bókanir segja til um. Við vinnum svo af og til eitthvað utan bús.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Okkur finnst öll bústörf vera skemmtileg.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Svipað og í dag nema aðeins fleiri nautgripir, eftir að við höfum breytt fjósinu öllu í lausagöngu.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Fylgjumst lítið með þeim og getum þar af leiðandi litla skoðun haft á þeim.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Við teljum að honum muni vegna vel, ef passað verður áfram upp á heilnæmi og hreinleika afurða.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Meiri og markvissari markaðssetning á heilnæmum afurðum, bæði nauta- og sauðfjárafurðum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, ostur, ab-mjólk og smjör.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Sumir myndu vilja kjötsúpu í öll mál, aðrir pitsu, en húsbóndinn myndi aldrei velja fisk fengi hann matseðlinum ráðið.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Ætli það sé ekki þegar við slepptum fénu okkar á nýja heimahaga haustið 2014 og fyrstu nautkálfarnir komu í fjósið. Annars var allt árið 2014 eftirminnilegt, þráláti draumurinn um búsetu í sveit rættist loksins.

Fjölskyldan við fermingu Sigurðar Ásgríms árið 2015.

Íbúðarhúsið í Skammadal.

Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Plokkfiskur í skyrrúgbrauði og Omnom-súkkulaði á ítalskri matarhátíð

Laugardaginn 9. júlí síðastliðinn var matreiðsluhátíðin „Chef Portico 2016“ haldin í Portico di Romagna á Ítalíu. Heiðursgestur hátíðarinnar var Michelin-kokkurinn frá Malmö, Tweety Qvarnström. Sænski kokkurinn er eigandi Bloom í Park í Malmö, sem á síðasta ári eldaði meðal annars fyrir Nóbelsverðlaunahafa. Þrettán matreiðslumenn tóku þátt í hátíðinni og þar á meðal tveir frá Íslandi – undirritaður og Georg Arnar Halldórsson, yfirmatreiðslumaður á Kolabrautinni í Hörpu. Við kynntum klassíska íslenska rétti en settum þá í nýstárlegan búning. Íslenskri plokkfiskuppskrift var vel tekið ásamt súkkulaðirétti frá Omnom.

Kokkarnir komu víða að og elduðu undir sólhlífum

Fjöldi kokka víða að úr Evrópu eldaði undir sólhlífum fyrir gesti ásamt staðbundnum herrum, rekstraraðilum eina hótels og veitingahúss bæjarins, pabba Gianni Cameli og bræðrunum Massimilaino og Matteo.

Formúlan á hátíðinni var ekki breytt eftir áralanga hefð. Á Via Roma, aðalgötu Portico di Romagna, þar sem að jafnaði búa um 300 íbúar, eru sett borð fyrir 1.000 sælkeragesti sem vilja smakka alþjóðlega rétti í bland við klassíska rétti. Hver gestur velur, spjallar og skoðar uppskriftir og aðferðir og velur sér eins marga rétti og hann kýs. Gestirnir kaupa miða fyrir hvern rétt (€ 7.00 hver) og líka fyrir vínglösin (€ 3,00 og gestir fá flott glerglas með € 5,00 tryggingu). Skemmtileg hátíð sem íslensk sveitarfélög gætu tekið sér til fyrirmyndar.

Plokkfiskur vafinn í skyrrúgbrauð

Undirbúningstími: 10 mínútur
Eldunartími: 15 mínútur

- 500 g ýsa eða þorskur (eldaður)
- 500 g kartöflur (soðnar og skrældar)
- 1 hvítur laukur, fínt hakkaður
- 350 ml mjólk
- 55 g smjör
- 3 matskeiðar hveiti
- salt og svartur pipar
- 2 matskeiðar graslaukur eða aðrar ferskar kryddjurtir til skrauts

Aðferð

1) skinn- og beinlaus fiskurinn er soðinn og brotinn í flögur.

2) Skrælið og skerið niður kartöflur.

3) Sjóðið mjólkina hægt upp í potti.

4) Í öðrum potti bræðið smjör og eldið laukinn yfir miðlungs hita. Ekki leyfa honum að brúnast.

5) Stráið hveiti yfir laukinn, hrærið vel og eldið í 1–2 mínútur. Smám saman bætið við heitri mjólkinni og hrærið stöðugt. Látið malla í 3–4 mínútur, hrærið oft og vel á meðan.

6) Bætið í soðnum þorski eða ýsuflögum og hrærið rösklega til að brjóta upp fiskflögurnar. Kryddið með salti og mikið af svörtum pipar.

7) Bætið við kartöflum og hrærið varlega. Eldið yfir lágum hita þar til plokkfiskurinn er hitaður í gegn.

Sumir vilja baka plokkfiskinn í ofni (með viðbættum osti) eða rúlla honum upp eins og var gert á matarhátíðinni í Ítalíu. Þá er gott að leggja þunnskorið rúgbrauðið á plastfilmu eða smjörpappír og rúlla upp eins og burrito.

Soðið rúgbrauð með skyri

- 125 g rúgmjöl
- 70 g hveiti
- 80 g heilhveiti
- 250 ml skyr
- 160 ml síróp
- 1 tsk. matarsódi
- 1 tsk .salt

